# FRÉTTABLAÐIÐ

143. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 22. JÚNÍ 2019




## Framtíðin er þeirra

Sjálfboðastarf á Indlandi, Þjóðhátíð í Eyjum og fótbolti er meðal þess sem er á döfinni í sumar hjá fimm framhaldsskólanemum. Fréttablaðið skyggnist inn í líf efnilegra ungmenna sem dreymir um að hjálpa öðrum, mennta sig og stofna sín eigin fyrirtæki. → 18

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Áhersla á einfaldleikann

Rakel, Sonja og Elín endurnýta efni í sköpun sinni. → 16



## Frá þjóðhetju til spillts skúrks

Michel Platini var þjóðhetja í Frakklandi en er nú hluti af hinum spillta anga fótboltans. → 24



## Furðulegt mál

Bjarki Þór segir útilokað að Braggamálið gæti komið upp í Noregi. → 22


LÆGSTA VERÐIÐ Í ÖLLUM LANDSHLUTUM

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.

ORKAN

## Veður




Hæg norðlæg eða breytileg átt. Skúrir í flestum landshlutum, en úrkomulítið vestan til. Bjart að mestu sunnan- og vestanlands og þurrt að kalla. Hiti 7 til 17 stig, hlýjast á Suðurlandi. SJÁ SÍÐU 32

# Ákæra fyrir grófa hótun

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður hefur verið ákærður fyrir að hafa fyrir tæpu ári kastað brúsa með bensíni að íbúðarhúsi í Reykjavík til að valda konu, starfsmanni Tryggingastofnunar ríkisins, ótta og með því reyna að neyða hana til að leiðrétta og endurgreiða bótagreiðslur til hans.

Í ákærunni kemur fram að fyrr þann sama dag hafði maðurinn hótað ótilgreindum starfsmönnum stofnunarinnar líkamsmeiðingum.

Maðurinn er einnig ákærður fyrir valdstjórnarbrot vegna tveggja tölvupósta sem hann sendi á vinnunetfang sama nafngreinda starfsmanns Tryggingastofnunar í febrúar síðastliðnum. Í fyrri póstinum var orðsending til starfsmannsins um að hann þyrfti að heimsækja fjölskyldu hennar aftur auk óljósrar hótunar um að siga nafngreindum alþingismanni á hana í því skyni að nauðga henni.



**Bensínbrúsa var kastað að húsi.**

Í síðari póstinum sendur var degi síðar segir maðurinn að konan og dætur hennar eigi skilið að vera stungnar með skítugri sprautunál. Hann hati þær og viti hvar þær búi.

Þá er maðurinn einnig ákærður fyrir brot á fíkniefnalöggjöfinni og vopnalögum en við húsleit fundust 10 haglaskot í náttborði mannsins, sem hefur ekki skotvopnaleyfi.

Ákæran er gefin út af héraðssaksóknara. **– aá**

## Pussy Riot á Secret Solstice



**Femíníska pönkrokkhljómsveitin Pussy Riot frá Rússlandi kom fram á Secret Solstice-hátíðinni í gær. Fjöldi gesta lagði leið sína í Laugardalinn á fyrsta tónleikakvöldinu. Hátíðin er nú haldin í sjötta sinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá Secret Solstice er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðsappinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Útskrift 2.637 háskólanema

**SAMFÉLAG** Þær verða væntanlega nokkrar útskriftarveislurnar í dag þegar háskólar borgarinnar brautskrá 2.637 nemendur.

Alls verða 2.010 kandídatar brautskráðir frá Háskóla Íslands í tveimur athöfnum í Laugardalshöll. Klukkan tíu verða brautskráðir kandídatar í grunnnámi, það er BA-, B.Ed.- og BS-námi. Klukkan tvö verða svo brautskráðir þeir sem lokið hafa framhaldsnámi til prófgráðu, það er meistara- og kandídatsnámi.

Brautskráningarathöfn Háskólans í Reykjavík hefst í dag klukkan eitt og fer hún fram í Eldborgarsal Hörpu. Þá verða alls 627 kandídatar brautskráðir, 400 úr grunnnámi, 225 úr meistaranámi og tveir með doktorsgráðu.

Spáð er blíðskaparveðri í borginni í dag svo viðra ætti vel til veisluhalda. **– ds**






# 24 Íslendingar neitað að þiggja fálkaorðuna

**Síðastliðna þrjá áratugi hefur forseti Íslands sæmt um níu hundruð Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. Tuttugu og fjórir hafa hins vegar hafnað því að þiggja þetta æðsta heiðursmerki íslenska ríkisins.**



**Sextán einstaklingar voru heiðraðir með fálkaorðu 17. júní síðastliðinn.**

**SAMFÉLAG** „Oft gera menn það af stjórnmálaástæðum, sem þekkt er," segir Örnólfur Thorsson forsetaritari. Síðastliðin þrjátíu ár hefur forseti Íslands sæmt um 900 íslenska ríkisborgara heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. Tuttugu og fjórir einstaklingar hafa hafnað orðunni á því tímabili.

Sextán einstaklingar voru sæmdir fálkaorðunni síðastliðinn mánudag, þjóðarhátíðardaginn 17. júní, en sem kunnugt er má sæma innlenda og erlenda einstaklinga orðunni fyrir vel unnin störf í þágu þjóðarinnar, einstakra þjóðfélagshópa eða landshluta, eða í þágu mikilvægra og góðra málefna á Íslandi eða á alþjóðavettvangi. Um er að ræða æðsta heiðursmerki sem íslenska ríkið veitir mönnum.

Athygli vekur því að á þriðja tug einstaklinga hafi neitað að taka við orðunni. Örnólfur segir aðspurður að það sé virkilega sjaldgæft en söguleg a oft gert af stjórnmálaástæðum.

„Jafnaðarmenn voru lengi með það á sinni stefnuskrá að hafna þessu. Þess vegna þiggja jafnaðarmenn í Svíþjóð til dæmis ekki orður."



Aðspurður kveðst Örnólfur, sem einnig er orðuritari orðunefndar, ekki geta veitt Fréttablaðinu upplýsingar um hverjir það séu sem síðastliðna áratugi hafi hafnað að veita orðunni viðtöku.

> **Jafnaðarmenn voru lengi með það á sinni stefnuskrá að hafna þessu.**
>
> Örnólfur Thorsson, forsetaritari



„Slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir og ég er ekki reiðubúinn að veita þær. Þetta er einkamál hvers og eins og þetta varðar persónuvernd fólks."

Aðspurður hvort dæmi séu um að fólk hafi hafnað fálkaorðu nýverið segir Örnólfur, sem hefur verið viðloðandi orðunefndina frá 2005, mjög lítið um það og raunar afar sjaldgæft. Aðspurður hvenær mest hafi verið um að menn höfnuðu fálkaorðu kveðst hann ekki hafa þær upplýsingar.

„Allavega ekki á síðustu 10-15 árum."

Stofnað var til fálkaorðunnar árið 1921 þegar Kristján konungur X. og Alexandrine drottning heimsóttu Ísland. Sumarið 1921 var gefið út konungsbréf um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu, undirritað í Reykjavík 3. júlí það ár.

Fálkinn vísar til þess að fálkar voru taldir glæsileg gjöf til tignarmanna á fyrri öldum og voru lengi útflutningsvara frá Íslandi, auk þess sem fálki var uppistaðan í skjaldarmerki Íslands á árunum 1903-1919, samkvæmt upplýsingum af vef forsetaembættisins.

mikael@frettabladid.is







FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sólarstemning á Secret Solstice

Tónlistarhátíðin Secret Solstice hófst í gær við mikinn fögnuð gesta. Hátíðin er nú haldin í sjötta sinn og munu ríflega 130 tónlistarmenn og -konur koma þar fram. Mikill fjöldi sækir hátíðina á hverju ári og virðist ekki vera breyting þar á í ár. Mikil stemning var í Laugardalnum í gær í blíðskaparveðri.






HÚSASMIÐJAN

blómaval

**Sjáðu**
Húsasmiðjublaðið
á husa.is




Tré og runnar **-20-50%** • Pallaolía **-20%** • ALKO sláttuvélar **-20%**
Texas sláttuvélar **-25%** • Claber garðvörur **-25%** • Fiskars garðvörur **-20%**
Nilfisk háþrýstidælur **-20%30%** • Reiðhjól **-20%** • LADY innimálning **-25%**
Avasco hillurekkar **-20%** • Jumbo tröppur og stigar **-20%** • Útipottar **-20%**
Gerviblóm **-20%** • Garðáburður **-20%** • Grasfræ **-20%** • Mosaeyðir **-20%**
Garðhúsgögn **-20%** ... auk hundruðir annarra sumartilboða

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



**40%** afsláttur
Margarita
**1.190kr**
~~1.990kr~~



**50%** afsláttur
Sýpris
**999kr**
~~1.990kr~~



**44%** afsláttur
Sólboði
**990kr**
~~1.790kr~~



Stjúpur 10 stk.
**990kr**



**26%** afsláttur
**33.995kr**
~~45.995kr~~
**Bensínsláttuvél Razor 4610**
139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðarstillingar, eitt handtak, 65 ltr. safnari.
5085301



Saman í setti með rafhlöðu, engin snúra!
**26%** afsláttur
**16.995kr**
~~22.995kr~~
**Hekkklippur og orf með rafhlöðu**
50 cm lengd á hekkklippum, klippigeta allt að 15 mm. Orf með 25 cm sláttubreidd, stillanlegt skaft og 18V 1.5Ah rafhlaða og hleðslutæki fylgir.
5083640



Broil King
**49.990kr**
~~61.990kr~~
**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000317




**Pallaolía**
**20%**
**afsláttur**
af Jotun pallaolíu

**TÖLUR VIKUNNAR** 16.06.2019 TIL 22.06.2019

**75**
ára afmæli stofnunar lýðveldisins Íslands var fagnað á mánudag, þann 17. júní. Af því tilefni var boðið upp á 75 metra langa tertu við Hljómskálagarðinn.

**140.000**
Evrópubúar hafa skrifað undir áskorun til íslenskra, norskra, skoskra og írskra stjórnvalda um að laxeldi í opnum sjókvíum verði hætt.

**16**
voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á þjóðhátíðardaginn. Forseti Íslands gerði það að vanda við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

**53%**
landsmanna eru nú með aðildarkort í Costco miðað við 71 prósent í ársbyrjun 2018.

**65**
desíbel er hljóðstigið sem umferðarhávaðinn frá Hafnarfjarðarvegi í Garðabæ hefur mælst við íbúðarhús í Túnunum. Íbúar hafa fengið nóg.

## Þrjú í fréttum
## List, efi og afsögn

**Haraldur Jónsson**
*myndlistarmaður*



var útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur 2019. Haraldur tók við heiðursviðurkenningunni við hátíðlega athöfn í Höfða.

**Jón Bjarnason**
*fyrrverandi sjávarútvegsráðherra*



dregur í efa að Hæstiréttur hafi verið hlutlaus er dómur var kveðinn upp í desember í fyrra þar sem ríkið var gert skaðabótaskylt vegna úthlutunar makrílkvóta.

**Ragnar Þór Ingólfsson**
*formaður VR*



og stjórn félagsins samþykktu að afturkalla umboð stjórnarmanna VR í Lífeyrissjóði verzlunarmanna (LIVE) og báru við trúnaðarbresti. Allt fór í háaloft í kjölfarið og sagði meðal annars Ólafur Reimar Gunnarsson af sér sem stjórnarformaður LIVE.


FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.


# Segir peningana sogast suður

**Alþingi samþykkti ný lög um gjaldtöku í fiskeldi. Þriðjungur tekna rennur í fiskeldissjóð. Bæjarstjórar sveitarfélaga við fiskeldisfirði segja að mun meira hefði átt að renna til innviðauppbyggingar og eftirlits.**



**Rúmlega 10.000 tonna framleiðsla í fiskeldi er nú á sunnanverðum Vestfjörðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**BYGGÐAMÁL** „Mér sýnist allur þessi peningur fara bara suður. Síðan eigum við að fara suður til að betla pening sem verður til hjá okkur. Fyrir utan að það er ekkert gefið hvort það verði yfirleitt einhver peningur,“ segir Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.

Samkvæmt lögum um gjaldtöku í fiskeldi sem samþykkt voru á Alþingi í vikunni er gert ráð fyrir að tveir þriðju tekna af gjaldinu renni í ríkissjóð. Þriðjungur á að renna í fiskeldissjóð frá og með árinu 2021. Ætlunin er að auglýsa og úthluta styrkjum til sveitarfélaga til verkefna sem eru til þess fallin að byggja upp innviði á þeim svæðum þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað.

Fiskeldi stefnir í að verða fyrirferðarmikil atvinnugrein í bænum. Karl Óttar, líkt og aðrir bæjarstjórar í sveitarfélögum þar sem fiskeldi er til staðar, gagnrýndi við vinnslu frumvarpsins að ekki rynni meira til sveitarfélaganna, þar að auki væri óþarfi að gera slíkt í gegnum sérstakan sjóð. Hann er svartsýnn á að nokkuð muni skila sér. Slíkt hafi gerst áður með Ofanflóðasjóð.

„Þar er ákveðinn peningur settur í sjóðinn, þeir fjármunir hafa ekki nýst sem áætlað var. Í þessum nýju lögum á Alþingi að ákveða hvort það sé sett eitthvað í sjóðinn og síðan þurfum við að rökstyðja að uppbyggingin tengist fiskeldi.“

Karl Óttar segir það geta reynst erfitt, þörf sé á uppbyggingu innviða vegna fiskeldis en það þýði ekki að nefndin sem sjái um að útdeila fjármununum líti það sömu augum. „Það eru framkvæmdir við höfnina okkar núna sem munu nýtast fiskeldinu, en það er ekki bara fyrir fiskeldið. Við stöndum undir okkar framkvæmdum sjálf og munum líklegast þurfa að gera það

> **Við hefðum viljað sjá þetta í ætt við tillögur ráðherra fyrir tveimur árum, þar sem í kringum 85 prósent áttu að renna til innviðauppbyggingar.**

Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar



áfram þrátt fyrir að gjald sé tekið af atvinnugreininni. Fiskeldi er orðið mjög stór og öflug atvinnugrein hér í Fjarðabyggð.“

Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri í Vesturbyggð, telur að lögin í heild sinni komi til með að hafa jákvæð áhrif á sveitarfélagið, sérstaklega þegar kemur að því að eyða óvissu um rekstrarumhverfi fyrirtækjanna. Gjaldtakan sé hins vegar annað mál. „Fyrir sveitarfélag eins og Vesturbyggð sem á við vaxtarverki að stríða þá þurfum við mikinn stuðning við að koma innviðum okkar í samt lag. Við hefðum viljað sjá þetta í ætt við tillögur ráðherra fyrir tveimur árum, þar sem í kringum 85 prósent áttu að renna til innviðauppbyggingar.“

Miðað við þessa niðurstöðu segir Rebekka að innviðauppbyggingin verði meiri áskorun. „Við erum ekki mjög ánægð með niðurstöðuna og munum halda áfram þessu samtali við stjórnvöld.“

Karl Óttar segir nýju lögin dæmigerð, allt fjármagn sogist suður. „Við búum við þessa firði en höfum ekkert um þá að segja. Við fengum engu ráðið um Hellisfjörð og Viðfjörð, það er ekkert hlustað á okkur. Það eru engir peningar settir í eftirlit eða þekkingu og ef það yrði umhverfisslys hérna þá lendir það alfarið á okkur.“ **arib@frettabladid.is**


isband.is

**VERÐUM Á SELFOSSI** Á BÍLASÝNINGUNNI HJÁ JÖTUNN VÉLUM Í DAG KL 13-17




SÝNUM 35” JEEP® GRAND CHEROKEE, JEEP® WRANGLER RUBICON OG NÝJA RAM 3500 LIMITED MEGACAB.
**ÍS-BAND UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI.**

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
LOKAÐ LAUGARDAGA FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST

Jeep THERE'S ONLY ONE
RAM




**Í fullkomnu flæði**

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturseiginleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið. Orkuskiptin eru hafin.

**2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Toyota C-HR, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.**

**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

3+4 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

HYBRID

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Fá ekki ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í deilu um rekstrarleyfi

**FISKELDI** Landsréttur hefur hafnað kröfum tveggja fiskeldisfyrirtækja um dómkvaðningu matsmanna og ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins vegna máls sem höfðað var til ógildingar á rekstrarleyfum þeirra.

Leyfin veitti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra 5. nóvember síðastliðinn á grundvelli lagasetningar sem samþykkt var á Alþingi í kjölfar þess að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi rekstrarleyfi fyrirtækjanna úr gildi síðastliðið haust.



**Landsréttur hafnaði kröfum tveggja fiskeldisfyrirtækja.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Landeigendur og náttúruverndarsamtök höfðuðu mál til að fá rekstrarleyfin ógilt og 14. janúar féllst héraðsdómur á að málið fengi flýtimeðferð, enda um að ræða starfsemi, á svæði viðkvæmrar náttúru, sem grundvallast ekki á lögmætu umhverfismati.

Eftir að flýtimeðferð var veitt hefur málið velkst fram og aftur og ekki enn verið flutt efnislega. Fiskeldisfyrirtækin kröfðust frávísunar málsins 6. febrúar. Því hafnaði héraðsdómur 22. febrúar.

Fyrirtækin lögðu aftur fram greinargerð 6. mars og gerðu annars vegar kröfu um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins um fjögur tilgreind atriði og hins vegar að dómkvaddir matsmenn skiluðu rökstuddri matsgerð um ýmis atriði sem tíunduð eru í greinargerð. Báðum kröfum var hafnað í héraði og var sá úrskurður staðfestur í Landsrétti í gær. Málið verður væntanlega flutt munnlega fyrir réttarhlé dómstóla enda um flýtimeðferðarmál að ræða. **– aá**

# Íslendingar jákvæðir í garð Evrópusambandsins

**STJÓRNMÁL** Fyrirtækið Maskína hefur gert viðamikla könnun fyrir utanríkisráðuneytið um viðhorf Íslendinga til alþjóðasamstarfs.

Miðað við könnunina eru Íslendingar tiltölulega jákvæðir í garð Evrópusambandsins. Þannig segjast 40,7 prósent vera jákvæð gagnvart ESB og 27,5 prósent vera neikvæð gagnvart sambandinu. Hins vegar segjast aðeins 31,6 prósent hlynnt inngöngu Íslands í ESB, 25,4 prósent segjast í meðallagi hlynnt inngöngu og 43,0 prósent segjast andvíg.

Nokkur munur er á afstöðu eftir kynjum og búsetu. Til dæmis segjast 40,8 prósent þeirra sem búa í Reykjavík hlynnt inngöngu en 11,9 prósent á Austurlandi hafa sömu afstöðu og þar segjast 61,4 prósent andvíg inngöngu í ESB á móti 31,6 prósentum í Reykjavík.

Mikill munur er á afstöðu eftir því hvaða stjórnmálaflokk þátttakendur segjast mundu kjósa ef kosið yrði til Alþingis nú. Langminnstur stuðningur við inngöngu Íslands í ESB er meðal Framsóknarmanna. Enginn þeirra kveðst styðja inngöngu Íslands í ESB og 84,3 prósent segjast andvíg inngöngu.

Af þeim sem kjósa Miðflokkinn segjast 14,0 prósent jákvæð gagnvart inngöngu og 74,4 prósent eru andvíg.

Jákvæðastir gagnvart inngöngu í ESB eru fylgismenn Viðreisnar, 76,5 prósent, og stuðningsmenn Samfylkingar þar sem 73,3 prósent segjast hlynnt inngöngu.

Þegar spurt er hversu jákvætt fólk sé gagnvart aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) eru það fylgismenn Viðreisnar sem mælast jákvæðastir, 87,7 prósent þeirra segjast jákvæð gagnvart aðildinni. Nefna má að af þeim sem kjósa Miðflokkinn segjast 43 prósent jákvæð og 32 prósent neikvæð gagnvart aðild landsins að EES.

Þess má geta að samkvæmt könnuninni eru Íslendingar gríðarlega jákvæðir gagnvart því að Ísland taki virkan þátt í norrænu samstarfi. Þannig segjast 92 prósent jákvæð og 7,6 prósent í meðallagi jákvæð gagnvart því samstarfi en aðeins 0,4 prósent svarenda segjast neikvæð.

Nánar er hægt að lesa um könnunina á frettabladid.is. **– gar**

### Könnun Maskínu

Ertu hlynnt/ur eða andvíg/ur inngöngu Íslands í Evrópusambandið? (Svör eftir því hvaða flokk fólk segist mundu kjósa til Alþingis.)

**Svarendur:** 824

■ Hlynnt/ur ■ Í meðallagi ■ Andvíg/ur








**Umræða um þriðja orkupakkann tók 138 klukkustundir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ræður þingmanna eru nú skráðar af talgreini

**Ræðuritarar Alþingis eiga eftir að snúa 150 klukkustundum af þingræðum yfir á texta sem fer á vef þingsins. Þar af eru 130 klukkutímar um þriðja orkupakkann. Ný tækni talgreinis hjálpar mikið til en misskilur stundum sumt.**

**ALÞINGI** Verkefni ræðuútgáfu Alþingis eru ærin ef ræðuhöld eru mikil síðustu daga fyrir þinglok. Af rúmlega 150 klukkustundum af ræðum þingmanna sem er eftir að klára að skrifa upp og koma inn á vef Alþingis eru vel yfir 100 um þriðja orkupakkann.

„Já, þetta er mun meira en vant er eftir þinglok,“ segir Berglind Steinsdóttir, deildarstjóri ræðuútgáfu Alþingis. Ræðuútgáfan notar talgreini sem þróaður var í Háskólanum í Reykjavík að beiðni þingsins.

„Talgreinirinn breytir ræðum þingmanna í texta á ótrúlega skömmum tíma, mun skemmri en tekur þingmanninn að flytja ræðuna,“ segir Berglind. Hún segir forritið ekki skila fullkomnum texta en góðum hrágögnum sem starfsmennirnir noti til að klára textann.

„Það munar mjög mikið um þetta í okkar vinnu. Það er allt annað að eiga 150 klukkustundir ókláraðar þegar við höfum talgreininn heldur en hér áður fyrr þegar við þurftum að skrifa allt upp frá orði til orðs.“

Berglind segir talgreininn líka læra og að enn sé verið að þróa til dæmis greinarmerkjasetningu. Hann er búinn að læra inn á hljóðhvíld í ræðum og setur rétt greinarmerki þegar þingmenn ávarpa forseta í miðri ræðu. Þá geti ræðulesarar líka kennt talgreininum ný orð sem hann skilur ekki.

„Honum gengur til dæmis illa með útlend orð og ný nöfn en við getum leiðrétt hann og þá man hann leiðréttinguna og gerir ekki villuna aftur,“ segir Berglind og nefnir nokkur dæmi um nöfn sem talgreinirinn fór rangt með.

Það var yfirstjórn Alþingis sem átti frumkvæði að talgreininum með það að markmiði að gera störf ræðuútgáfunnar viðráðanlegri. Alþingi og tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík skrifuðu undir samning í september 2016 um þróun og innleiðingu á opnum hugbúnaði til að nýta við ræðuritun. Fjárlaganefnd veitti fjármagn til verkefnisins.

Markmið Alþingis var þá og er enn að hugbúnaðurinn verði opinn og geti nýst öllum. „Þjóðþingin hafa verið í nokkurri forustu í þessum efnum, en farið mismunandi leiðir,“ segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis.

„Það eru þó nokkur ár síðan ég heyrði fyrst af þessu galdratæki en fór auðvitað að hugsa hve mikil hagræðing gæti orðið hjá okkur, með allan okkar ræðutíma sem er óvenjulega langur, ekki hvað síst ef tekið er tillit til fjölda þingmanna. Mig minnir að íslenskur þingmaður tali í svona 13 klukkustundir á hverju þingi, en annars staðar á Norðurlöndunum er þetta innan við 3 klukkustundir, sums staðar ein til ein og hálf klukkustund, og sama gildir fyrir þýska, franska og breska þingið,“ segir Helgi sem kveðst hafa átt töluverða samvinnu og fengið uppörvun hjá Eiríki Rögnvaldssyni prófessor sem hefur verið í fararbroddi í tungutækni og eflingu hennar.

Fyrir rúmu ári var opnuð vefgátt fyrir talgreini á slóðinni tal/ru.is. Talgreinirinn á vefgáttinni er frumútgáfa og ekki þjálfaður sérstaklega fyrir tiltekið svið, líkt og talgreinirinn sem notaður er á Alþingi. **adalheidur@frettabladid.is**

### Misheyrn talgreinis

Dæmi um ranga túlkun talgreinisins þar sem starfslið ræðuútgáfunnar hefur þurft að kenna talgreininum rétta merkingu.

**Smári McCarthy**
Smátíma kaffi

**Carl Baudenbacher**
Karl bakkar bátum

**Tony Blair**
Tón í blöð

**Pia Kjærsgaard**
Tíu kerskálar

**Mig minnir að íslenskur þingmaður tali í svona 13 klukkustundir á hverju þingi.**

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis





NISSAN INTELLIGENT MOBILITY
NISSAN
Innovation that excites
Nissan Qashqai – Gerðu kröfur
HANN ER KOMINN!
SJÁLFSKIPTUR, FJÓRHJÓLADRIFINN
ENNEMM / SÍA / NM94363
NISSAN
QASHQAI
QASHQAI ACENTA
4WD, SJÁLFSKIPTUR
VERÐ: 5.190.000 KR.
Nú getum við aftur boðið hinn geysivinsæla Nissan Qashqai með sjálfskiptingu og hinu fullkomna Nissan Intelligent fjórhjóladrifi. Nissan Qashqai er einn best útbúni sportjeppinn á markaðnum. Honum fylgir fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti, 7" upplýsingaskjár með samþættingu við snjallsíma, bakkmyndavél, 17" álfelgur og margt fleira.
Gerðu fjölskylduna klára fyrir ævintýri sumarsins í nýjum, fjórhjóladrifnum Nissan Qashqai.
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
B|L

# FME sagði Ólaf enn formann LIVE

**Guðrún Hafsteinsdóttir, varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, segist telja að Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hafi beðið eftir að fá tækifæri til að reka fulltrúa VR í stjórn lífeyrissjóðsins því hann hafði ekki stjórn á þeim.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is
Ari Brynjólfsson
arib@frettabladid.is





Guðrún Hafsteinsdóttir segir að því fylgi mikil ábyrgð að gæta sparifjár fólks og tryggja því góðan lífeyri þegar starfsævinni lýkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**LÍFEYRISSJÓÐIR** Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt Ólafi Reimari Gunnarssyni að hann sé enn stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, LIVE. Þetta segir hann í samtali við Fréttablaðið.

Fulltrúaráð VR samþykkti á fundi á fimmtudagskvöld að afturkalla umboð allra fjögurra stjórnarmannanna sem félagið skipar í stjórn LIVE og tilnefna nýja í þeirra stað. Brugðið var á það ráð í kjölfar vaxtahækkunar á breytilegum verðtryggðum húsnæðislánum til sjóðfélaga.

„Fjármálaeftirlitið tilkynnti mér rétt fyrir tilkynningu VR að ég sé enn þá stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna,“ segir Ólafur Reimar Gunnarsson. „Það eru lögfræðingar sem segja að þetta sé ólöglegt en lögmaður sjóðsins, Tómas Möller, segir að þetta sé trúlega löglegt, að fara með þetta í gengum fulltrúaráðið. Ég veit ekki alveg hvernig þetta þróast. Ég hangi bara í lausu lofti.“

Guðrún Hafsteinsdóttir, varaformaður stjórnar LIVE, segist telja að Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hafi beðið eftir að fá tækifæri til að reka fulltrúa VR í stjórn lífeyrissjóðsins því hann hafi ekki haft stjórn á þeim.

„Ég leyfi mér að fullyrða að þessi staða hafi aldrei komið upp í lífeyrissjóðakerfinu áður,“ segir hún. LIVE er næststærsti lífeyrissjóður landsins og stýrir 713 milljörðum króna. „Ragnar Þór vísar oft til lýðræðislegra vinnubragða en ég fæ ekki séð að þetta sé lýðræðislegt af hálfu stjórnar VR.“

Guðrún veltir því upp hver viðbrögðin í samfélaginu yrðu ef Samtök atvinnulífsins myndu haga sér með sama hætti. „Það myndi ekki teljast eðlilegt,“ segir hún.

Guðrún hefur setið í stjórn lífeyrissjóða í fimm ár fyrir Samtök atvinnulífsins, fyrst í tvö ár í Festu og nú þrjú ár í LIVE. „Samtök atvinnulífsins hafa aldrei haft afskipti af mínum störfum.“

Ragnar Þór tók til sinna ráða þegar lífeyrissjóðurinn ákvað að hækka breytilega vexti verðtryggðra sjóðfélagalána úr 2,06 prósentum í 2,26 prósent hinn 24. maí en tveimur dögum áður hafði Seðlabanki Íslands lækkað stýrivexti um hálft prósentustig. Vaxtahækkunin á að taka gildi 1. ágúst næstkomandi.



Guðrún segir að því fylgi mikil ábyrgð að gæta sparifjár fólks og tryggja því góðan lífeyri þegar starfsævinni lýkur. „Við tökum þá ábyrgð alvarlega að ávaxta fé sjóðfélaga. Stjórn lífeyrissjóðsins hefur ekki umboð til annars en að taka á móti iðgjöldum, ávaxta þau á sem hagkvæmasta máta fyrir sjóðfélaga og greiða út lífeyri,“ segir hún og nefnir að sjóðfélagar, þar með talið ellilífeyrisþegar, eigi ekki að niðurgreiða vexti fyrir þá 3.700 manns sem tekið hafa lán hjá sjóðnum með breytilegum vöxtum. „Það er með öllu ólíðandi,“ segir Guðrún.

Hún segir að afturköllun umboðs stjórnarmanna frá VR sé aðför að allri stjórn LIVE en beinist ekki einungis að fulltrúum VR. Átta manns sitja í stjórn lífeyrissjóðsins. Atvinnurekendur skipa fjóra og launþegar fjóra.

„Við höfum unnið vel saman og verið heiðarleg í okkar störfum. Við stóðum öll sem eitt að baki þeirri ákvörðun að hækka vexti í maí,“ segir Guðrún.

Ástæða vaxtahækkunarinnar á umræddum lánum á sama tíma og stýrivextir lækkuðu var að kjör lánanna voru bundin við úrelt viðmið og því voru vextirnir í raun orðnir óeðlilegir.

„Vextirnir miðuðust við breytingu á ávöxtunarkröfu ákveðins skuldabréfaflokks hjá Íbúðalánasjóði en það voru engin viðskipti með skuldabréfaflokkinn og því ekki hægt að miða við hann lengur. Stjórnin hefur lagt mikla vinnu við að finna ný viðmið. Það eru ekki duttlungar, eins og Ragnar Þór kýs að kalla það,“ segir Guðrún.

Að hennar sögn horfir Ragnar Þór fram hjá því að vextir hafi lækkað mikið frá árinu 2015. Þeir hafi lækkað úr 3,99 prósentum í 2,06 prósent. Í því sé fólgin kjarabót. Enn fremur hafi fastir verðtryggðir vextir verið lækkaðir á sama tíma og tilkynnt var um hækkun úr 3,6 prósentum í 3,4 prósent.

Jafnvel þótt Guðrún sé varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna mun hún ekki verða stjórnarformaður við brotthvarf Ólafs Reimars.

„Við skiptum með okkur hlutverki stjórnarformanns á þriggja ára fresti. Ég var stjórnarformaður í þrjú ár og afhenti keflið til launþega í mars. Launþegar skipa stjórnarformann næstu þrjú ár,“ segir Guðrún.

**Við tökum þá ábyrgð alvarlega að ávaxta fé sjóðfélaga.**

Guðrún Hafsteinsdóttir, varaformaður stjórnar LIVE



## Þeim sem kusu á fundinum var lofað stjórnarsæti

„Það hitti bara þannig á að daginn sem við ákváðum að hækka vextina þá lækka stýrivextir Seðlabankans,“ segir Ólafur Reimar Gunnarsson sem sat í stjórn VR og var stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

„Eftir að við hækkuðum vextina þá hringdi Ragnar [Þór Ingólfsson] í mig alveg brjálaður og bað mig um að senda greinargerð um af hverju við vorum að hækka vextina. Með þessu værum við að skemma fyrir honum,“ segir Ólafur Reimar, hann var þá í fríi á Spáni.

Í samráði við stjórn lífeyrissjóðsins útbjó hann greinargerð fyrir stjórn VR. „Ég var að reyna að útskýra ákvörðunina í greinargerðinni en fékk þau svör að þetta útskýrði ekki neitt. Ragnari lá mikið á að fá skýringar og boðaði stjórnarfund um hvítasunnuna. Þá komust ekki allir þannig að þessu var frestað fram á síðasta þriðjudag.“

Ólafur segir að útlit hafi verið fyrir að þetta yrði venjulegur stjórnarfundur, útskýringar hans væru eitt af stóru atriðunum sem þyrfti að afgreiða. „Ég útskýrði þetta, hann sneri bara út úr því, það skipti engu máli hvað ég sagði. Síðan dró hann fram plagg þar sem umboðið yrði formlega tekið af okkur.“

**Þá kemur í ljós að Ragnar var búinn að hringja í menn og bjóða þeim þessi sæti í stjórninni. Þannig að áður en þeir kusu þá var búið að láta þá fá gulrót.**

Ólafur Reimar Gunnarsson



Stjórnin samþykkti tillögu Ragnars Þórs og var málinu vísað til trúnaðarráðsins þar sem umboðið yrði formlega tekið af þeim og aðrir skipaðir í staðinn.

„Einn stjórnarmaðurinn spurði hverja Ragnar vildi fá í staðinn, hann vildi ekki segja það til að byrja með. Hann sagði svo að það fólk væri á fundinum. Þá kemur í ljós að Ragnar var búinn að hringja í menn og bjóða þeim þessi sæti í stjórninni. Þannig að áður en þeir kusu þá var búið að láta þá fá gulrót. Ég verð að viðurkenna að ég er mjög sár yfir því hvernig þetta fór.“

## FME rannsakar brottrekstur VR

Fjármálaeftirlitið hefur til skoðunar þá ákvörðun VR að draga til baka umboð stjórnarmanna í Lífeyrissjóði verzlunarmanna. „Við munum vanda til verka við að rannsaka hvernig málið er vaxið og hvort farið hafi verið að lögum, til að mynda hvort það séu rétt kjörnir stjórnarmenn sem taki ákvarðanir. Það er mikilvægt einkum þegar um er að ræða ríka almannahagsmuni eins og rekstur lífeyrissjóðs,“ segir Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

**Stjórnarmenn eiga almennt rétt á að sitja í stjórn séu þeir kosnir með löglegum hætti á aðalfundi.**

Unnur Gunnarsdóttir



Hún segir að þeir sem tilnefni í stjórnir eigi ekki að segja stjórnarmönnum fyrir verkum. „Stjórnarmenn eru sjálfstæðir í vinnubrögðum. Þeir eiga einungis að starfa eftir eigin samvisku og þeim lögum sem eru í gildi,“ segir hún.

Unnur vekur athygli á að breytingar á stjórn þurfi að fara eftir formlega réttum leiðum. Í því samhengi þarf að skoða og túlka gildandi samþykktir lífeyrissjóðsins. „Stjórnarmenn eiga almennt rétt á að sitja í stjórn séu þeir kosnir með löglegum hætti á aðalfundi,“ segir hún. Því verður að gera ráð fyrir að ákveði stjórnarmaður að víkja úr sæti taki varamaður, sem þegar hefur verið kosinn á aðalfundi, sæti hans.



OCTAVIA ER 60 ÁRA OG ÞÚ FÆRÐ PAKKA
ŠKODA
ŠKODA OCTAVIA – SEXTUG OG SJALDAN SPRÆKARI.
Það er ekki að ástæðulausu að Škoda Octavia hefur verið einn sá alvinsælasti hjá íslensku þjóðinni í áratugi. Aksturseiginleikarnir, þægindin, rýmið og sparneytnin hafa einkennt Octaviuna allar götur frá því hún kom fyrst á markað. Nú bjóðum við þennan einstaka bíl með afmælispakka; aukabúnaði sem gerir aksturinn enn skemmtilegri. Komdu og prófaðu, við hlökkum til að sjá þig!
Octavia G-Tec
Combi / Sjálfskiptur
Verð frá 3.990.000 kr.
Octavia
Limo / 1.6 TDI / Sjálfskiptur
Verð frá 4.090.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Afmælispakki fylgir!*
· Climatronic miðstöð
· Hiti í stýri
· Hiti í framrúðu
· Fjarlægðart. hraðastillir
· Krómpakki
Að verðmæti
320.000 kr.
60
ŠKODA
OCTAVIA
60 ÁRA 1959-2019
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
www.skoda.is
*Gildir aðeins í takmarkaðan tíma út apríl 2019. 5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# Leiða eða fylgja



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Fátt getur komið í veg fyrir að Boris Johnson verði kjörinn leiðtogi breska Íhaldsflokksins og setjist á stól forsætisráðherra um miðjan næsta mánuð.

Johnson hefur haft yfirburðastöðu í valferli flokksins, en eftir að hafa sigtað frambjóðendur út einn af öðrum hafa þingmenn nú komið sér saman um þá tvo sem almennir flokksmenn velja á milli: Boris Johnson og Jeremy Hunt utanríkisráðherra. Frambjóðendurnir tveir halda nú í fundaferð um landið, en um 160 þúsund flokksmenn hafa kosningarétt í kjörinu.

Þið lásuð rétt, 160 þúsund manns velja nú forsætisráðherra fyrir 60 milljóna þjóð. Talandi um að valdefla grasrótina.

Ljóst er að Hunt mun eiga á brattann að sækja því Johnson nýtur vinsælda meðal flokksmanna. Hunt mun hamra á meintum óáreiðanleika og tækifærismennsku keppinautarins. Ekki skortir dæmin til að nefna. Sem borgarstjóri í London var Johnson þekktur fyrir uppátæki sín og kæruleysislegt fas frekar en stjórnvisku.

Í borgarstjóratíð sinni sagðist hann frekar myndu hlekkja sig við flugbraut en að heimila byggingu þriðju flugbrautarinnar á Heathrow-flugvelli. Þegar síðar kom að því að kjósa um málið, er hann var orðinn þingmaður, skrópaði hann í atkvæðagreiðslunni. Í Brexit-málinu er Johnson legið á hálsi fyrir að láta eigin frama ráða ferð en ekki almannahag.

Hunt þykir hins vegar traustur. Hann hefur reynslu af viðskiptum og byggði upp eigið fyrirtæki frá grunni. Hann þótti ágætur heilbrigðisráðherra, og hefur farnast mun betur en Johnson eftir að hann tók við af honum sem utanríkisráðherra. Málflutningur hans í Brexit-málinu er sömuleiðis jarðtengdari en klisjukennt tal Johnsons.

Ljóst er að Johnson nýtur hylli hins almenna flokksmanns og mun því að öllum líkindum standa uppi sem sigurvegari. Staðan í Brexit-málinu er hins vegar slík að nánast ómögulegt mun verða fyrir hann að þóknast fylgismönnum sínum.

Gallinn við Johnson er nefnilega sá að þegar allt kemur til alls reynir hann, eins og aðrir popúlistar, að elta almenningsálitið í stað þess að móta það. Í þessu kristallast að mörgu leyti vandamál stjórnmála síðustu ára, þar sem stórkarlalegar yfirlýsingar sem eiga að slá ódýrar pólitískar keilur virðast helst líklegar til árangurs.

Þetta þekkjum við hér á landi og okkar eigin íhaldsflokkur virðist við það að liðast í sundur af sömu ástæðu. En í því hljóta að felast tækifæri. Alvöru leiðtogar lýsa stefnumálum og reyna að fá kjósendur til fylgilags, en elta ekki tiktúrur háværrar grasrótar sem ekkert merkilegra virðist hafa við tímann að gera en lemja lyklaborðið móð og másandi.

Stefnumál hægri flokka eru ekki úrelt. Skynsamlegar markaðsáherslur, alþjóðahyggja og agi í fjármálum. Þau vantar sannfærandi málsvara sem þora að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir.

**Í þessu kristallast að mörgu leyti vandamál stjórnmála síðustu ára, þar sem stórkarlalegar yfirlýsingar sem eiga að slá ódýrar pólitískar keilur virðast helst líklegar til árangurs.**

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Athvarf öfgamanna

Bretar hafa fylgst af óvenjumiklum áhuga með leiðtogakjöri Íhaldsflokksins sem stendur nú yfir. Fyrir því eru tvær ástæður. Sú fyrri: Sá sem verður leiðtogi flokksins verður einnig sjálfkrafa forsætisráðherra. Sú síðari: Brexit – hvernig í ósköpunum hyggst nýr leiðtogi leysa Brexit-pattstöðuna sem fráfarandi forsætisráðherra, Theresu May, reyndist ómögulegt að ráða fram úr?

Fylgi Íhaldsflokksins er í sögulegum lægðum. Nýr flokkur Nigel Farage, Brexit-flokkurinn, sem berst fyrir hörðu Brexit, sópar til sín fylgi. Flestir þeirra tíu frambjóðenda sem gáfu kost á sér til leiðtogakjörs Íhaldsflokksins kepptust við að sýnast jafnharðir og Farage. Með einni undantekningu.

Rory Stewart er stjórnmálamaður sem fáir höfðu heyrt um en er nú á allra vörum. Stewart gekk í Eton og Oxford og starfaði í bresku utanríkisþjónustunni á Balkanskaganum og í Írak. Hann settist á þing 2010 og er ráðherra alþjóðaþróunarmála. Stewart, sem talað hefur gegn því að Bretar yfirgefi Evrópusambandið án samnings, þótti ekki líklegur til stórræða í leiðtogakjörinu. Stewart er talsmaður málamiðlana, fetar meðalveginn og kýs almenna skynsemi umfram hugmyndafræði. En öllum að óvörum vakti brennandi ástríða Stewart fyrir yfirvegun og meðalhófi eldmóð með almenningi. Samfélagsmiðlar loguðu. Hundruð þúsunda fylgdust með honum á Twitter. Myndbönd þar sem Stewart gekk um götur og spjallaði við fólk á förnum vegi fóru sem eldur um sinu.

Óvæntri sigurgöngu Stewart lauk í vikunni. Tveir frambjóðendur komust í lokaumferð leiðtogakjörsins sem fram fer í næst mánuði, þeir Boris Johnson og Jeremy Hunt. Telja flestir að Johnson beri öruggan sigur úr býtum.

### Klukkan tifar

Hinn 31. október stendur til að Bretland gangi úr Evrópusambandinu. Meirihluti þingsins er á móti því að það verði gert án útgöngusamnings. Boris Johnson ætlar hins vegar ekki að láta þingið stoppa sig. Hefur hann gefið í skyn að hann sé reiðubúinn að læsa dyrum þingsins og loka þingmenn úti. Takist þingi ekki að koma saman til að stöðva útgöngu án samnings fyrir 31. október mun Bretland sjálfkrafa falla samningslaust út úr Evrópusambandinu.

Klukkan tifar og dómsdagur nálgast. Margir óttast afleiðingarnar sem hart Brexit mun hafa á efnahag Bretlands, fyrirtæki og fólk. Íhaldsmenn eru þó hvergi bangnir. Þeir virðast reiðubúnir að fórna hverju sem er fyrir hugmyndafræðilega tilraun sína. Skoðanakönnun sem gerð var í vikunni sýnir að meirihluti Íhaldsmanna vill Brexit jafnvel þótt það stórskaðaði efnahagslífið, leiddi af sér sjálfstæði Skotlands og endalok Íhaldsflokksins. Slagorðið er: Brexit, sama hvað.

### Dómsdagur nálgast

En hingað heim: Birgir Þórarinsson, þingmaður Miðflokksins, vill að málstaður þeirra sem halda því fram að loftslagsbreytingar séu ekki af manna völdum verði kynntur í skólum.

Neyðarástand ríkir í loftslagsmálum. Klukkan tifar, dómsdagur nálgast og rétt eins og í tilfelli Brexit víla óprúttnir stjórnmálamenn ekki fyrir sér að gera sér mat úr yfirvofandi ógn.

Boris Johnson berst fyrir Brexit – óháð afleiðingum. Hann íhugar að læsa þingið úti til að tryggja Íhaldsflokknum atkvæði öfgamanna sem fylkja sér nú að baki Nigel Farage. Birgir Þórarinsson vill hins vegar læsa okkur öll inni – inni í brennandi húsi þar sem logar svíða hold og reykur mettar lungu – til að tryggja Miðflokknum atkvæði öfgamanna sem leita sér athvarfs.

Það glittir í von. Vinsældir Rory Stewart sýna að hljómgrunnur er fyrir málflutningi þeirra sem tala fyrir skynsemi og hlusta á rök. En svo að meðalhófið megi hafa sigur þurfum við að taka saman höndum og standa uppi í hárinu á tækifærissinnum sem segja hvað sem er fyrir atkvæði. Því það er ólíðandi að framtíð lífríkis jarðar sé notuð sem beita í atkvæðaveiðum ábyrgðarlausra stjórnmálamanna.






FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# SÓLIN, SUMARIÐ & KILJAN!




**Óvænt endalok**
Verð: 3.899.-




**1793**
Verð: 3.999.-




**Óvinafagnaður**
Verð: 1.999.-




**Konan í dalnum**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 3.799.-




**Sara**
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 3.999.-




**Little gay reykjavík**
TILBOÐSVERÐ: 2.699.-
Verð áður: 2.899.-




**Rauður maður | Svartur maður**
TILBOÐSVERÐ: 4.699.-
Verð áður: 4.999.-




**Svo skal dansa**
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 3.799.-




**Boðun Guðmundar**
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 24. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Hilmar Smári Henningsson var á leið til Bandaríkjanna í háskóla en hann mun þess í stað leika með Valencia næstu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Gat ekki hafnað þessu boði

**Hilmar Smári Henningsson hefur skrifað undir samning við spænska stórliðið Valencia. Hann hafði hug á að fara til Bandaríkjanna næsta haust en þegar Valencia kallaði skipti hann hins vegar um stefnu.**

**KÖRFUBOLTI** Hinn ungi og afar efnilegi körfuboltamaður Hilmar Smári Henningsson er á leið til spænska stórliðsins Valencia en hann lék einkar vel með uppeldisfélagi sínu Haukum á síðasta keppnistímabili. Þá hefur hann leikið vel í þeim leikjum sem hann hefur leikið með yngri landsliðum Íslands og var valinn í A-landsliðið sem lék á Smáþjóðleikunum fyrr í þessum mánuði.

„Ég veit ekki hvernig þeir fréttu af mér eða í hvaða leikjum þeir skoðuðu mig. Þeir buðu mér hins vegar til æfinga í mars og ég varð sjokkeraður að félag af þeirri stærðargráðu sem Valencia er hefði áhuga á að sjá mig á æfingum. Þetta er lið sem ég hef fylgst með síðan ég var lítill strákur og er sterkt lið á spænskan og evrópskan mælikvarða.

Liðið hefur undanfarin ár gert harða atlögu að spænska meistaratitlinum og komist langt í Evrópukeppnum,“ segir Hilmar Smári en Valencia vann Evrópubikarinn í vor. Var það fjórði sigur Valencia í Evrópubikarnum en liðið vann keppnina 2003, 2010 og 2014. Valencia varð Spánarmeistari árið 2017.

„Ég stefndi alltaf að því að fara til Bandaríkjanna, fara þar í háskóla og spila körfubolta á háskólastyrk. Það var erfið ákvörðun að skipta um stefnu á ferlinum en þegar jafn stórt og sterkt lið og Valencia býður þér samning þá er ómögulegt að hafna því. Þetta eru tveir góðir kostir og erfitt var að velja hvorn ætti að taka,“ segir þessi frábæri leikstjórnandi um ákvörðun sína.

> Ég stefndi að því að fara til Bandaríkjanna í háskóla og því var þetta erfið en góð ákvörðun.

„Ég æfði með aðalliðinu og líka varaliðinu þegar ég æfði hjá þeim í mars og tempóið og gæðin á æfingunum voru í ofboðslega háum gæðaflokki. Það eru allir leikmenn komnir til þess að leggja sig alla fram á æfingum og enginn afsláttur gefinn. Þetta eru frábærir körfuboltamenn og það var mjög gaman að æfa með þeim,“ segir Hilmar Smári um fyrstu kynni sín af Valencia.

„Fyrsta árið mun ég einungis æfa og spila með varaliðinu sem er rekið sjálfstætt og spilar í B-deildinni. Það er hins vegar gott samstarf við aðalliðið Valencia og mikil samskipti á milli aðal- og varaliðsins. Þeir gerðu tveggja ára samning við mig með möguleika á framlengingu og staðan verður metin eftir hverja leiktíð fyrir sig,“ segir hann um fyrstu skrefin hjá nýju félagi.

„Ég er á leiðinni með U-20 ára landsliðinu á Evrópumótið í júlí og þar ætla forráðamenn Valencia að horfa á mig spila og setja nánara plan fyrir mig. Ég veit ekki hversu vel þeir þekkja mig og það verður spennandi að sjá hvaða hugmyndir þeir hafa um mína framtíð hjá þeim.

Ég mun flytja einn til Valencia í byrjun ágúst og það verða örugglega svolítið erfitt að standa á eigin fótum. Það verður aftur á móti það mikið í gangi hjá mér við að kynnast nýjum áherslum og auknu æfingaálagi þannig að mér mun pottþétt ekki leiðast,“ segir Hafnfirðingurinn. **hjorvaro@frettabladid.is**

# Myndi veðja á Bandaríkin sem sigurvegara

**FÓTBOLTI** Heimsmeistaramótið í knattspyrnu kvenna fer fram í Frakklandi þessa dagana en í dag hefjast 16 liða úrslit keppninnar. Þar mætast Þýskaland og Nígería og Noregur og Ástralía, en næstu daga mætast England og Kamerún, Frakkland og Brasilía, Spánn og Bandaríkin, Ítalía og Kína, Holland og Japan, og Svíþjóð og Kanada.

Fréttablaðið fékk Sif Atladóttur, landsliðskonu í knattspyrnu og leikmann sænska liðsins Kristianstad, til þess að spá í spilin fyrir framhaldið á mótinu.

„Mótið hefur verið gott að mínu mati og mér finnst þau lið sem taka þátt að þessu sinni hafa bætt sig umtalsvert frá síðasta móti. Að mínu mati hafa Bandaríkin leikið best það sem af er móti. Bandaríska liðið spilaði frábærlega í riðlakeppninni. Þær hafa verið miklu skarpari en andstæðingar sínir og sýnt þeim enga miskunn,“ segir Sif um byrjunina á mótinu.

„Framlína bandaríska liðsins hefur spilað vel og ef ég ætti að veðja á sigurvegara mótsins þá myndi ég setja peninginn á að Bandaríkin verji titil sinn. Frakkland hefur ekki leikið eins vel og ég hélt að liðið myndi gera. Ég held samt að Frakkland eða England sem er með spennandi lið muni fara alla leið og mæta Bandaríkjunum í úrslitum,“ segir miðvörðurinn.



Sam Kerr framherji Ástralíu hefur heillað SIf mest. NORDICPHOTOS/GETTY

„Noregur og Svíþjóð eru svo með sterka liðsheild þrátt fyrir að hafa ekki jafn sterka einstaklinga og fyrrgreind lið. Það gæti fleytt þeim langt og ég vona að sænska liðinu gangi vel. Svo ber ég alltaf sterkar taugar til þýska liðsins. Það eru kynslóðaskipti hjá þýska liðinu og ég held að liðið sé ekki nógu sterkt til þess að fara með sigur af hólmi sérstaklega eftir að liðið missti Dzsenifer Marozsan úr leik,“ segir hún um mögulega meistara.

„Holland sem er ríkjandi Evrópumeistari er ekki nógu sterkt til þess að fylgja eftir ævintýri sínu á heimavelli á Evrópumótinu. Nígería gæti orðið fulltrúi Afríku þegar líða tekur á keppnina. Asisat Oshoala er öflugur leikmaður sem getur dregið liðið langt. Liðið skortir þó breidd til þess að fara alla leið en það er gaman að sjá liðsfélaga minn Ritu Chikwelu standa sig vel.

Sá leikmaður sem hefur heillað mig mest er Sam Kerr sem hefur spilað frábærlega fyrir Ástralíu. Hún er ótrúlega líkamlega sterk, snögg og með einstaka tæknilega getu. Hún er að mínu mati í öðrum gæðaflokki en aðrir leikmenn á mótinu,“ segir Sif aðspurð um besta leikmanninn á mótinu til þessa. **– hó**



Landsliðsmaðurinn Kári Árnason hefur gengið til liðs við Víking.

## Kári aftur í Fossvoginn

**FÓTBOLTI** Kári Árnason hefur ákveðið að halda aftur í Fossvoginn og leika með sínu fyrrverandi félagi Víkingi til haustsins 2020. Kári lék með Víkingi frá 2001 til ársins 2004 þegar hann gekk til liðs við sænska liðið Djurgården. Hann lék á þeim tíma 46 leiki fyrir Víking og skoraði í þeim leikjum þrjú mörk.

Á atvinnumannaferli sínum hefur Kári auk Djurgården leikið með dönsku liðunum AGF Aarhus og Esbjerg FB, ensku liðunum Plymouth Argyle og Rotherham United, skoska liðinu Aberdeen, sænska liðinu Malmö, Omonia frá Kýpur og nú síðast tyrkneska liðinu Gençlerbirliği. Þá hefur hann leikið 77 landsleiki fyrir Íslands hönd og skorað í þeim leikjum sex mörk. Kári lék með íslenska liðinu á Evrópumótinu árið 2016 og heimsmeistaramótinu árið 2018.

Víkingur situr í 10. sæti Pepsi Max-deildarinnar með sjö stig og leikur við ÍBV í átta liða úrslitum Mjólkurbikarsins. Kári verður löglegur með Víkingi 1. júlí næstkomandi og getur leikið með liðinu þegar það mætir ÍA í deildinni 1. júlí. **– hó**



Finnur Freyr Stefánsson mun þjálfa Horsens á næsta keppnistímabili.

## Finnur Freyr til Danmerkur

**KÖRFUBOLTI** Körfuboltaþjálfarinn Finnur Freyr Stefánsson hefur samið við danska félagið Horsens um að stýra karlaliði félagsins til næstu tveggja ára.

Finnur Freyr stýrði KR frá 2013 til 2018 en undir hans stjórn varð liðið fimm sinnum Íslandsmeistari, fjórum sinnum deildarmeistari og einu sinni bikarmeistari. Finnur hætti störfum hjá KR vorið 2018 en hann var í kjölfarið ráðinn til Vals þar sem hann þjálfaði yngri flokka. Samhliða því var hann yfirþjálfari yngri landsliða Íslands. Þá hefur Finnur verið aðstoðarþjálfari A-landsliðs karla undanfarin ár.

Horsens varð danskur bikarmeistari í vor og lék til úrslita um danska meistaratitilinn. Þar laut liðið í lægra haldi fyrir Bakken Bears. Horsens hefur sex sinnum orðið Danmerkurmeistari, síðast árið 2016.

„Eftir að hafa heimsótt þá, kíkt á aðstæður og heyrt hugmyndir þeirra gekk það fljótt fyrir sig að ganga frá samningum. Þetta er félag með ríka hefð og flotta umgjörð og þarna er stefnan sett á þá titla sem í boði eru á hverju ári. Stefnan er að velta Bakken Bears af stalli,“ segir Finnur Freyr í samtali við Fréttablaðið. **– hó**

VOLVO

VOLVO XC90 T8 INSCRIPTION AWD

# OKKAR SÝN Á LÚXUS NÚ Á SUMARTILBOÐI

Volvo XC90 AWD er skandínavískur lúxus. Rómaður snertiskjárinn, mögnuð sætin, há sætisstaðan og einstök veghæðin endurspegla sænska natni við smáatriði. Aflið og mýktin ásamt einstöku Volvo öryggi, sýna vel sænska snilli bílahönnuða Volvo.

Sjö sæta • Leðurinnrétting • Vélarhitari með tímastilli
Rafdrifin opnun á afturhlera • Nálægðarskynjari að framan og aftan

390 hestöfl, bensín/rafmagn og sjálfskiptur

Fullt verð með aukabúnaði* 12.897.000 KR.

**SUMARTILBOÐ 11.950.000 KR.**

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU



*Aukabúnaður í tilboðsbílunum umfram ríkulegan staðalbúnað: Málmlitur, Panorama glerþak og sóllúga, 360° myndavél, varadekk og Edition aukahlutapakki sem innifelur leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, dökkar rúður í farþegarými, Carplay Smartphone Apple og Android, lyklalaust aðgengi, BLIS myndavél á hliðarumferð, þjófavörn með hreyfiskynjurum og LED aðalljós m/beygjustýringu + stillanleg háu ljósin og dimming á baksýnis- og útispeglum.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is



# 25% AFSLÁTTUR

IDdesign

## SINGLE

Stílhreint stækkanlegt borð. Borðið er í svörtum gegnheilum viði með hvíta plötu. Tvær innbyggðar 48 cm stækkanir fylgja. Borðið getur verið 180 eða 280 cm að lengd. Fæst einnig minna; 120/220 cm og í eik með hvítum toppi

Svart/hvítt: 180 x 90 x 76 cm
**59.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

Eik/hvítt: 180 x 90 x 76 cm
**67.493 kr.** ~~89.990 kr.~~

LA-Z-BOY® *Live life comfortably.*



# 20% AFSLÁTTUR

## PINNACLE

La-Z-Boy hægindastóll. Vínrautt, svart, hvítt, ljósbrúnt eða dökkbrúnt leður.
Stærð: 84 x 97 x 107 cm

**143.992 kr.** ~~179.990 kr.~~



# 25% AFSLÁTTUR

## MAX

Stílhreinn og þægilegur u-sófi, nettur en rúmar vel 4-6. Endingargott, grátt áklæði úr sterkri pólýesterblöndu. Undir sófanum eru þykkir, svartir viðarfætur. Dýpt tungu (styttri tungu): 135 cm ((heild með baki) – lengri tunga/ heildardýpt: 200 cm). Stærð: 286 x 200 x 87 cm

**119.993 kr.** ~~159.990 kr.~~



furninova

# 20% AFSLÁTTUR

## LIVORNO

2ja og 3ja sæta sófi frá Furninova. Classic grátt sléttflauel.

2ja s: 175 x 95 x 86 cm
**191.992 kr.** ~~239.990 kr.~~

3ja s: 205 x 95 x 86 cm
**223.992 kr.** ~~279.990 kr.~~



# 25% AFSLÁTTUR

## LORRY

Tungusófi í gráu og dökkgráu slitsterku áklæði.
Stærð: 289,5 x 164,5 x 85,5 cm

**142.994 kr.** ~~219.990 kr.~~



LA-Z-BOY® *Live life comfortably.*

# 35% AFSLÁTTUR

## LEIGHTON

Vandaður hornsófi 2H2 frá LA-Z-BOY. Ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 217 x 97 x 94 cm

**298.994 kr.** ~~459.990 kr.~~

## KIBO

Vandaður og skemmtilegur hornsófi frá Furninova með gráu slitsterku áklæði. 2,5 x 2,5 sæti.
Stærð: 279 x 279 x 82 cm

furninova

**412.493 kr.** ~~549.990 kr.~~



# 25% AFSLÁTTUR

Skammel stærð: 82 x 82 x 42 cm
**67.493 kr.** ~~89.990 kr.~~



**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**

**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 14. júlí 2019 eða á meðan birgðir endast.*

# SUMAR ÚTSALA




**BOYD**
3ja sæta sófi.
Dökkblátt eða
dökkgráttsléttflauel.
Stærð: 215 × 87 × 78 cm

**95.992 kr.** ~~119.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR

# Allt að 60% afsláttur



**30%** AFSLÁTTUR

**LORIENT**
Hægindastóll. Viðargrind. Ljóst áklæði í sessu.

**27.993 kr.** ~~39.990 kr.~~



**25%** AFSLÁTTUR

**CAZAR**
Hægindastóll. Koníaksbrúnt eða svart PU-leður eða grátt áklæði og stálfætur.

**18.743 kr.** ~~24.990 kr.~~



**20%** AFSLÁTTUR

**BELFORT**
Hægindastóll.
Viðargrind og fætur. Dökkt eða ljóst áklæði á sessu, baki og hliðum.

**47.992 kr.** ~~59.990 kr.~~





**50%** AFSLÁTTUR

**VALENCE**
Fallegur, lítill sófi og stóll
úr sléttflaueli sem fæst smaragðsgrænt, dimmblátt eða grátt. Sófinn er mjúkur, bólstraður og stunginn að utan með samlitum hnöppum. Hann hefur granna, gyllta 21 cm háa fætur. Sófanum fylgir 45×45 cm samlitur púði á hvort sæti.

Sófi stærð: 144 x 77 x 79,5 cm
**44.995 kr.** ~~89.990 kr~~

Stóll: 83 x 77 x 79,5 cm
**34.995 kr.** ~~69.990 kr~~



**25%** AFSLÁTTUR

**JOHN**
Hægindastóll. Slitsterkt áklæði, ljós- eða dökkgrár.

**22.493 kr.** ~~29.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN

# Náttúran í fyrsta sæti



Sonja Bent og Elín Hrund Þorgeirsdóttir eru konurnar á bakvið Nordic Angan, fyrirtæki sem stendur fyrir ilmbanka íslenskra jurta.

Í nýsköpun, hönnun og listum er náttúran æ oftar sett í fyrsta sæti. **Rakel Garðarsdóttir, Elín Hrund og Sonja Bent** eiga það sameiginlegt að nýta vel efnivið sem fellur til í sinni sköpun og leggja ríka áherslu á einfaldleika, kraft og fegurð náttúrunnar.

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjana@frettabladid.is



Sonja Bent og Elín Hrund Þorgeirsdóttir rannsaka og fanga angan íslenskra jurta. Þær hafa sett upp eimingarstöð í Álafosskvosinni þar sem þær opna lifandi ilmsýningu í haust.

Nordic Angan hlaut hæsta styrkinn úr Hönnunarsjóði á dögunum. Styrkurinn nam tveimur milljónum króna og var fyrir verkefnið Ilmbanki íslenskra jurta – lifandi ilmsýning í Álafosskvos. Að baki Nordic Angan eru þær Sonja Bent hönnuður, Elín Hrund Þorgeirsdóttir og Jóhannes Bjarni Eðvarðsson.

„Rannsóknarverkefni okkar Elínar, að stofna ilmbanka íslenskra jurta, þar sem við föngum angan íslenskrar náttúru, hefur staðið yfir í nokkur ár,“ segir Sonja frá og segir verkefnið enn fremur munu halda áfram næstu ár. „Okkur langaði til að gera verkefninu skil á einhvern hátt, við hugleiddum að gera heimildarmynd eða jafnvel bókverk. Á endanum fannst okkur skemmtilegra að gera úr þessu sýningu, því hún gæti falið í sér svo mikla og áhugaverða fræðslu,“ segir Sonja en í eimingarstöðinni í Álafosskvosinni eima þær Elín jurtir og láta svo efnagreina olíuna.

„Efnagreiningarstofan sem greinir olíurnar fyrir okkur er sú fremsta í heimi og getur þess vegna gefið okkur samanburð á efnainnihaldi jurtanna. Þannig getur stofan gefið okkur samanburð á vallhumli frá Búlgaríu og frá Íslandi,“ segir Sonja og segir íslensku jurtirnar koma vel út úr öllum samanburði.

„Það er stórmerkilegt hversu vel íslensku jurtirnar koma út. Efnainnihaldið er öðruvísi, efnasamböndin eru virkari en í öðrum sambærilegum jurtum,“ útskýrir hún.

„Það eru tvær ástæður sem gætu legið að baki. Ein er sú að íslensk sumur eru mjög stutt og vaxtarskilyrðin erfiðari, önnur er sú að Ísland er eldfjallaeyja og jarðvegurinn öðruvísi en víðast annars staðar. Það er nefnilega áhugavert að jurtir frá Japan koma einnig vel út í samanburði,“ segir Sonja.

Hún segir ilmbankann hafa undið upp á sig og að verkefnið sé gefandi. „Lyktarskynið tengist sterkt tilfinningum og minni. Sumir finna lykt af blóðbergi og eru svo allt í einu orðnir þriggja ára í leik úti í móa. Lykt af kúmeni minnir á kringlur með mjólk. Við höfum verið með svona farandbanka, lítinn kassa sem rannsóknir okkar hafa ratað í, og leyft fólki að lykta. Við vinnum svo nú að því að hanna sýningu í kringum ilmbankann og Álafosskvosin er skemmtilegur staður til þess,“ segir Sonja en staðsetningin smellpassar fyrir starfsemi Nordic Angan. Gengið er inn í eimingarstöðina við hliðina á fossi og villtar íslenskar jurtir eru allt í kring.

„Þetta er viðeigandi húsnæði sem við erum mjög hrifnar af, allt svo fallegt og náttúrulegt. Það er nefnilega erfitt að finna gott verksmiðjuhúsnæði, það er oft í iðnaðarhverfum og passar ekki undir framleiðslu eins og þessa.“

Sonja og Elín vöktu mikla athygli á lítilli sýningu í versluninni Fischer í Fischersundi á HönnunarMars. Ilmsturtuna, skógarbað fyrir þá sem komast ekki út í skóg. „Það var mjög vel heppnuð lítil sýning og vísir að því sem verður, við vildum hafa þetta lifandi eins og náttúran sjálf er. Rannsóknin mun taka fleiri ár. Við áætlum að opna ilmbankann í Álafosskvosinni næsta haust, opnum þá með því sem við höfum rannsakað en munum bæta í bankann og sýninguna á hverju ári eftir því sem bætist í rannsóknir okkar.“

Eimingarstöðin er í anda hringrásarhagkerfisins því tækin eru smíðuð úr gömlum mjólkurkælum og Sonja og Elín segjast vilja virkja litla fossinn til starfseminnar. „Framtíðarplanið hjá okkur er að virkja fossinn til þess að kæla eimingarrörin. En í dag notum við rennandi vatn til þess. Við hugsum þetta alla leið og eimingartækin sem við erum með eru úr gömlum og úreltum mjólkurkælum. Ef við hefðum keypt tækin hefðum við þurft að flytja þau frá Kína eða Indlandi. Það hefði kostað mikið og skilið eftir sig stórt kolefnisspor. Við auglýstum í Bændablaðinu og fengum svör frá Kópaskeri og Húsavík. Þetta var mikið mál og það þurfti til dæmis að taka hurðirnar úr fjósunum til að ná kælunum út. En þetta var gert og svo tók Guðbrandur Einarsson, hönnuður og sérfræðingur í málmsuðu, við og við útfærðum tækin í sameiningu,“ segir Sonja.

Sonja segist verða vör við byltingu á meðal frumkvöðla, listamanna og hönnuða. „Og barna,“ bætir hún við. „Þetta er fólk sem er með hjartað á réttum stað og hefur hugsunina til að fylgja því eftir. Það hefur orðið mikil vitundarvakning en mest í þessum hópi fólks en minni hjá öðrum,“ segir hún. „Stundum finnst mér gjá á milli þessara hópa en allt færist þetta í rétta átt.“

> **VIÐ AUGLÝSTUM Í BÆNDABLAÐINU OG FENGUM SVÖR FRÁ KÓPASKERI OG HÚSAVÍK. ÞETTA VAR MIKIÐ MÁL OG ÞAÐ ÞURFTI TIL DÆMIS AÐ TAKA HURÐIRNAR ÚR FJÓSUNUM TIL AÐ NÁ KÆLUNUM ÚT.**
>
> Sonja Bent

## Nýtum það sem er til og göngum ekki á náttúruna

„Allt að helmingi matvæla í heiminum er sóað,“ minnir Rakel Garðarsdóttir á. Á næstunni koma á markað nýjar snyrtivörur úr íslensku hráefni í umhverfisvænum umbúðum undir merki hennar Verandi. Hráefnið í snyrtivörurnar fellur til við matvælaframleiðslu og landbúnað.

Fyrirtækið Verandi framleiðir gæða húð- og hárvörur úr endurnýttum hráefnum, með engum neikvæðum áhrifum á umhverfið. Að baki fyrirtækinu standa þær Rakel Garðarsdóttir og Elva Björk Barkardóttir. Fyrirtækið varð til í tengslum við baráttu Rakelar en hún hefur starfrækt samtökin Vakandi um nokkurra ára bil í því skyni að auka vitundarvakningu um sóun matvæla.

„Við nýtum gæðahráefni sem fellur til úr landbúnaði og matvælaframleiðslu og þannig göngum við ekki á auðlindir að óþörfu,“ segir Rakel frá. Á næstu vikum og mánuðum koma á markað nokkrar vörur úr smiðju Verandi, sápur og serum, maskar, baðvörur, sjampó og sjampóstykki. Rakel og Elva eru meðal annars í samstarfi við hið virta merki Davines um framleiðslu á sjampói.

„Við notum kaffikorg, súkkulaði, bygg, gúrku, krækiberjahrat og bjór, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Rakel. „Og erum í vöruþróun með fleiri hráefni, til dæmis gulrætur og kartöflur. Okkar sýn er að stuðla að hringrásarhagkerfi og nýta það sem er til. Við teljum það algjörlega nauðsynlegt, helmingur matvæla sóast í heiminum, vegna offramleiðslu og vegna framleiðsluaðferða. Það er galið að svo miklu gæðahráefni sé hent. Við viljum ekki ganga á náttúruna og þessar aðferðir fyrirtækja ganga ekki lengur.“

Rakel og Elva hafa fengið í lið með sér Einar Guðmundsson hönnuð sem hefur hannað nýtt og fallegt útlit á vörurnar sem eru í umhverfisvænum umbúðum. „Við lögðumst í ítarlega rannsóknarvinnu hvað varðar umbúðirnar. Við vorum að nota gler, það er ekki umhverfisvænt hér á landi. Það er ekki endurunnið að ráði hér á landi og það er þungt svo það er dýrt að flytja það. Það sem hentaði best var að nota endurunnið plast, svo notum við einnig sykurreyr í þær umbúðir þar sem það er hægt,“ segir Rakel og segist verða vör við að framleiðendur séu að vakna til meðvitundar um að þeir verði að skipta út umbúðum. Neytendur taki ekki annað í mál auk þess sem lög og reglugerðir séu óðum að breytast. „Umbúðamarkaðurinn er smám saman að vakna, það eru ekki alveg komnar skýrar lausnir en þetta er allt í rétta átt,“ segir Rakel sem segir Verandi munu í framtíðinni bjóða upp á áfyllingar. „Við erum nýsköpunarfyrirtæki og það er gaman að vera í forystu í þessum efnum. Við erum búnar að vera í tvö ár í vöruþróun og hlökkum til að kynna vörurnar á markað.“



**Rakel Garðarsdóttir stödd hjá Matís þar sem hún vinnur að því að útbúa umhverfisvænar vörur fyrir Verandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

bauhaus.is

# BAUHAUS®

## Möguleikar á ótal litum og útfærslum, auk sérpantana!



**44.995:-**

**Toppgluggi komposit**
Stærð 550 x 550 mm, hvítur með tvöföldu gleri. Þyngd 9 kg.



**51.995:-**

**Fastur gluggi komposit**
Stærð 1300 x 1430 mm. Hvítur með tvöföldu gleri. Þyngd: 41 kg.



**56.995:-**

**Toppgluggi Komposit**
Stærð 1300 x 588 mm. Hvítur með tvöföldu gleri. Þyngd 20 kg.



**78.995:-**

**Fastur toppgluggi komposit**
Stærð 1300 x 1130 mm, hvítur með tvöföldu gleri. Þyngd 36 kg.



**89.995:-**

**Fastur toppgluggi komposit**
Stærð 1300 x 1430 mm, hvítur með tvöföldu gleri. Þyngd 27 kg.



**97.995:-**

**Fastur toppgluggi komposit**
Stærð 1300 x 1730 mm, hvítur með tvöföldu gleri. Þyngd 47 kg.

## Mikið úrval af gluggum í BAUHAUS!

**Fagmenn velja glugga frá BAUHAUS!**
Composit gluggarnir frá Genua group eru CE-merktir og gæðavottaðir fyrir íslenskar aðstæður. Hið sérstaka efni sem notað er í þá gerir þá sterka og stöðuga. Þeir halda vel hita í rýmum og eru með góðri hljóðeinangrun. Efnið er mjög létt sem einfaldar alla meðhöndlun og ísetningu. Composit gluggana er hægt að fá í ótal litum og útfærslum og miklir möguleikar í sérpöntunum. 100% endurvinnanlegir. 10 ára ábyrgð. Eigum ávallt til á lager glugga bæði úr composit og tré.

GenuaGroup



**MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!**

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is



## Jóhann Ágúst Ólafsson

**Aldur:** 18 ára.
**Skóli:** Menntaskólinn við Sund.
**Uppáhaldsmatur:** Burrito.
**Uppáhaldsdrykkur:** Frappuchino.
**Uppáhaldsfag:** Félagsfræði og saga.
**Það sem ég er að hlusta á:** Ég hlusta á alla tónlist, frá öllum tímabilum og allar tegundir, en ef ég ætti að nefna eitt þá elska ég ljóðaslamm.

Jóhann er alinn upp í Kópavogi en býr nú í Hafnarfirði. Hann stundar nám við MS og byrjar í þriðja bekk í haust. Í sumar nýtur hann þess að vinna úti í veðurblíðunni sem leikið hefur við borgarbúa. „Ég er að vinna við garðslátt með þremur vinum mínum og það er mjög gaman hjá okkur, en svo ætla ég að reyna að fara til Indlands seinna í sumar og fara í sjálfboðaliðastarf,“ segir Jóhann.

„Ég hef farið tvisvar áður, fyrst fyrir tveimur árum, þá fór ég bara í ferðalag, og svo í þetta sama prógramm í fyrra,“ segir Jóhann en í framtíðinni dreymir hann um að stofna sitt eigið fyrirtæki þar sem hann getur hjálpað krökkum að fá sömu tækifæri og hann hefur fengið.

„Draumastarfið mitt væri að reka mitt eigið fyrirtæki, svona ferðaþjónustufyrirtæki þar sem ég myndi líka sjá um aktívistastörf fyrir krakka, þannig að þau gætu fengið að upplifa eitthvað svipað og ég er að upplifa.“

Áhugamál Jóhanns eru afar fjölbreytt en hann hefur bæði gaman af því að vera með vinum sínum og að kynnast nýju fólki. „Ég hef mikinn áhuga á félagslífi og því að vera aktívur, ýmiss konar aktívisma. Svo elska ég söngleiki, gjörsamlega elska þá.“

Á sumrin finnst Jóhanni skemmtilegast að skemmta sér með góðu fólki og sinna aktívistastarfi. „Ég er að fara í MS-útilegu og svo er ég að fara til Sviss með fjölskyldunni. Í haust ætla ég svo til Berlínar með nokkrum vinum og svo vonandi til Indlands,“ segir Jóhann.

# Sumarið er tíminn

**Jóhann**, **Rut**, **Stefán**, **Bríet Eva** og **Helga** hafa öll fundið sér skemmtileg sumarstörf og ætla þrátt fyrir vinnu að njóta sumarsins með vinum sínum, ferðast og skapa minningar. Þau eiga sér stóra drauma um framtíðina og þann tíma sem fram undan er.



## Rut Bernódusdóttir

**Aldur:** 17 ára að verða 18.
**Skóli:** Kvennó.
**Uppáhaldsmatur:** Grillaður hamborgari.
**Uppáhaldsdrykkur:** Vatn.
**Uppáhaldsfag:** Eðlisfræði og stærðfræði.
**Það sem ég er að hlusta á:** Beyoncé, Lemonade, þetta er svo góð plata að ég get ekki hætt. Svo hlusta ég mikið á hlaðvörp. Til dæmis svona „inspirational“ hlaðvörp um æfingar og að vera ekki latur heldur að gera bara hlutina.

Í sumar er Rut að vinna á Grund við Hringbraut þar sem hún fetar í fótspor móður sinnar, en hún sinnti sama starfi á sínum yngri árum. „Ég er að vinna í borðstofunni og við gefum tveimur deildum að borða. Þetta er bara mjög fín vinna, ekkert endilega það skemmtilegasta sem ég hef gert en bara fínt.“

Helsta áhugamál Rutar er handbolti og spilar hún með Gróttu á Seltjarnarnesi. „Ég er búin að vera í handbolta síðan ég var sex ára, tók mér einu sinni eitt ár í frí þegar ég var sjö ára en byrjaði aftur og núna er ég í meistaraflokki,“ segir Rut, en sumarið hjá henni fer að mestu leyti í að vinna og sinna handboltanum.

„Ég ætla mest bara að vinna og æfa. Handboltinn fer í frí í júlí en þá æfum við bara sjálfar, ég ætla að vera í CrossFit Granda þá. Annars er ég með mjög lítið planað, ég ætla að fara á Þjóðhátíð um verslunarmannahelgina með vinkonum mínum og svo ætla ég að fara í Kvennó-útileguna í júlí.“

Rut ætlar að mennta sig í verkfræði eftir að hún lýkur námi í Kvennaskólanum og dreymir um að vinna á því sviði. „Ég hef mjög mikinn áhuga á heilbrigðisverkfræði, væri til í að vinna hjá Össuri eða á spítala eða eitthvað svoleiðis, hjálpa einhvers staðar til.“

Aðspurð að því hvað henni finnist skemmtilegast að gera á sumrin segir Rut að samvera með vinum geri sumarið skemmtilegt. „Mér finnst mjög gaman að fara í ferðalög, svo bara að vera með vinum mínum, gera eitthvað skemmtilegt og hafa gaman.“

ifaw

ICEWHALE

# HVALADAGURINN í dag, laugardaginn 22. júní



## REYKJAVÍK, HÚSAVÍK, AKUREYRI, DALVÍK, HAUGANESI

## Ratleikur fyrir alla fjölskylduna

### Í vinning eru fríar ferðir fyrir tvo að sjá risa hafsins!

Edda Elísabet Magnúsdóttir
Hvalasérfræðingur



Hnúfubakar syngja lengstu og flóknustu söngvana sem þekkjast í dýraríkinu að manninum undanskyldum

Komdu fyrir hádegi í dag í Hvalasafnið á Húsavík, í Hvalasýninguna í Reykjavík eða í miðasölur hvalaskoðunarfyrirtækjanna í Eyjafirði og taktu þátt í bráðskemmtilegum ratleik.

Ókeypis aðgangur í ævintýraheim Hvalasafnsins á Húsavík og í Hvalasýninguna í Reykjavík frá kl 10:00-13:00 í dag.
Fræðsludagskrá og fjör við miðasölur hvalaskoðunarfyrirtækjanna eftir hádegi.

Gentle Giants Húsavík · LákiTours · Whale Watching Akureyri · Special Tours · Salka Whale Watching · Whale Safari · Whale Watching Hauganes · North Sailing · arctic adventures · Elding · The Húsavík Whale Museum · Whales of Iceland



## Stefán Björn Skúlason

**Aldur:** 16 ára.
**Skóli:** Byrja í Verzló í haust.
**Uppáhaldsmatur:** Spaghetti Bolognese.
**Uppáhaldsdrykkur:** Vatn.
**Uppáhaldsfag:** Stærðfræði.
**Það sem ég er að hlusta á:** Ég hlusta mest á íslenskt rapp. Fíla til dæmis Flóna og Birni.

Stefán Björn er alinn upp í miðbænum og kláraði 10. bekk í Austurbæjarskóla nú í vor með stakri prýði. Hann spilar fótbolta með þriðja flokki Vals ásamt því að vinna hjá félaginu í sumar. „Ég er að vinna í fótboltaskóla Vals í sumar þar sem ég þjálfa krakka í fótbolta. Svo er ég líka að vinna á Sumarbúðum í borg, en það er leikjanámskeið sem er í boði fyrir börn hjá Val og hefur verið í boði í mörg, mörg ár, ég var sjálfur á þessu námskeiði þegar ég var lítill," segir Stefán og bætir því við að það sé mjög gaman í vinnunni og að hann skemmti sér vel.

Í sumar ætlar Stefán að njóta þess að vera með vinum sínum, vinna og sinna áhugamálum sínum. „Ég er ekkert með mikið planað fyrir sumarið, ætla bara mest að spila fótbolta og vinna. Svo fer ég örugglega eitthvað til útlanda, en ég veit ekki alveg hvert."

Þegar hann er spurður að því hvað honum finnist skemmtilegast að gera á sumrin þarf Stefán ekki að hugsa sig lengi um: „Mér finnst bara skemmtilegast að vera úti, hanga með vinum mínum og spila fótbolta."

Í haust byrjar Stefán í Verzlunarskóla Íslands og er mikil spenna í loftinu. „Ég komst bara að því í morgun að ég hefði komist inn í Verzló og er mjög ánægður með það," segir Stefán en hann hefur lengi langað að fara í Verzlunarskólann. „Mig er eiginlega búið að langa að fara í Verzló mjög lengi, alveg frá því að ég byrjaði í 8. bekk."





## Bríet Eva Gísladóttir

**Aldur:** 18 ára, verð 19 á árinu.
**Skóli:** Útskrifaðist úr Verzló í vor.
**Uppáhaldsmatur:** Steik.
**Uppáhaldsdrykkur:** Pepsi Max.
**Uppáhaldsfag:** Stærðfræði.
**Það sem ég er að hlusta á:** Ég er rosalega mikið að hlusta bara á það sem er í gangi núna. Mér finnst rapp og popp skemmtilegt og ég fíla The Weeknd mikið.

Bríet Eva býr í Garðabæ en ólst upp í Reykjavík. Í sumar er hún í tveimur vinnum svo að nóg er að gera. „Í ORF líftækni er ég í pökkun og framleiðslu á vörunum og það er bara mjög gaman. Ég er í 100 prósent starfi þar en svo tek ég aukavaktir á TokyoSushi. Ég er búin að vinna þar mjög lengi með skólanum svo ég kann allt þar svo vel og það er líka gaman."

Hún segir að það sé mikið að vera í tveimur vinnum en þrátt fyrir það nái hún að gera ýmislegt skemmtilegt í sumar. „Ég er að fara til Sviss með fjölskyldunni að heimsækja Möggu frænku þó ég sé aðallega bara að fara að vinna af því ég er nýkomin úr útskriftarferð til Krítar."

Bríet Eva var að útskrifast frá Verzlunarskóla Íslands og ætlar að taka sér árs frí á meðan hún áttar sig á því hvað hana langar að gera í framtíðinni. „Ef ég myndi vita hvað draumastarfið væri þá væri allt mun auðveldara," segir Bríet og hlær. „Ég veit ekki hvað mig langar að læra í háskóla. En ég veit að ég ætla í háskóla og ég veit að draumastarfið mitt innifelur einhverja rútínu af því að ég þarf mikla rútínu, en ég þarf líka félagsleg tengsl, ekki bara skrifborð og tölvu."

Sumarið er að sögn Bríetar tími til þess að njóta lífsins, ferðast og skemmta sér. „Á sumrin finnst mér skemmtilegast að nýta tímann með vinum mínum og gera eitthvað skemmtilegt. Fara í útilegu eða sumarbústað eða bara keyra á Selfoss og fá sér pylsu og horfa á brúna. Bara hvað sem er til að búa til minningar og upplifanir."



## Helga Rún Guðmundsdóttir

**Aldur:** 18 ára.
**Skóli:** Kvennó.
**Uppáhaldsmatur:** Nautakjöt með bearnaise.
**Uppáhaldsdrykkur:** Kristall.
**Uppáhaldsfag:** Saga og eðlisfræði.
**Það sem ég er að hlusta á:** Ég hlusta bara á allt. Ég er mikið að hlusta á tónlistina sem er spiluð í útvarpinu, en líka íslenska tónlist og gamla tónlist.

Helga Rún býr í Grafarholti og stundar nám í Kvennaskólanum í Reykjavík. Hún spilar á trompet í skólahljómsveit, syngur í kór og hefur mikinn áhuga á tónlist. Í sumar starfar hún á leikskóla og í verslun. „Ég er í fullu starfi á leikskólanum Maríuborg og vinn aðra hvora helgi í Rúmfatalagernum," segir Helga.

„Mér finnst mjög skemmtilegt að vinna á leikskóla. Mér hefur alltaf fundist gaman að vera í kringum krakka, maður getur alltaf lært eitthvað af þeim," segir Helga og bætir við að þrátt fyrir að hún sé að vinna mikið í sumar þá fái hún sumarfrí á leikskólanum þegar börnin fara í sumarfrí. Á sumrin finnst henni skemmtilegast að ferðast, vera með vinum sínum og njóta.

Helga er nýkomin frá Norður-Ítalíu þar sem hún ferðaðist með skólahljómsveitinni. „Við fengum styrk til að fara til Ítalíu og hitta aðra hljómsveit þar. Við héldum með þeim tvenna tónleika. Spiluðum til dæmis lagið Heyr mína bæn sem er upprunalega ítalskt Eurovision-lag. Ég söng það á íslensku og það var önnur stelpa sem söng það á ítölsku, það var rosa gaman."

Þegar Helga er spurð að því hvert sé hennar draumastarf segist hún ekki viss um hvert starfið sé en hún veit þó vel hvar hana langar að starfa. „Mig hefur alltaf dreymt um að vinna í Borgarleikhúsinu eða Hörpu eða einhverju þannig. Mér finnst stússið í kringum allar svona stórar sýningar og tónleika svo skemmtilegt, svo kannski verkefnastjórnun eða eitthvað svoleiðis væri draumastarfið."



NÚ ER ÞAÐ
SVART!
NÓA
LAKKRÍS
KROPP
MEÐ LAKKRÍSBRAGÐI
TAKMARKAÐ
MAGN
190 g
MEÐ LAKKRÍSBRAGÐI



Bjarki Þór kláraði lögfræði við Háskóla Íslands áður en hann flutti til Noregs fyrir fjórum árum. Hann hefur aðlagðast vel lífinu í Noregi og starfar nú á innkaupaskrifstofu Kristiansand kommune á suðurströnd Noregs. Hann stefnir ekki á flutning heim til Íslands í lengd eða bráð.

Ari Brynjólfsson
ariб@frettabladid.is



# Útilokað að Norðmenn reisi bragga

**Bjarki Þór Steinarsson** er lögfræðingur á innkaupaskrifstofu sveitarfélags í Noregi með svipað marga íbúa og Reykjavík. Hann segir útilokað að mál sem hafi komið upp hér á landi í tengslum við opinber innkaup geti komið upp þar í landi. Furðar hann sig á því að verktakar séu ekki tilbúnir að fara í skaðabótamál þegar ekki er farið eftir reglum.

Það er útilokað að mál eins og Braggamálið á Nauthólsvegi 100 geti komið upp í sveitarfélagi í Noregi, segir Bjarki Þór Steinarsson, lögfræðingur á innkaupaskrifstofu Kristiansand kommune í Noregi. Þar þarf að fylgja stífum reglum sem koma í veg fyrir spillingu og tryggja að fé skattgreiðenda sé notað á sem skynsamastan hátt.

„Ef borgin fær ráðgefandi álit, þá þarf ekki að vera að það séu svokölluð verkkaup. Það þarf að fara fram heildstætt mat á því við hvaða fjárhæð er miðað. Það getur verið að einhver verkkaup, sem hafa ekki farið í útboð, hefðu átt að miðast við þjónustusamning,“ segir Bjarki. Það myndi þýða að miða skyldi við 15,5 milljónir króna í stað 30 milljóna samkvæmt innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

„Ef það er samið við einn verktaka og það kemur eitthvað upp á þá er það verktakinn sem er ábyrgur á eigin kostnað fyrir að fá inn nýtt álit,“ segir Bjarki en það fer þó eftir hvernig samningurinn er gerður.

**Skrítin viðbrögð verktaka**

Bjarki Þór starfar ásamt sjö öðrum á miðlægri innkaupaskrifstofu fyrir Kristiansand og nágrenni, hann hefur ekki starfað við innkaup hér á landi. Íbúafjöldinn á svæðinu sem skrifstofan sinnir er 110 þúsund. Alls kaupir skrifstofan inn vörur fyrir 2,3 milljarða norskra króna á ári. „Eftir að ég byrjaði að vinna við innkaup hér úti og fylgjast með fjölmiðlum heima á Íslandi þá fær maður oft á tilfinninguna að það sé ekki allt með felldu.“

Í skýrslu Innri endurskoðunar um Nauthólsveg 100, sem opinberuð var rétt fyrir síðustu jól, segir að kostnaðareftirliti hafi verið ábótavant og ekki hafi verið unnið í samræmi við lög eða innkaupareglur. Var meðal annars samið við verkefnastjóra og arkitekta með munnlegum samningi. Alls fór sú framkvæmd hundruð milljóna fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun án þess að vera kláruð.

Nýjar innkaupareglur voru samþykktar í borgarstjórn í maí. Ein megináherslan er að efla eftirlit með innkaupum hjá Reykjavíkurborg. Voru þá einnig viðmiðunarfjárhæðir til útboða á þjónustu hækkaðar um eina milljón og verkkaupum um tvær.

Fram kemur í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um verklegar framkvæmdir og innkaupamál, sem kom út í mars síðastliðnum, að umfang beinna innkaupa hjá umhverfis- og skipulagssviði og eignasjóði án innkaupaferlis hafi numið 2,4 milljörðum króna árið 2017. Samanlögð fjárhæð beinna kaupa námu í einhverjum tilfellum fjárhæðarviðmiðum um útboðsskyldu.

Í Noregi er mikil hræðsla við að mynda skaðabótaskyldu þegar reglum er ekki fylgt til hins ítrasta og segir Bjarki skrítið að íslenskir verktakar bregðist ekki eins við. „Ef það fer eitthvað smávægilegt úrskeiðis hjá okkur þá eru verktakar alltaf tilbúnir að fara í mál,“ segir Bjarki. Verktakinn þarf þá að sýna fram á að hann hafi átt raunhæfan möguleika á að fá samninginn til að eiga rétt á kostnaðinum við að undirbúa tilboð. „Ef hann sýnir fram á að hann hefði fengið verkið getur hann fengið samninginn borgaðan út.“

Nefnir hann sem dæmi að ef verkfræðistofa í Noregi fær verk hjá sveitarfélagi án útboðs og kostnaðurinn fer yfir viðmið útboðsskyldu þá séu verktakar tilbúnir að fara í mál. „Ef útboðsskyldan er virt að vettugi, þá getur annar mögulegur verktaki sent inn kæru til kærunefndar útboðsmála. Nefndin úrskurðar þá hvort um brot á reglunum sé að ræða og ef svo er þá fær sveitarfélagið stjórnvaldssekt. Til dæmis ef Braggamálið hefði komið upp hér, framkvæmd upp á 400 milljónir með engum útboðum, þá myndi sveitarfélagið fá 60 milljón króna sekt.“

Sama er uppi á teningnum í íslenskum lögum, þar þarf fyrirtæki aðeins að sanna að það hafi átt raunhæfa möguleika á að vera valið ef sveitarfélagið hefði farið í útboð. „Þetta var vaxandi vandi hér í Noregi að sveitarfélög voru að kaupa ólöglega. Verktakarnir komust að þessu, þá var farið að gera þetta fagmannlegra. Ef það eru minni sveitarfélög þá eru þau iðulega fimm eða fleiri saman í innkaupasamstarfi til að passa upp á að þetta sé gert af fagmennsku og fá betri samninga.“

**Getur ekki alltaf hringt í vin**

Bjarki Þór ítrekar að hann hafi enga reynslu af því að starfa við innkaup hér á landi en í Noregi séu gerðar mjög strangar kröfur. „Það er ekkert grín að gera þetta rétt. Þeir sem senda inn tilboð eyða oft miklum tíma og fjármunum í að gera tilboð, ef þeir verða pirraðir þá þarftu að vera með allt á hreinu.“

Í Noregi er kærunefnd útboðsmála mjög virk og það er lágur þröskuldur til að hægt sé að vísa málum þangað. „Hún er búin að vera í gangi í fimmtán ár, það er alltaf minna og minna að gera hjá þeim því þeir nota alltaf bara fordæmi úr fyrri málum og vísa til þess,“ segir Bjarki Þór.

Markmið útboða er einfalt. „Það er að koma í veg fyrir spillingu og til þess að nota peninga samfélagsins á sem skynsamlegastan hátt. Þú færð betri kjör og meira fyrir peningana með því að kaupa inn gegnum útboð og leyfa öllum að bjóða,“ segir Bjarki.

Viðmiðunarfjárhæðirnar eru öðruvísi hjá Kristiansand kommune, reglurnar verða alltaf strangari og strangari þegar viðmiðunarfjárhæðin hækkar. Miðað er við EES-reglur um innkaup þegar kaup á þjónustu og vörum fara yfir 2 milljónir norskra króna, eða sem nemur 28 milljónum íslenskra króna.

> EFTIR AÐ ÉG BYRJAÐI AÐ VINNA VIÐ INNKAUP HÉR ÚTI OG FYLGJAST MEÐ FJÖLMIÐLUM HEIMA Á ÍSLANDI ÞÁ FÆR MAÐUR OFT Á TILFINNINGUNA AÐ ÞAÐ SÉ EKKI ALLT MEÐ FELLDU.

Hjá sveitarfélögum hér á landi eru útboð gjarnan sett undir sama hatt og verðfyrirspurnir, á þessu er þó stór munur. Á meðan útboð snýst um auglýsingu á verki þar sem allir sitja við sama borð þá er verðfyrirspurn óformleg fyrirspurn til valdra aðila um hvaða verð þeir bjóða.

Í dæmi Mathallar á Hlemmi voru gerðar fjórar verðfyrirspurnir og var samningsverðið hærra en upphaflegt kostnaðarmat.

Öll kaup á milli 1,3 milljóna, eða 18,5 milljóna íslenskra króna, og 2 milljóna norskra króna lúta norskum reglum um innkaup. „Öll kaup fyrir lægri upphæð lúta ekki neinum reglugerðum en það þarf að fylgja meginreglunum í lögunum. Segjum sem svo að ég kaupi verkfræðiálit fyrir 1,2 milljónir norskra, þá get ég ekki hringt í vin minn og fengið hann til að gera það, ég þarf alltaf að vera með lítið takmarkað útboð og tala við þrjá til fimm aðila. Hér er ekki hægt að hringja í vin. Þessar reglur eru alltaf á hreinu. Við keyrum svo öll útboð í gegnum forrit til þess að auka gagnsæi og til að það sé alltaf hægt að skoða eftir á allt sem við gerum.“

Einu skiptin sem ekki þarf að fara í útboð í Noregi er þegar upphæðin er undir 100 þúsund norskum krónum, eða 1,4 milljónum íslenskra króna. „Þá má gera hvað sem er. Útboðsferlið tekur þrjár til fjórar vikur og það verður að vera svigrúm til að kaupa vörur eða þjónustu fyrir lága upphæð.“

**„Ertu frá þér?“**

Í tilviki Braggaverkefnisins á Nauthólsvegi 100 hafði aðili á vegum Reykjavíkurborgar samband við verktaka án þess að fara í útboð. Viðkomandi verktaki sendi svo inn reikninga sem voru greiddir út án athugasemda.

„Ertu frá þér?“ segir Bjarki þegar hann er spurður hvort slíkt gæti komið upp í Kristiansand.

„Við erum með rammasamninga við alla, smiði, pípara, rafvirkja, þegar kemur að verkefnum. Eins og þetta virkar hjá okkur þá erum við með miðlæga skrifstofu sem tryggir að öll innkaup séu gerð með réttum hætti,“ segir Bjarki. Nefnir hann sem dæmi að í dag er hann að vinna í að kaupa inn ljós fyrir íþróttahús. „Þá er ég að vinna með manni frá eignasviði sem veit hvernig ljós þarf að kaupa, en ég kann reglurnar.“

Mikið var rætt um kostnaðarmat verkefna, þá sérstaklega í tengslum við Braggann sem fór mörg hundruð milljónir fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun og fram úr fjárheimildum. Bjarki segir að í Noregi sé gerð krafa um raunhæft og ábyrgt mat á kostnaðinum við útboð. „Ef þú ferð langt fram úr kostnaðinum og notar ranga viðmiðunarfjárhæð þá getur kaupandinn orðið skaðabótaskyldur og átt á hættu að fá stjórnvaldssekt.“

Það er hins vegar gert ráð fyrir svigrúmi. „Það þarf þá að vera eitthvað sérstakt, gjarnan nýjar upplýsingar eða þannig lagað sem eru orsökin fyrir því að farið er fram úr áætlun.“

# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 22. JÚNÍ 2019



**Álfahátíðin í Hellisgerði verður haldin í þriðja sinn um Jónsmessuna, á morgun sunnudaginn 23. júní, með tilheyrandi skemmtiatriðum og nóg af álfum. Í fyrra mættu nokkur þúsund manns í blíðskaparveðri og skemmtu sér vel.** →6






**„Ég veit svo sem ekkert hvernig ég á að að útskýra þetta en það er eins og eitthvað læknist í hnénu með Protis Liðum. Ég gat allt í einu skokkað smávegis og hreyft mig," segir Pétur Björnsson. „Ég hjóla mikið. Það gat ég illa gert fyrir þremur árum," segir Pétur en hann er mikill keppnismaður.**

# Bólgur og verkir hurfu með Protis Liðum

Líftæknifyrirtækið Protis ehf. sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu á lífvirku fiskprótíni úr villtum íslenskum þorski og öðru sjávarfangi. Lífsgæði Péturs Björnssonar gjörbreyttust eftir að hann byrjaði að taka Protis Liði. →2



**Pétur reynir að hjóla á hverjum degi og segir að það geri sér gott. Hann ætlar að taka þátt í WOW Cyclothon-keppninni í sumar ásamt nokkrum hjólafélögum sínum á Sauðárkróki.**

**Framhald af forsíðu**

Protis Liðir er náttúrlegt fæðubótarefni sem unnið úr kollagen-ríkum skrápi sæbjúgna með viðbættu vatnsrofnu þorskprótíni fyrir viðhald vöðva og túrmeriki fyrir bólgueyðandi áhrif. Líftæknifyrirtækið Protis er staðsett á Sauðárkróki. Þar er Pétur búsettur og starfar sem kerfisstjóri hjá tölvufyrirtækinu Fjölneti sem hann á og rekur. Pétur hefur alla tíð stundað íþróttir enda segist hann vera keppnismaður. Ástæða þess að hann byrjaði að taka inn Protis Liði var ónýt hné.

## Áhrifin komu á óvart

„Ætli ég hafi ekki byrjað að taka Protis Liði vegna verkja í hné. Það var fyrir um það bil þremur árum. Annað hnéð er brjósklaust og klippa þurfti til liðþófa. Ég hef farið í tvær aðgerðir vegna þess. Þá hef ég einnig farið í aðgerð út af hinu hnénu. Þar hafa liðþófar einnig verið klipptir auk þess sem sprunga er í brjóski. Þegar ég reyndi að hreyfa mig urðu hnén stokkbólgin, líkt og handbolti að stærð. Þessu fylgdu miklir verkir, til dæmis þegar ég gekk upp tröppur. Mér fannst erfitt að sitja lengi í bíl eða flugvél. Það var virkilega erfitt fyrir mig að keyra frá Sauðárkróki til Reykjavíkur," útskýrir Pétur.

„Ég hafði ekki mikla trú á Protis Liðum í upphafi en ákvað að prófa að taka inn fjórar töflur á dag með morgunmatnum. Um sama leyti hætti ég að gleypa Voltaren rapid sem er bólgueyðandi lyf og fer ekki vel í maga. Það kom mér mikið á óvart að eftir stuttan tíma minnkuðu bólgurnar mikið og verkirnir eiginlega hurfu. Ég veit svo sem ekkert hvernig ég á að að útskýra þetta en það er eins og eitthvað læknist í hnénu með Protis Liðum. Ég gat allt í einu skokkað smávegis og hreyft mig. Áður voru allir „demparar" farnir úr hnjánum," segir hann.

## Út að hjóla

Pétur er kyrrsetumaður þar sem hann starfar við tölvur og finnst því mikilvægt að hreyfa sig. „Ég hjóla mikið. Það gat ég illa gert fyrir þremur árum. Það var í rauninni alveg magnað að strax á fimmta degi eftir að ég byrjaði á Liðum var ég farinn að finna mikinn mun á mér. Sömuleiðis versnaði mér fljótt þegar ég sleppti að taka inn Liði og fékk aftur vonda verki. Protis Liðir hafa hentað mér frábærlega og ég er ekkert að liggja á skoðunum mínum um að þetta gerir mér mjög gott. Ef ég myndi hætta alveg að taka Liði væri ekkert annað í stöðunni en að fara í hnjáliðaskipti. Á meðan þetta er í lagi er ég ekkert að hugsa um slíkt."

Þegar Pétur er spurður hvort hann viti um ástæðu þess að hnén gáfu sig, svarar hann: „Ég slasaðist fyrir rúmum 25 árum þegar ég var að hlaupa utanvegar í Noregi þar sem ég var í námi. Steig illa niður og reif liðþófa, átti síðan að fara í aðgerð sem aldrei varð úr þannig að fóturinn varð alltaf verri og verri. Ég fór að setja allan þungann á hinn fótinn og skemmdi hann líka. Það má segja að þetta séu týpísk íþróttameiðsli. Ég hljóp mikið á þessum árum og tók þátt í hinum og þessum íþróttum. Þegar maður er vanur að hreyfa sig kemur upp eirðarleysi og pirringur ef það er ekki hægt af einhverjum orsökum. Ég hef reynt ýmislegt en á mjög erfitt með hlaup. Hef hins vegar fundið mig á reiðhjólinu enda gerir það mér gott að hjóla. Það er frábært að hjóla hér um sveitirnar, lítil umferð og fátt sem truflar," segir Pétur. „Ég fer því út að hjóla á hverjum degi og gaman að segja frá því að ég ætla að taka þátt í WOW Cyclothon-keppninni í sumar ásamt nokkrum öðrum héðan."




**Sæbjúgu eru gjarnan kölluð „ginseng hafsins" en þau innihalda lífvirka efnið sapónín sem finnst í Protis Liðum.**

## Ginseng hafsins

Skrápur sæbjúgna inniheldur lífvirka efnið chondoitin sulphate. Skrápur sæbjúgna inniheldur einnig hátt hlutfall af sinki, joði og járni og eru sæbjúgu gjarnan kölluð „ginseng hafsins" en þau innihalda lífvirka efnið sapónín. Kollagenið sem unnið er úr sæbjúgum inniheldur hátt hlutfall af mikilvægum amínósýrum, sérstaklega tryptophan auk mangans og nauðsynlegra vítamína fyrir heilbrigð bein, brjósk og liðvökva.

Nánar á protis.is.

Protis-vörurnar fást í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Betri líðan og aukin orka

Lifrin sinnir yfir 100 mismunandi störfum í líkamanum og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni. Active Liver reynist mörgum vel við að viðhalda heilbrigði lifrarinnar.

Lifrin er stærsti kirtill líkamans. Hún gegnir fjölmörgum hlutverkum og er aðal efnaskiptalíffæri líkamans. Í raun er lifrin efnaverksmiðja sem starfar allan sólarhringinn því án hennar ætti engin brennsla sér stað í líkamanum. Að auki væri blóðrásin ekki eðlileg, hormónabúskapurinn færi úr jafnvægi, óhreinindi myndu safnast í blóðið og ótal margt fleira færi úr skorðum.

### Hreinsun eiturefna og virkjun D-vítamíns

Í kínverskum lækningum til forna var sagt: „Læknir sem getur stillt af starfsemi lifrarinnar, veit hvernig á að lækna hundrað sjúkdóma.“ Það er gríðarlega mikið til í þessu því hundruð mismunandi starfa eiga sér stað í lifrinni á hverjum degi og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni. Lifrin er því vægast sagt mikilvægt líffæri og enginn getur verið án hennar. Hún stjórnar meðal annars efnaskiptum og hreinsar eiturefni og óæskileg efni úr líkamanum.

### Lífsstíll hefur áhrif

Það geta verið margar ástæður fyrir því að lifrin virkar ekki eins og hún ætti að gera og fjölmargt í lífsstíl okkar sem getur haft áhrif þar á og ýtt undir fitusöfnun í lifur sem í daglegu tali kallast fitulifur. Fitulifur er hægt að laga og gott er að hafa í huga að það eru ákveðin matvæli sem ráðlegt er að neyta í hófi eða sleppa til að viðhalda heilbrigðri lifur. Það eru:

- Áfengi og koffín
- Unnin matvara, ódýrar olíur og auka/gerviefni
- Ávextir og grænmeti sem innihalda mikið af skordýraeitri og illgresiseyði
- Dýr og afurðir þeirra sem eru „fjöldaframleidd“ (ekki lífræn)
- Sykraðir drykkir og snakk
- Unnið korn (hvít hrísgrjón, hveiti og fleira)

### Active Liver

Active Liver frá New Nordic er gríðarlega vinsæl vara og fjölmargir finna fyrir almennt betri líðan og aukinni orku. Eins og nafnið gefur til kynna eflir þetta bætiefni lifrarstarfsemi og er aukin orka einmitt eitt af einkennum heilbrigðrar lifur. Active Liver inniheldur mjólkurþistil og ætiþistil sem taldir eru stuðla að eðlilegri starfsemi lifrar og galls.




Bætiefnið Active Liver inniheldur mjólkurþistil og ætiþistil sem taldir eru stuðla að heilbrigðri starfsemi lifrar og galls.

### Auðveldara að halda mér í réttri þyngd

Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði hefur notað Active Liver um nokkurt skeið og hefur þetta að segja:

„Ég er mjög meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina. Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er gert úr náttúrulegum efnum. Ég fann fljótlega mun en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um heilsuna og vill halda meltingunni góðri.“



Jóna Hjálmarsdóttir er sjúkraliði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í blöndunni er einnig efnið kólín* sem stuðlar að:

- Eðlilegum fituefnaskiptum.
- Eðlilegri starfsemi lifrar.
- Eðlilegum efnaskiptum er varða amínósýruna hómósystein.
- Að auki inniheldur Active Liver túrmerik og svartan pipar.

### Vinnsla, geymsla og dreifing

Segja má að lifrin sé allt í senn vinnslustöð, geymsla og miðstöð dreifingar því allt sem við borðum, drekkum, öndum að okkur eða berum á húðina fer þar í gegn. Það skiptir því máli, eins og ávallt, að við hugum vel að því hvað við setjum í okkur og á því öll viljum við lifa lengi heilbrigð á líkama og sál.

*Kólín er vatnsleysanlegt næringarefni, skylt öðrum vítamínum eins og fólínsýru og þeim sem tilheyra B-vítamín fjölskyldunni. Kólín sinnir álíka hlutverkum og styður við bæði orku og heilastarfsemi ásamt því að halda efnaskiptunum virkum.

> Ég fann fljótlega mun en orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri.
>
> **Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði**

FEMARELLE REJUVENATE
- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári






Þórunn Elfa fann mikinn mun á c.a. 3 þremur vikum.

FEMARELLE RECHARGE
- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi






Femarelle skiptir Valgerði miklu máli

FEMARELLE UNSTOPPABLE
- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín,
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi






Eva Ólöf er hressari þegar hún notar Femarelle

Lífið ætti ekki að taka stakkaskiptum við það að eldast - vertu með okkur

Elskaðu.Lifðu.Njóttu.

Femarelle vörulínan

# Jónsmessudagskrá víða um landið

**Jónsmessan er 24. júní ár hvert en um helgina eru viðburðir tengdir Jónsmessunni og sólstöðum víða um land.**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is





**Jónsmessuhátíð er haldin á Akureyri um helgina með fjölbreyttri dagskrá.** NORDICPHOTOS/GETTY

Á Árbæjarsafninu í Reykjavík verður Jónsmessujóga á morgun 23. júní milli klukkan 14.00 og 15.00. Þorgerður Sveinsdóttir jógakennari leiðir einfalt fjölskyldujóga. Jógað er opið öllum en greiða þarf aðgangseyri inn á safnið.

Árbæjarsafnið stendur einnig fyrir Jónsmessugöngu sem hefst klukkan 22.30 annað kvöld. Gengið verður frá Árbæjarsafni og niður í Elliðaárdal. Stefán Pálsson sagnfræðingur leiðir gönguna.

Miðsumarhátíðin Reykjavík Midsummer music er haldin í Hörpu í sjöunda sinn. Hún hófst á fimmtudaginn og stendur til morguns.

Í Hraunborgum í Grímsnesi er mikið um að vera um helgina en þar er haldin miðsumarhátíð að sænskum sið. Gestir eru hvattir til að mæta með hljóðfærin sín og allir koma saman um kvöldið og setja saman risa miðsumarband sem spilar fyrir gesti hátíðarinnar. Blómaskreytingasérfræðingur kennir blómaskreytingar og allir eru hvattir til að skreyta tjöldin sína og vagna. Sveitamarkaður verður á staðnum. Sundlaugarpartí fyrir unga sem aldna, boðið verður upp á bjórsmökkun, matarsmökkun, það verður uppistand og línudansar, reiptog, pokahopp, grillpartí og margt fleira.

> **Í Hraunborgum í Grímsnesi er mikið um að vera um helgina en þar er haldin miðsumarhátíð að sænskum sið**

Á Akureyri verður Jónsmessunni fagnað með 24 tíma hátíð sem hefst á hádegi í dag og stendur til hádegis á morgun. Dagskráin er fjölbreytt og hefst á Listasafninu á Akureyri með einleik Tuma Hrannar-Pálmasonar, sem þekktur er undir listamannsnafninu Flammeus. Hann leikur á gítar og syngur lög af plötu sinni The Yellow sem er væntanleg 4. júlí.

Í sundlaug Akureyrar verður sýnt dansverk og trúbador kemur og spilar fyrir laugargesti. Flammeus mun einnig mæta á staðinn og í kvöld mun tvíeykið Stórleikurinn þeyta skífum á bökkum sundlaugarinnar. Í sundlauginni verður boðið upp á vatnazúmba í dag milli kl. 17.00 og 18.00.

Á göngugötunni í miðbænum spilar hljómsveitin Omotrack frá klukkan 23.00-23.45. Á miðnætti verður svo hægt að dansa zúmba á Ráðhústorginu.



**Árbæjarsafn stendur fyrir göngu um Elliðaárdalinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ýmsar listsýningar og tónleikar verða í Listagilinu gestum að kostnaðarlausu. Víðsvegar um bæinn verður boðið upp á tónleika og ýmsa gjörninga. Nákvæma dagskrá má finna á visitakureyri.is.

Í Grímsey er um helgina sumarsólstöðuhátíð með fjölbreyttri dagskrá, fjölskylduratleik, lifandi tónlist, sjávarréttakvöldi, balli, varðeld og Brekkusöng og fleiru.

Á Kópaskeri er einnig sólstöðuhátíð um helgina þar sem nóg er um að vera. Andlitsmálning fyrir börnin, kaffi og matsala. Bryggjutónleikar verða í kvöld þar sem bæði heimamenn og gestir stíga á svið. Sérstakir gestir eru Kristján Kristjánsson, eða KK, og Páll Rósinkranz. Eftir tónleikana er ball í íþróttahúsinu með hljómsveitinni Legó. Hátíðin endar á morgun með fjölskyldugöngu út að Kópaskersvita og norður með ströndinni út að veggjabrotum fjárborgarinnar við flugvöllinn.

EINFÖLDUM HLUTINA

VANTAR ÞIG AÐSTOÐ VIÐ REKSTUR?

- Þarf að snúa rekstri við?
- Þarftu að losa lager og verðmæti?
- Viltu selja reksturinn?
- Er fyrirtækið á leið í þrot?
- Þarftu að finna leiðir til að loka?

YFIRTÖKUM EIGNIR / KAUPUM:

- Ökutæki
- Lóðir/Eignir
- Lager fyrirtækja
- Fyrirtæki sem eru að fara í þrot eða eru til sölu

OKKAR NÁLGUN

- Erum lausnamiðaðir
- Staðgreiðum verðmæti
- Kaupum allar eignir
- Fyllsta trúnaðar er gætt
- Skjót ákvarðanataka

MÁLALAUSNIR
malalausnir@malalausnir.is

# Sumarbirtan truflar svefninn

Sumarsólstöður voru í gær en þá er lengsti dagur ársins, sólin skín hátt á himni og umvefur okkur birtu allan sólarhringinn. Sú mikla er birta er alger andstæða við það sem við upplifum í kringum vetrarsólstöður þegar dagsljós er mjög lítið.


Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch er doktor í líf- og læknavísindum.

Svefntruflanir eru meðal algengustu heilsufarsvandamála fólks sem býr á norðurhveli jarðar. Þar spilar saman mikil birta yfir sumartímann og mikið myrkur yfir vetrartímann, en þessi mikli munur á ljósi hefur bein áhrif á líkamsklukkuna okkar,“ segir Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch, doktor í líf- og læknavísindum.

„Birtan hefur áhrif á heilann því hún hemur framleiðslu hormóna sem gera okkur syfjuð. Við erum einfaldlega minna þreytt þegar við erum umvafin birtu allan sólarhringinn. Það þýðir samt ekki að við þurfum að hvílast minna. Svefn er enn jafn mikilvægur þó að bjart sé úti,“ segir Sandra.

Rannsóknir sýna að það tekur fólk lengri tíma að sofna, það sefur skemur, vaknar oftar á nóttunni og hreyfir sig meira í svefni þegar bjart er úti allan sólarhringinn. Svefnleysi er algengt meðal Íslendinga á sumrin en fólk sefur þá oft um klukkustund skemur á nóttu en um veturna.

„Svefninn er mjög mikilvægur fyrir andlega heilsu og lítill svefn hefur strax áhrif á okkur. Langvarandi svefnskortur hefur mjög slæm áhrif á heilsuna og það kemur að skuldadögum fyrr eða síðar. Svefn er alltaf jafn mikilvægur, líka þegar bjart er úti,“ bætir Sandra við.

## Eina lyfið án lyfseðils við svefntruflunum

Jurtalyfið Sefitude frá Florealis er eina lyfið á Íslandi við svefntruflunum og vægum kvíða sem fæst án lyfseðils í apótekum.

Sefitude styttir tímann við að sofna og bætir gæði svefns. Lyfið inniheldur útdrátt úr garðabrúðurót (Valeriana) en róandi áhrif jurtarinnar hafa lengi verið viðurkennd og staðfest í klínískum samanburðarrannsóknum.

„Sefitude er tekið inn að kvöldi og hjálpar viðkomandi að róast og sofna. Það dregur úr því að fólk sé að vakna oft á nóttunni og stuðlar þannig að samfelldum svefni. Sefitude hentar því sérstaklega vel þeim sem upplifa svefntruflanir yfir björtustu mánuðina. Það er hvorki sljóvgandi né ávanabindandi og má nota allt frá 12 ára aldri,“ segir Sandra að lokum.

## Gagnlegar upplýsingar

Sefitude er á 15 prósenta afslætti í Garðs Apóteki og á Appotek.is.

Sefitude fæst án lyfseðils í öllum apótekum. Notkun við svefntruflunum: 1 tafla ½-1 klst. fyrir svefn fyrir fullorðna og ungmenni eldri en 12 ára. Notkun við vægum kvíða: 1 tafla 1-3 sinnum á dag fyrir fullorðna og 1 tafla 1-2 á dag fyrir ungmenni 12-18 ára. Ekki ráðlagt börnum yngri en 12 ára, þunguðum konum eða konum með barn á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Leitið læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkun. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Þessi kynning er unnin í samstarfið við Florealis ehf.


FLOREALIS




# Er erfitt að sofna?

Sefitude hjálpar þér að sofna, bætir gæði svefns og dregur úr vægum kvíða.

15% afsláttur á Appotek.is og í Garðs Apóteki

Notkun við svefntruflunum: 1 tafla ½-1 klst fyrir svefn fyrir fullorðna og ungmenni eldri en 12 ára. Notkun við vægum kvíða: 1 tafla 1-3 sinnum á dag fyrir fullorðna og 1 tafla 1-2 á dag fyrir ungmenni 12-18 ára. Ekki ráðlagt börnum yngri en 12 ára, þunguðum konum eða konum með barn á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Leitið læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkun. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Fæst án lyfseðils í öllum apótekum

www.florealis.is


Hver og einn túlkar sinn innri álf á einstakan hátt.


María Ísól, dóttir Tinnu, er hér í álfabúningi.


Nokkur þúsund manns mættu á hátíðina í fyrra.

# Álfadrottning og -kóngur ganga um Hellisgerði

Álfahátíðin í Hellisgerði verður haldin í þriðja sinn um Jónsmessuna, á morgun sunnudaginn 23. júní, með tilheyrandi skemmtiatriðum og nóg af álfum. Í fyrra mættu nokkur þúsund manns í blíðskaparveðri og skemmtu sér vel.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Í fyrra mættu nokkur þúsund manns á hátíðina sem var langt fram úr öllum væntingum, að sögn Tinnu Bessadóttur, skipuleggjanda hátíðarinnar. Tinna rekur Litlu Álfabúðina og kaffihúsið í Hellisgerði sem er alltaf opið á sumrin. Hún segir að það sé sterk hefð fyrir að halda upp á Jónsmessuna í Hafnarfirði, enda gömul trú að þar séu álfar í hrauninu sem koma út og skemmta sér á þessum lengsta degi ársins. „Það hefur verið haldin Jónsmessuhátíð í Hafnarfirði í mörg ár en með misjöfnum hætti,“ segir Tinna sem er alin upp þar.

„Í fyrra heppnaðist hátíðin mjög vel. Þá vorum við með barnajóga og nudd fyrir börn, álfagöngu, fólkið í Annríki mætti í þjóðbúningunum og listhópur Vinnuskólans var með sýningu.“ Þá var álfagangan gengin frá Hamrinum niður í Hellisgerði.

Sigurbjörg Karlsdóttir mun leiða gönguna í ár, Annríki mætir aftur í búningum og það verður fjölskyldujóga. Gígja Árnadóttir, rithöfundur og kennari, ætlar að halda sögustund en hún hefur skrifað sögur um álfa og huldufólk handa börnum sem heita Hvað er á bakvið vegginn?

Síðan verða Svala Björgvins og Þórdís Imsland með tónleika þar sem þær flytja Disney-lög. Dagskránni er stýrt af Trjálfunum, sem eru Helga Braga Jónsdóttir leikkona og Steinn Ármann leikari.


Tinna hvetur alla hátíðargesti til að mæta í álfabúningum.

Á hátíðinni geta gestir séð álfadrottninguna og álfakonunginn ganga um Hellisgerði en Tinna segir að konungsparið hafi ætíð verið vinsælt myndefni á hátíðinni.

„Hátíðin er fyrir alla en miðar mest að yngri krökkunum. Það verður róleg stemning, ekki mikill troðningur, og fullt af álfum sem er hægt að taka myndir af og svona.“ Tinna segir marga krakka hafi mætt í álfabúningum í fyrra og mælir með að fólk mæti í álfabúningum á hátíðina, bæði fullorðnir og börn. Í fyrra voru búningarnir jafn mismunandi og þeir voru margir. „Hver og einn þarf að túlka sinn álf sjálfur, það getur verið hvernig sem er.“

Boðið verður upp á vöfflur, kaffi og djús, síðan verða til sölu blómakransar og álfaeyru. „Álfaeyrun seldust upp á um klukkutíma í fyrra. En við verðum líka með álfahúfur í boði og alls konar varning sem fæst í Álfabúðinni, eins og litlar álfastyttur, álfaskó og ýmislegt.“

> „Mig langaði að gera eitthvað skemmtilegt og hér í Hellisgerði er rosalega góð aðstaða fyrir hátíð.

Álfahátíðin var alltaf hugarfóstur Tinnu sem hefur rekið kaffihúsið og búðina í um fjögur ár. „Mig langaði að gera eitthvað skemmtilegt og hér í Hellisgerði er rosalega góð aðstaða fyrir hátíð. Það er einhvern veginn alltaf gott veður og logn hérna, og þar er svið sem er of sjaldan notað. Staðurinn býður upp á litla fjölskylduhátíð og mér fannst tilvalið að nýta það.“

Upphaflega byrjaði hátíðin sem verkefni í viðburðastjórnun í Háskólanum á Hólum sem vatt upp á sig. Nú talar bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar um að gera hátíðina að árlegum viðburði um ókomna tíð að sögn Tinnu. Það er ókeypis inn á hátíðina sem byrjar klukkan tvö eftir hádegi á morgun, sunnudag, og stendur yfir til fjögur.

# Íslenskt – gjörið svo vel

LAUGARDAGUR 22. JÚNÍ 2019 **Kynningar:** Múlalundur, Lífland, Fanntófell, Hilma handverk og hönnun



**Sumarsólstöður við Drangaskörð á Ströndum, séð frá Munaðarnesi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Íþyngjandi reglur bitna helst á litlum fyrirtækjum

Viðskiptaráð hvetur stjórnvöld til að setja kraft í einföldun regluverks. Harðorður pistill birtist í vikunni á heimasíðu ráðsins en í honum sést að Ísland er eftirbátur annarra landa.

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is

Viðskiptaráð Íslands birti í vikunni pistil sem kallast Regluverk á Íslandi er of íþyngjandi. Þar segir meðal annars að víða sé pottur brotinn í laga- og regluverksumgjörð hér á landi þrátt fyrir að stór hluti þess sé sambærilegur við það sem tíðkast í nágrannalöndunum.

Segir enn fremur að loforð ríkisstjórnarinnar um einfaldara og skilvirkara regluverk hafi verið brotið. „Fögrum fyrirheitum stjórnvalda hefur þó ekki verið fylgt eftir og markvissar aðgerðir í þágu einföldunar regluverks hafa setið á hakanum,“ segir í pistlinum.

Í pistlinum er bent á að of íþyngjandi reglur leiði til mikils kostnaðar fyrir fyrirtæki, sem hamli samkeppni og skapi aðgangshindranir. Hindranir við markaðssetningu nýrra vara sem hamli þar af leiðandi nýsköpun í atvinnulífinu og virkni markaða. Slíkt sé skaðlegt samkeppnishæfni atvinnulífsins í heild.

Einnig er bent á að kostnaður fyrirtækja við að fylgja reglum bitni helst á smærri fyrirtækjum. Lítil og meðalstór fyrirtæki búa yfir minni fjárhagslegum styrk og sérfræðiþekkingu til að ráða fram úr þungu og flóknu regluverki. Þá er bent á að reglugerðum var að jafnaði breytt nánast daglega síðustu tíu ár, samanborið við breytingu þriðja hvern dag áratuginn þar á undan.

Skortur á aðgengi er einnig nefnt til sögunar, og einnig eru vísbendingar um að íslenskt regluverk sé ekki skilvirkt í alþjóðlegu samhengi. Í árlegri úttekt IMD viðskiptaháskólans á samkeppnishæfni er meðal annars kannað mat stjórnenda á lykilþáttum regluverks. Þar kemur Ísland iðulega verr út en hin Norðurlöndin.

Í Vísitölu regluverks í þjónustu, sem OECD hefur tekið saman, kemur Ísland ekki heldur vel út. Ef litið er til útkomu í einstökum atvinnugreinum er Ísland í 1. sæti yfir mest íþyngjandi regluverkið í sjö atvinnugreinum: Kvikmyndagerð, hljóðupptöku, byggingariðnaði, tölvuþjónustu, frakt, flutningum til neytenda og vörugeymslu. Skorar Viðskiptaráð á stjórnvöld að kortleggja hvað veldur og gera úrbætur.

Ekki er aðeins bent á það sem betur mætti fara heldur komið með góð ráð. „Stærsta tækifærið til úrbóta felst í að vinda ofan af þeirri hvimleiðu hefð að innleiða EES-regluverk með meira íþyngjandi hætti en nauðsynlegt er. Þá ætti að forðast að innleiða séríslensk ákvæði sem leggja meira íþyngjandi skyldur á íslensk fyrirtæki heldur en fyrirtæki í nágrannalöndunum búa við,“ segir meðal annars.

Hinn svokallaði „hnappur“ í lögum um ársreikninga er síðan tekinn fyrir. Hnappurinn gefur þeim fyrirtækjum sem falla undir skilgreiningu örfélaga kost á að skila gögnum til Ríkisskattstjóra með einföldum hætti. Bent er á að þegar hann var innleiddur var ákveðið að miða við að íslensk örfyrirtæki séu með þrjá starfsmenn eða færri, en í flestum öðrum ríkjum er miðað við 10 starfsmenn eða færri. Þannig hafi löggjafinn búið til séríslensk viðmið þrátt fyrir að á Íslandi er jafn flókið að reka 10 manna fyrirtæki annars staðar á EES-svæðinu. Ekki er að finna haldbæra skýringu á þessum séríslensku örmörkum í greinargerð með frumvarpi laganna.“



Ísland er í 1. sæti yfir mest íþyngjandi regluverkið í sjö atvinnugreinum meðal annars kvikmyndagerð, byggingariðnaði, tölvuþjónustu og flutningum til neytenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR







# ÍSLENSKT
*gjörið svo vel*

## Íslensk húsgögn

AGUSTAV

AXIS

Á. GUÐMUNDSSON
STOFNAÐ 1956

1975 GÁ HÚSGÖGN

RANDOM ARK

SYRUSSON
Hönnunarhús

Vegur íslenskrar húsgagna-framleiðslu hefur vaxið að undanförnu, enda einkennist hönnun húsgagnanna af listfengi og framsækni og smíði þeirra af fagmennsku. Þegar ný hönnun og gott handverk fara saman tekst að skapa verðmæti. Við erum stolt af því sem er hannað og framleitt hér á landi.

25 ára 1994 2019 SI Samtök iðnaðarins

# Þang og silki með íslenskri ull

**Frumkvöðullinn Hilma Eiðsdóttir Bakken er með meistaragráðu í líftækni. Hún hannar sitt eigið fágæta band og gullfallegar ullarflíkur með heklaðferð úr óvæntum efniviði náttúrunnar.**

Mig hafði lengi dreymt um vinnustofu þar sem ég gæti unnið að handverki mínu og hönnun. Ég hef prjónað síðan ég man eftir mér og lagði mikla útreikninga í að hafa göt í mittinu á kjól sem ég prjónaði sem unglingur, en prjónaskapur er stórskemmtileg stærðfræði þegar maður útfærir eigin munstur og uppskriftir,“ segir Hilma Eiðsdóttir Bakken.

Hilma er prjónakona með meistaragráðu í líftækni og stofnaði Hilmu – hönnun og handverk árið 2017.

„Ég hafði unnið í fjögur ár við frumurannsóknir í lífvirknisetri Matís á Sauðárkróki þegar faðir minn lést í bílslysi og líf mitt tók u-beygju árið 2016. Við slík áföll endurmetur maður lífið og það sótti á mig hvort ég gæti lifað af því að vera með vinnustofu eins og hjarta mitt þráði. Ég skellti mér því á Brautargengi hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem er námskeið fyrir konur með viðskiptahugmynd og lærði að gera viðskiptaáætlun. Í kjölfarið sótti ég um styrk í uppbyggingasjóð SSNV, sem ég hlaut, og draumurinn rættist,“ útskýrir Hilma kát.



Hilma er sú sem hér stendur.



Flíkur Hilmu eru einstakar á allan hátt og úr fágætum efniviði náttúrunnar.

## Fjórar vörulínur

Markmið Hilmu er að vinna sem mest með íslenska ull. Úr hugarfylgsnum hennar fæddust fjórar vörulínur sem bera nöfn gyðjanna Vár, Synjar, Lofnar og Bestlu úr norrænni goðafræði.

„Vár eru vélprjónaðar flíkur settar saman með gimbi. Gimb er heklaðferð sem á ensku útleggst „hairpin lace crochet“ og ég vinn meðal annars með endurskinsþræði í peysur, sjöl og lendaskjól því ég vil að við sjáumst og leiðist svo óskaplega ósýnilegt fólk í skammdeginu,“ segir Hilma.

Lendaskjól eru ekki pils því þau eru ætluð utan yfir buxur og eru fyrir alla, konur og karla.

„Lendaskjól má líka nota sem kraga og yfir axlir, en þau prjóna ég í mismunandi stærðum fyrir mismunandi stórar lendar. Í þeim felst tvöfalt öryggi; þér verður ekki kalt og þú sést örugglega. Skjólin eru úr íslenskri ull og endurskini, hugsuð fyrir alla sem eru úti í íslensku veðri, hvort sem þeir eru að bíða eftir strætó eða á göngu,“ upplýsir Hilma. Lofn-línan er meira handunnin, meira gimb og minna prjón. Vörurnar eru úr meiri lúxusefnum, eins og geitafiðu, kasmír, ull og silki,“ útskýrir Hilma.

„Undir Bestlu fellur svo ýmislegt eins og bók með prjónauppskriftum sem nú er í vinnslu, námskeið, leiðsögn og mitt eigið prjónaband.“

## Sérhannað band

Hilma hannar sitt eigið prjónaband sem er spunnið í UppSpuna í Rangárvallasýslu.

„Vár-bandið nota ég sjálf en það er spunnið úr 90 prósent íslenskri ull og 10 prósent endurunnu sarí-silki. Lofnar-bandið er úr 60 prósent fyrsta flokks lambsull, 20 prósent rósatrefjum og 20 prósent mjólkurprótíntrefjum, sem skilar dásamlegri útkomu. Ég er svo nýbúin að frumsýna MarEik 25 og MarEik 40 í kjölfarið á Prjónagleði á Blönduósi um hvítasunnuhelgina. MarEik 40 er 60 prósent íslensk ull og 40 prósent SeaCell™ trefjar. SeaCell™ trefjar eru úr sellulósa úr trjám og þara úr Breiðafirði. MarEik 25 er 75 prósent íslensk ull og 25 prósent SeaCell™. Þá eru fleiri blöndur í vinnslu sem verða vonandi tilbúnar fyrir Handverkshátíðina í Hrafnagili í ágúst,“ segir Hilma og greinilegt að meistaragráðan í líftækni nýtist henni vel í handverkinu.

„Ég hef unnið ansi mikið með þara og þang og veit því hvaða jákvæðu eiginleika það hefur þegar kemur að andoxun og bakteríuhamlandi virkni. Vörurnar eiga engan sinn líka en það er einmitt tilgangurinn og ekki til mörg eintök af hverri vöru.”

Skoðaðu handverk Hilmu á hilma.is. Vörurnar fást í Eftirlæti á Sauðárkróki, Litlu hönnunarbúðinni í Hafnarfirði og Jöklu á Laugavegi 90.

HILMA
HÖNNUN OG HANDVERK

SGHÚS sghus@sghus.is
ÍBÚÐARHÚS - FJÖLNOTAHÚS
KRAFTSPERRUR - SUMARHÚS
SGHÚS sghus@sghus.is




SG Hús hefur byggt yfir 1400 timburhús frá árinu 1966 vítt og breytt um landið

Lögð er áhersla á smíði vandaðra timburhúsa sem eru hönnuð og byggð við íslenskar aðstæður. Fjölbreytilegt veðurfarið á Íslandi gerir miklar kröfur um vönduð vinnubrögð og reynsla starfsfólks okkar eykur öryggi og gæði húsanna.

ÍBÚÐARHÚS - FJÖLNOTAHÚS - KRAFTSPERRUR - SUMARHÚS

BÓNUS®






**Hjá leikskólum Kópavogs er óskað eftir** leikskólakennurum, deildarstjóra, sérkennara, matreiðslumanni og deildarstjóra sérúrræða.

**Í grunnskólum Kópavogs er óskað eftir** sérkennarar, smíðakennara, tónmenntakennara, frístundaleiðbeinendum, forstöðumanni frístundar, kennurum á unglingastig og miðstig og aðstoðarforstöðumanni frístundar.

**Á velferðarsviði er óskað eftir** þroskaþjálfa, starfsmanni á hæfingarstöð og teymisstjóra í íbúðakjarna.

**Einnig eru laus til umsóknar störf** verkefnastjóra menningarhúsanna, kynningar- og markaðsstjóra menningarmála og frístundaleiðbeinanda félagsmiðstöðvanna.

**Kynntu þér fjölbreytt störf á heimasíðu okkar www.kopavogur.is.**

Kópavogsbær
kopavogur.is

---

Oculis

## Aðstoðarmaður á rannsóknarstofu

Oculis ehf. leitar að nákvæmum og samviskusömum aðstoðarmanni á rannsóknarstofu fyrirtækisins.

Helstu verkefni
- Birgðahald og skráning á efnum og vörum á rannsóknarstofu
- Framkvæma reglubundnar mælingar
- Útbúa sýni og lausnir
- Annast almenna umsýslu og þrif á rannsóknastofu
- Þvottur á glervöru
- Annast önnur verkefni sem tengjast rekstri rannsóknarstofu

Menntun og hæfniskröfur
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rannsóknarstofuvinnu er æskileg.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Viðkomandi er tilbúinn að þróast í starfi og takast á við fleiri verkefni.

Nánari upplýsingar veitir: Guðrún Ásgrímsdóttir gudrun.asgrimsdottir@oculis.com. Umsóknir skal senda á: umsokn@oculis.com eigi síðar en 19. júlí 2019.

Oculis ehf. er öflugt nýsköpunarfyrirtæki í hröðum vexti sem vinnur að þróun nýrra augndropa til notkunar við sjúkdómum í fram- og afturhluta augans. Fyrsta vara Oculis eru augndropar við sjónhimnubjúg í sykursýki sem eru nú í fasa IIb klínískum rannsóknum. Oculis er með starfstöðvar í Reykjavík og í Lausanne í Sviss. Þróun lyfjaforma fer fram á nýrri rannsóknarsofu Oculis í Reykjavík. Hjá Oculis starfa sérfræðingar með áratuga reynslu af augnlyfjaþróun.

---

**Við finnum rétta einstaklinginn í starfið**

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is

---

# Deildarstjóri í NAV þjónustu og ráðgjöf

Býrð þú yfir góðri þekkingu á Dynamics NAV eða sambærilegum ERP kerfum? Hefur þú reynslu af því að veita ráðgjöf og stýra verkefnum? Við leitum nú að manneskju til að leiða þjónustu- og ráðgjafardeild Advania á sviði Dynamics NAV.

Hlutverk deildarstjóra er að sjá um forðastýringu verkefna, áætlanagerð og daglegan rekstur deildarinnar. Deildarstjóri ber ábyrgð á vöruframboði og tekur virkan þátt í sölu og ráðgjöf vegna NAV lausna Advania. Meðal helstu verkefna þjónustu- og ráðgjafardeildarinnar eru innleiðingarverkefni, uppfærsluverkefni, ráðgjöf og viðvera hjá lykilviðskiptavinum.

## Almennar hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Rík þjónustulund, leiðtogahæfni og hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til 3. júlí 2019. Nánari upplýsingar veita:**
Lárus Long, forstöðumaður ráðgjafar og verkefnastjórnunar, **larus.long@advania.is / 440 9000**
María Hólmfríður Marinósdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, **maria.holmfridur.marinosdottir@advania.is / 440 9000**

Tekið er á móti umsóknum á
**www.advania.is/atvinna**

advania

Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

# ENDURMENNTUN HÍ

## ENDURMENNTUN Háskóla Íslands auglýsir tvö störf laus til umsóknar.

**Þjónustufulltrúi**
Starfið felur í sér samskipti við viðskiptavini og fjölbreytt og krefjandi verkefni í þjónustudeild.

**Helstu verkefni:**
- Innköllun og umsjón námsgagna
- Móttaka og skráning þátttakenda
- Tæknileg aðstoð í kennslustofum
- Símsvörun og upplýsingagjöf
- Umsjón með kennslustofum
- Önnur almenn skrifstofustörf
- Þátttaka í teymisvinnu þjónustudeildar

**Kröfur um hæfni og reynslu**
- Framúrskarandi þjónustulund og reynsla af þjónustustörfum
- Góð tölvu- og tækniþekking
- Skipulagshæfni og frumkvæði
- Mikil samskiptahæfni og sjálfstæði í starfi
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti

**Frekari upplýsingar veitir Lilja Björk Hauksdóttir, liljabh@hi.is.**

**Verkefnastjóri á sviði markaðs- og sölumála**
Starfið felur í sér fjölbreytt og krefjandi verkefni á sviði markaðs- og sölumála.

**Helstu verkefni:**
- Uppsetning og umsjón með herferðum á samfélagsmiðlum
- Markpóstagerð
- Utanumhald námskeiða
- Þátttaka í teymisvinnu og framþróun sölu- og markaðsmála
- Vinnsla og viðhald ýmissa gagna og önnur tilfallandi verkefni

**Kröfur um hæfni og reynslu**
- Háskólamenntun
- Frumkvæði, þjónustulund og framúrskarandi samskiptahæfni
- Skipulagshæfni og nákvæmni
- Lausnamiðuð og skapandi hugsun
- Haldgóð þekking á samfélagsmiðlum og stafrænni markaðssetningu
- Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta í ræðu og riti – reynsla af textagerð er kostur
- Reynsla af vinnu í MailChimp og úrvinnslu tölfræðilegra markaðsgagna er kostur
- Kunnátta og/eða þekking á myndvinnsluforriti er kostur

**Frekari upplýsingar veitir Þorbjörg Pétursdóttir, thorbjorg@hi.is.**

Um er að ræða 100% störf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og hluteigandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí 2019 og skulu umsóknir ásamt ferilskrá berast til: endurmenntun@hi.is**

---

# Sérfræðingur í ökunámi og leyfisveitingum



**Samgöngustofa auglýsir lausa til umsóknar stöðu sérfræðings í ökunámi og leyfisveitingum á farsviði stofnunarinnar**

Helstu verkefni eru umsýsla málefna ökukennslu, ökuprófa og ökuréttinda. Sérfræðingur kemur meðal annars að námskrárvinnu, gerð bóklegra og verklegra prófa, gerð verklagsreglna og eftirlits. Að auki umfjöllun um lög og reglugerðir á sviði umferðarmála. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til 8. júlí 2019**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð reynsla af námskrár- og prófagerð
- Hæfni til að tjá sig í rituðu og mæltu máli
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagmennska í starfi ásamt skipulagningu og ögun í verkum eru áskilin
- Þekking á umferðarmálum er kostur
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði og kunnátta í einu eða fleiri Norðurlandamálum er kostur

***Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.***

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa

---

# LIND FASTEIGNASALA

**Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.**

**Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.**

**Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is**

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is
**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

---

REYKJALUNDUR endurhæfing
FYRIRMYNDARSTOFNUN 2019

## Sjúkraliði

Við leitum að sjúkraliða í 80 – 100% starfshlutfall á hjúkrunardeild okkar. Unnið er á þrískiptum vöktum og þriðju og fjórðu hvoru helgi er unnið á 12 tíma vöktum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið starf sem fyrst.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegri teymisvinnu þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn. Krafist er frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum, skipulagshæfileika og góðrar hæfni í mannlegum samskiptum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Sjúkraliðafélags Íslands og Reykjalundar.

Upplýsingar um störfin veita Ingibjörg Óskarsdóttir hjúkrunarstjóri í síma 585-2150/585-2151, netfang; ingibjorgo@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri, netfang; gudbjorg@reykjalundur.is

**Umsóknarfrestur er til 7. júlí 2019.**

Umsóknarform má finna á heimasíðu Reykjalundar
**www.reykjalundur.is**

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

---

LISTASAFN ÍSLANDS
NATIONAL GALLERY OF ICELAND

## Verkefnastjóri viðburða og fræðslu

Listasafn Íslands auglýsir eftir sérfræðingi í starf verkefnastjóra viðburða og fræðslu. Listasafn Íslands rekur söfn á þremur stöðum í Reykjavík; í aðalbyggingu safnsins að Fríkirkjuvegi, við Bergstaðastræti og á Laugarnestanga.

Við leitum að metnaðarfullum starfsmanni til að ganga til liðs við okkur og taka þátt í fjölbreyttum og krefjandi verkefnum tengdum viðburðum og fræðslu. Um tímabundna ráðningu í 100% starf til allt að 12 mánaða er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf í ágúst/september.

Allar nánari upplýsingar um starfið er að finna á **www.starfatorg.is.**

**Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi**

# Sérfræðingur í málefnum umhverfis

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) auglýsa eftir kraftmikilli manneskju í nýtt starf innan samtakanna á sviði umhverfismála. Um er að ræða spennandi og krefjandi verkefni sem felur meðal annars í sér markmiðasetningu í umhverfismálum, innleiðingu verkferla og verkefnastjórnun með minnkandi kolefnisspor að leiðarljósi.

**Ábyrgð og verkefni**

- Stefnumörkun og gerð áætlana um aukinn árangur sjávarútvegs í umhverfismálum
- Eftirfylgni áætlana og mælinga á árangri
- Ábyrgð á samskiptum við hagsmunaaðila, þjónustuaðila og stjórnvöld tengd umhverfismálum
- Kynna framlag sjávarútvegs til umhverfismála
- Styðja við markaðs- og samfélagsmál SFS

**Menntun og hæfni**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. umhverfisverkfræði, umhverfisfræði eða annars konar nám með áherslu á umhverfismál
- Starfsreynsla á sviði loftslagsmála er kostur
- Brennandi áhugi á loftslagsmálum og sjávarútvegi
- Þekking og reynsla af mótun og framfylgd stefnu og áætlunar
- Tæknileg kunnátta, s.s reynsla og þekking á skipum og búnaði þeirra, er kostur
- Mjög góð samstarfs- og samskiptafærni
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæði í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni í tjáningu í ræðu og riti

**Umsóknir skulu berast í gegnum vef SFS, www.sfs.is, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí nk. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir *Heiðrún Lind Marteinsdóttir*, framkvæmdastjóri SFS, í síma 591-0300.**

**Frekari upplýsingar um starfsemi SFS má nálgast á www.sfs.is.**

***Heilbrigt haf, allra hagur***

Hreinleiki lands og sjávar skiptir höfuðmáli við nýtingu verðmæta sem hafið hefur að geyma. Góð umgengni um hafið og fiskveiðar í sátt og samlyndi við náttúruna eru forsenda þess að fiskistofnar við Ísland verði nýttir um alla framtíð. Það er ánægjuleg staðreynd að útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá sjávarútvegi hefur minnkað um ríflega 45% frá árinu 1990. Hér verður þó ekki látið staðar numið. Við ætlum að gera enn betur!

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is


Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

## STARFSMAÐUR Í DAGDVÖL

Sunnuhlíð hjúkrunarheimili í Kópavogi óskar eftir að ráða sjúkraliða til starfa í dagdvöl heimilisins. Önnur menntun sem nýtist í starfi kemur einnig til greina.

**Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf**

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Nánari upplýsingar** veitir Svanlaug Guðnadóttir í: svana@sunnuhlid.is eða í síma 864 4184.

**Umsóknarfrestur til 5 júlí.**




# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Hjúkrunarfræðingar | Heilsugæslan Seltj.nesi og Vesturbæ | Seltjarnarnes | 201906/1280 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Höfuðborgarsv. | 201906/1279 |
| Kennari í stærðfræði | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201906/1278 |
| Málastjóri í geðheilsuteymi | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201906/1277 |
| Málastjóri í geðheilsuteymi | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201906/1276 |
| Sjúkraliði | Landspítali, öldrunarlækningadeild | Reykjavík | 201906/1275 |
| Iðjuþjálfi | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201906/1274 |
| Sérfræðingur í skurðlækningum | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201906/1273 |
| Sérfr. í ökunámi/leyfisveitingum | Samgöngustofa | Reykjavík | 201906/1272 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201906/1271 |
| Heilsugæsluritari | Heilsugæslan Árbæ | Reykjavík | 201906/1270 |
| Móttökuritari | Heilsugæslan Garðabæ | Garðabær | 201906/1269 |
| Sérfræðingur | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201906/1268 |
| Starfsmaður | ÁTVR, Vínbúðin | Grindavík | 201906/1267 |
| Aðstoðarmaður í aðhlynningu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201906/1266 |
| Bókari | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201906/1265 |
| Kennari í sálfræði | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Reykjavík | 201906/1264 |
| Kennari í tréiðngreinum | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201906/1263 |
| Kennari í rafiðngreinum | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201906/1262 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | Landspítali, vökudeild | Reykjavík | 201906/1261 |
| Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður | Landspítali, vökudeild | Reykjavík | 201906/1260 |
| Læknir | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201906/1259 |
| Læknir | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201906/1258 |
| Sérfræðingur í heimilislækningum | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201906/1257 |
| Áfangastjóri | Menntaskólinn á Egilsstöðum | Egilsstaðir | 201906/1256 |
| Starfsmenn í eldhús | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201906/1255 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201906/1254 |
| Sálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201906/1253 |
| Eftirlitsdýralæknar | Matvælastofnun | Akureyri | 201906/1252 |
| Upplýsinga- og bókasafnsfr. | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | Sauðárkrókur | 201906/1251 |
| Varðstjórar | Ríkislögreglustjóri | Höfuðborgarsv. | 201906/1250 |
| Sjúkraliðar | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201906/1249 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201906/1248 |

KELDUR

## Líffræðingur, lífeindafræðingur - Keldum

Á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er starf líffræðings eða lífeindafræðings laust til umsóknar.

**Starfssvið:**
- Sérhæfð rannsóknastörf á bakteríu-, sníkjudýra- og meinafræðisviði með áherslu á rannsóknir á sýklalyfjaónæmi baktería.

**Hæfniskröfur:**
- Líffræðingur, lífeindafræðingur eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af rannsóknastörfum
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

Starfshlutfall er 100% og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst.
Unnið er samkvæmt vottuðu gæðakerfi Tilraunastöðvarinnar.

**Nánari upplýsingar** veitir Vala Friðriksdóttir (sími 5855100, netfang valaf@hi.is).

Umsókn og ferilskrá ásamt upplýsingum um umsagnaraðila sendist á netfangið keldurstarf@hi.is. Umsóknarfrestur er til og með **08.07.2019.** Öllum umsóknum verður svarað.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið. Við ráðningu í störf við Tilraunastöðina er tekið mið af jafnréttisstefnu Keldna.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun sem sinnir grunn- og þjónusturannsóknum á sviði dýraheilbrigðis. Upplýsingar um starfsemi Keldna er að finna á **www.keldur.is**


ráðum
ráðningarstofa

# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

# Störf í boði hjá Reykjanesbæ

**Reykjanesbær er fjórða stærsta sveitarfélags landsins með um 19 þúsund íbúa. Hjá Reykjanesbæ starfar samhentur hópur starfsmanna sem hefur það að leiðarljósi að þjónusta við íbúa bæjarfélagsins sé eins og best verður á kosið hverju sinni. Við bjóðum góða starfsaðstöðu, jákvætt andrúmslof og tækifæri til starfsþróunar.**

Framtíðarsýn Reykjanesbæjar; Fjölskylduvænn bær sem þroskar og nærir hæfileika allra í gegnum öflugt skóla-, íþrótta-, og menningarstarf. Íbúar sinna fjölbreyttum störfum í vistvænu fjölmenningarsamfélagi sem einkennist af **framsækni, virðingu og eldmóði.**

Við óskum eftir að ráða til okkar öflugt fólk til að ganga til liðs við stjórnendahóp bæjarins sem býr yfir frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi. Það sem einkennir lykilstarfsfólk Reykjanesbæjar er teymishugsun, samstarfsvilji, lipurð og hæfni í samskiptum ásamt skipulagshæfileikum, sveigjanleika og víðsýni.



## Aðstoðarmaður bæjarstjóra

**Reykjanesbær auglýsir starf aðstoðarmanns bæjarstjóra laust til umsóknar. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi. Teymishugsun, samstarfsvilji, lipurð og hæfni í samskiptum einkenna aðstoðarmann bæjarstjóra ásamt skipulagshæfileikum, sveigjanleika og víðsýni.**

Starf aðstoðarmanns felur í sér að aðstoða bæjarstjóra við dagleg verkefni. Aðstoðarmaður undirbýr fundi og viðburði sem bæjarstjóri tekur þátt í sem og ýmis verkefni og samskipti. Aðstoðarmaður tekur á móti og greinir ýmis erindi sem berast bæjarstjóra og kemur í réttan farveg.

Vinnutími aðstoðarmanns er sveigjanlegur og búast má við tímabundnum sveiflum í álagi.

### Starfssvið:

- Vinna að samhæfingu og eftirfylgni verkefna sem bæjarstjóri felur honum.
- Fylgja eftir stefnumótun Reykjanesbæjar og verkefnum.
- Aðstoða við ritun bréfa, greinargerða og ávarpa.
- Umsjón með dagbók bæjarstjóra og bókun funda og viðburða.
- Svarar fyrirspurnum um málefni sem bæjarstjóri felur viðkomandi.
- Vinnur að samhæfingu og eftirfylgni verkefna sem bæjarstjóri felur honum.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun verkefna æskileg.
- Þekking og reynsla af starfsumhverfi sveitarfélaga og opinberri stjórnsýslu.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og geta til að tjá sig í ræðu og riti.

## Lýðheilsufræðingur

**Reykjanesbær auglýsir starf lýðheilsufræðings laust til umsóknar.**

**Við leitum að einstaklingi sem býr yfir frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi. Teymishugsun, samstarfsvilji, lipurð og hæfni í samskiptum einkenna lýðheilsufræðing ásamt skipulagshæfileikum, sveigjanleika og víðsýni.**

Lýðheilsufræðingur sinnir verkefnum á sviði forvarna og lýðheilsumála hjá Reykjanesbæ og vinnur að uppbyggingu heilsueflandi samfélags í samræmi við lýðheilsustefnu. Hlutverk lýðheilsufræðings er að vinna að forvarnarmálum í sinni breiðustu mynd í góðu samstarfi við aðra starfsmenn, svo sem íþrótta-og tómstundafulltrúa.

### Starfssvið:

- Stýrir innleiðingu lýðheilsu- og forvarnarstefnu.
- Heldur utan um tölfræðileg gögn á sviði lýðheilsumála í samtarfi við hagdeild.
- Vinnur með hagsmunaaðilum á sviði heilsueflingar, bæði innan og utan starfsemi Reykjanesbæjar.
- Ber ábyrgð á upplýsingagjöf og hvatningu til íbúa
- Ber ábyrgð á gerð starfsáætlunar fyrir sín verkefni í samstarfi við sviðsstjóra.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í lýðheilsufræðum.
- Reynsla af stjórnun lýðheilsuverkefna æskileg.
- Þekking og reynsla af starfsumhverfi sveitarfélaga og opinberri stjórnsýslu.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og geta til að tjá sig í ræðu og riti.

## Fjármálastjóri

**Reykjanesbær óskar eftir að ráða metnaðarfullan og kraftmikinn fjármálastjóra til að starfa í öflugu teymi starfsmanna á fjármálaskrifstofu bæjarins.**

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi. Fjármálastjóri þarf að búa yfir forystuhæfni, færni í samskiptum og hafa styrk til að taka ákvarðanir. Þá skal viðkomandi hafa góða greiningarfærni, lausnamiðaða hugsun og geta unnið undir álagi.

### Markmið starfs:

Að stýra fjármálaskrifstofu Reykjanesbæjar, styðja bæjarráð við framlagningu, samþykkt og framkvæmd fjárhagsáætlunar, gerð og kynning viðauka við fjárhagsáætlun og leiða umbætur og styrkingu á umgjörð fjármála Reykjanesbæjar. Þá undirbýr fjármálastjóri greiningar og gagnaöflun vegna undirbúnings þeirrar stefnumótunar sem unnin er undir forystu bæjarráðs á sviði fjármála.

### Starfssvið:

- Hefur yfirumsjón með undirbúningi stefnumótunar og þróun umbóta á sviði fjármála Reykjanesbæjar.
- Hefur yfirumsjón með fjárreiðum Reykjanesbæjar og B-hluta stofnana.
- Hefur yfirumsjón með starfsemi launadeildar, reikningshalds og hagdeildar.
- Hefur yfirumsjón með skýrslugerð um fjármál og kynningu þeirra fyrir kjörnum fulltrúum og opinberum aðilum.
- Hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana og gerð viðauka í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.
- Hefur umsjón með rekstrareftirliti og þróun þess.
- Styður við stjórnendur og kjörna fulltrúa á sviði reksturs og fjármála.
- Gerð ársreiknings.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði fjármála-, viðskipta-, hagfræði eða sambærileg menntun. Meistarapróf æskilegt.
- Þekking og reynsla af stjórnun fjármála skilyrði.
- Góð þekking og reynsla í gerð reikningsskila, stjórnendaupplýsinga ásamt greiningu á rekstrarafkomu sviða.
- Þekking á Navision og ferlum því tengdu nauðsynleg.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

## Forstöðumaður Súlunnar

**Reykjanesbær auglýsir starf forstöðumanns Súlunnar. Súlan er ný skrifstofa þar sem ýmsir málaflokkar heyra undir m.a. atvinnumál, menningarmál, markaðs- og kynningarmál, ferðamál, safnamál og verkefnastjórnun. Hjá Súlunni starfa sérfræðingar viðkomandi málaflokka en Súlan starfar þvert á svið til að auka þjónustu og bæta lífskjör bæjarbúa Reykjanesbæjar og gesta þeirra. Þá er forstöðumanni ætlað að innleiða aðferðir verkefnastjórnunar til starfsmanna Reykjanesbæjar.**

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi. Teymishugsun, samstarfsvilji, lipurð og hæfni í samskiptum skulu einkenna forstöðumann ásamt skipulagshæfileikum, sveigjanleika og víðsýni.

Starf forstöðumanns Súlunnar felur í sér ábyrgð á stjórnun, stefnumótun og þjónustu þeirra stofnana sem undir Súluna heyra. Forstöðumaður er talsmaður Súlunnar og ber ábyrgð á því að starfsemi skrifstofunnar sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

### Starfssvið:

- Ber ábyrgð á innleiðingu verkefnastjórnunar sem stjórnunaraðferð í starfsemi Reykjanesbæjar.
- Ber ábyrgð á innleiðingu og vinnu með stefnumótun Reykjanesbæjar á verkefnasviði Súlunnar og fylgir eftir verkefnum.
- Ber ábyrgð á því að efla og samræma kynningar- og markaðsmál Reykjanesbæjar.
- Ber ábyrgð á framkvæmd þjónustusamninga Reykjanesbæjar við ytri aðila á verkefnasviðum Súlunnar.
„Við framleiðum líka hveiti fyrir bakara ef þeir hafa sérstakar óskir, til dæmis erum við að framleiða sérstakt hveiti fyrir kexverksmiðjurnar.“

### Ferli sem skilar heilnæmu hveiti

Það er margt sem gengur á á bak við tjöldin áður en neytandinn opnar hveitipokann sinn. „Við flytjum hveitikorn inn í skipum, það er síðan sett í tanka til að geyma. Kornið er síðan flutt að verksmiðjunni okkar og það hreinsað í hreinsivélum. Þegar það er búið fer það í gegnum mölun og þá brotnar skurnin utan af hveitinu og sterkjan verður eftir sem fínt duft. Þetta fer í gegnum fjölda af sigtum þar sem skurnin er sigtuð frá þannig að þetta sem fer í gegnum síðasta sigtið er hvíta hveitið, eða hvíta sterkjan. Síðan tökum við eina tegund og blöndum með annarri tegund til að fá rétta próteinhlutfallið í hveitið og að lokum er því pakkað í annaðhvort neytendaumbúðir eða fyrir bakarana í 25 kg poka,“ útskýrir Þórir.

### Gæðafóður með íslenskum hráefnum

Fóðurverksmiðja Líflands er á Grundartanga. Þar er framleitt kjarnfóður fyrir landbúnað. Mikil áhersla er lögð á gæði fóðursins og uppfyllir það ströngustu gæðastaðla hvað varðar næringargildi og smitvarnir. Mikið er lagt upp úr vöruþróun og er fóðrið í stöðugri endurskoðun þar sem reynt er að bregðast hratt og örugglega við þörfum markaðarins.

„Við bjóðum bændum upp á að taka heysýni og rannsaka fyrir þá hvaða efni vantar í fóðrið þeirra og veitum þeim ráðgjöf við val á fóðri út frá þeim niðurstöðum.“

Einnig hafa þau reynt að uppfylla nýjar kröfur sem koma með breyttum áherslum í landbúnaði eins og til dæmis þær er varða nautaeldi, en bændur eru í meiri mæli farnir að rækta nautkálfa. „Við höfum þróað heildstæða vörulínu sem sérsniðin er að mismunandi aldursskeiðum kálfa, allt frá byrjun til loka eldistímans,“ segir Þórir.

Á boðstólum eru fjórar vörutegundir: Kálfamúslí ætlað smákálfum meðan verið er að venja þá við kjarnfóður, Alikálfafóður fyrir kálfa 0-3 mánaða, Kálfaþróttur fyrir kálfa frá 3 mánaða aldri og að lokum nýlegasta viðbótin í þessa vöruflóru; Bolabætir sem er fóður ætlað nautum síðustu 8-12 vikur eldistímans.

Bændur sem hafa unnið með þessar lausnir hafa séð mjög góða svörun í sínu eldi og ljóst að hægt er að nýta vaxtargetu íslenskra nautkálfa mun betur en hefur verið gert.

„Við leggjum okkur fram við að nota íslenskt hráefni í fóðrið okkar en það sem á vantar er flutt inn en unnið með íslensku vinnuafli, íslensku lofti og íslenskri raforku enda viljum við styðja við íslenskt atvinnulíf í hvívetna.“

# Íslenskar jurtir til matreiðslu

## Það er fullt af íslenskum jurtum sem vaxa villtar um landið og hægt er að nýta í matreiðsluna.



Sólrún
Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is

Flestir þekkja blóðberg og fjallagrös en það eru ýmsar ætar jurtir sem leynast í runnum og á túnum. Í leiðbeiningarriti Byggðastofnunar, Nýting villigróðurs, er hægt að finna upplýsingar um hvernig best sé að tína, þurrka og geyma jurtir áður en þær eru notaðar sem krydd.

Í ritinu kemur fram að óæskilegt sé að tína plöntur í að minnsta kosti 50 metra fjarlægð frá vegum, vegna ryks og blýmengunar. Svo er best að halda sig í 5-10 kílómetra fjarlægð frá álverum og annarri stóriðju. Land sem hefur mátt þola tilbúinn áburð eða skordýraeitur telst ekki æskileg jörð til að tína jurtir til matreiðslu.

Ef tína á jurtir á alltaf að finna heilbrigðar og þurrar plöntur. Svo er mikilvægt að hafa náttúruvernd í huga og taka ekki of mikið af jurtinni, svo hún nái að viðhaldast á svæðinu.

Til að þurrka plönturnar eftir tínslu er oftast best að gera það á heitum og dimmum stað, svo þegar þær eru orðnar þurrar er best að geyma þær á köldum og þurrum stað í lokuðum glerkrúsum. Ef krúsirnar döggvast að innan á fyrstu vikunum hafa plönturnar ekki verið nægilega vel þurrkaðar.



Brenninetlur eru illgresi sem má laga te úr fyrir góða heilsu.

Í leiðbeiningarriti Byggðastofnunar eru lýsingar á ætum íslenskum jurtum og hér að neðan er greint frá nokkrum þeirra.

### Brenninetla

Stöngull brenninetlu er uppréttur og ferstrendur. Blöðin eru langydd og hvasssagtennt. Blómin eru greinótt hangandi öx. Brenninetlan vex sem illgresi í kringum bæi en það er hægt að búa til te úr henni. Brenninetlan er best þegar hún er nýsprottin og þá er hún skorin af eða slegin með ljá. Þegar hún er tínd er nauðsynlegt að nota hanska.

### Kúmen

Kúmen er þekkt krydd sem vex á greinóttum stöngli með ljósgrænum tvískiptum eða þrískiptum blöðum. Blöðin minna á baldursbrá en bleðlarnir eru breiðari og ekki jafn þráðlaga. Blómin eru hvít og smá og finnast villt á Suðurlandi. Það er hægt að tína kúmen í júlí eða ágúst og þurrka það í bökkum.

### Ljónslappi

Ljónslappi vex sem margir, 5-30 sentimetra háir blómstönglar, af marggreindum jarðstöngli. Jurtin hefur lengi verið talin ein besta te- og lækningajurtin sem er hægt að tína í júní eða júlí, annaðhvort í blóma eða á meðan hún er að blómstra áður en jurtin er þurrkuð.



Kúmen finnst villt á Suðurlandi. NORDICPHOTOS/GETTY

### Túnfíflar

Á sumrin springur allt út í fíflum eins og þeir sem búa hérlendis vita. Það er hægt að nota þessa jurt til ýmiss konar matargerðar, blöðin er hægt að nota í salöt eða í seyði og það má steikja blómin eða brugga vín úr þeim. Best er að tína fíflana í maí, september eða október. Eins og greint var frá hér að framan ber að varast að tína fífla sem eru nálægt vegum eða á svæðum þar sem jarðvegur gæti hafa verið mengaður. Þegar fífillinn er tíndur er best að stinga rótina upp með löngu hnífsblaði eða grannri skóflu og skera rótina frá, 10 sentimetra ofan í moldinni. Svo er best að þrýsta fótinum í holuna til að mynda ekki sár í jarðveginum. Blöð og stöngull eru svo skorin frá rótinni og stök rótarhár slitin burt, áður en ræturnar eru þvegnar í köldu, rennandi vatni. Jurtin þurrkast best hengd á þráð.

# Gæði og fagmennska í yfir 30 ár

## Fanntófell hefur boðið upp á gæða íslenska framleiðslu í yfir 30 ár.

Fyrirtækið var stofnað í Reykholti í Borgarfirði árið 1987. Framleiðslan fyrstu árin var í 180 fermetra húsnæði í Reykholti. Árið 1990 var ákveðið að flytja fyrirtækið til höfuðborgarsvæðisins til að koma til móts við þarfir viðskiptavina. Fyrst um sinn var fyrirtækið í Kópavogi en flutti árið 1995 upp á Bíldshöfða í stærra húsnæði. „Í fyrra festum við kaup á 1.700 fermetra húsnæði að Gylfaflöt, þar getum við þjónustað viðskiptavini okkar mun betur og afgreiðslutími er styttri,“ segir Sigurður Bragi Sigurðsson, eigandi Fanntófells.

„Frá upphafi hefur Fanntófell framleitt borðplötur og sólbekki eftir óskum hvers og eins. Sérhæfing okkar er það sem kallast postforming, eða harðplast borðplötur með rúnuðum köntum, svo höfum við þróast eftir því hvað markaðurinn vill. Fyrir fjórum árum fórum við að bjóða upp á laser kanta. Þá eru kantarnir ekki límdir á borðplöturnar heldur bræðum við þá við plötuna,“ segir Sigurður.

Í húsnæði Fanntófells að Gylfaflöt er glæsilegur sýningarsalur og verslun. Þar getur fólk skoðað efnin sem eru í boði og fengið ráðleggingar frá starfsfólki fyrirtækisins sem leggur sig fram um að veita fyrsta flokks þjónustu. „Við sérsmíðum eftir óskum hvers og eins. Viðskiptavinirnir geta komið til okkar með hugmyndir og við leiðbeinum þeim um framhaldið. Við sérsmíðum til dæmis klósettskilrúm, afgreiðsluborð og fleira fyrir fyrirtæki og stofnanir, í borðplötum getum við undirlímt vaska og niðurfellt helluborð í flest okkar efna svo dæmi séu nefnd,“ segir Sigurður. Fanntófell er í samstarfi við fyrirtæki í uppsetningarþjónustu, þar starfa 4-6 menn sem mæta til viðskiptavina, mæla og veita ráðgjöf og setja upp borðplötur og innréttingar.

Fanntófell hefur á sínum snærum faglærða og reynslumikla starfsmenn sem eru sérhæfðir í sérsmíði og leggja mikinn metnað í verkin. Fyrirtækið starfar með færum arkitektum og hönnuðum sem aðstoða fólk við að gera góðar hugmyndir að veruleika.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið eru á vefsíðu þess, fanntófell.is




Sigurður Bragi, eigandi Fanntófells, leggur áherslu á gæðaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Glæsilegt sýningarrými í Gylfaflöt.



Fanntófell sérsmíðar borðplötur eftir máli.





# Gæði með tilgang

**Múlalundur vinnustofa SÍBS hefur í 60 ár fléttað saman íslenskan iðnað og samfélagslega ábyrgð með eigin framleiðslu og tekið að sér þætti í framleiðslu annarra fyrirtækja. Með því skapast verðmæt tækifæri fyrir fjölbreyttan hóp starfsfólks til að leggja sitt af mörkum til íslensks atvinnulífs og viðskiptavinir fá góðar vörur.**

Hjá Múlalundi vinnustofu SÍBS framleiðum við vandaðar vörur á lager og sérframleiðum vörur sérstaklega fyrir tiltekna kaupendur. Þá tökum við að okkur mjög fjölbreytt verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir víðs vegar um samfélagið til lengri eða skemmri tíma. Öll þessi verkefni skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku auk þess að skila hágæða verki til viðskiptavina. Með viðskiptum við Múlalund ná fyrirtæki að flétta saman daglegri starfsemi og samfélagsverkefnum sem er frábær blanda. Þetta eru ýmist almennar vörur, sérframleiðsluverkefni eða fjölbreytt verk sem þarf að vinna í höndunum, en verkefni til lengri tíma eru sérstaklega mikilvæg," segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar vinnustofu SÍBS. Þar vinna dugmiklir einstaklingar sem hafa þurft að takast á við fötlun og veikindi, bæði andleg og líkamleg, í kjölfar slyss eða heilsubrests.

## Umhverfishringnum lokað með nýjum Egla-möppum

Múlalundur framleiðir fjölbreyttar vörur sem notaðar eru víðs vegar um land. Mest er um skrifstofuvörur, svo sem möppur og plastvasa ýmiss konar. Egla-bókhaldsmöppur hafa verið notaðar um allt land í áratugi.

„Við höfum haldið því fram að Egla-möppurnar séu mjög umhverfisvænar, þar sem þær endast í mörg ár og eru notaðar aftur og aftur. Gömlu möppurnar verða að sjálfsögðu til áfram en í haust koma á markaðinn nýjar Egla-möppur sem eru eingöngu úr pappír og pappa og verður því hægt að flokka sem pappír við förgun. Þær verða því í sátt við umhverfið alla leið."

## Fyrirtæki, sjómenn, safnarar og tíu þúsund skólabörn

„Á Múlalundi framleiðum við fjölbreytt úrval vara. Hægt er að fá plastvasa utan um vínylplötur og við höfum sérhannað sérstaka tösku og plastvasa utan um atvinnuskírteini- og vottanir sem sjómenn þurfa að hafa til taks þegar þeir koma í höfn. Safnarar nýta líka mikið vörur Múlalundar og hægt er að fá plastvasa fyrir penna, spil, myntir, geisladiska og margt fleira. Múlalundur framleiðir einnig klemmuspjöld sem notuð eru víða um samfélagið og um tíu þúsund börn víðsvegar um landið voru með möppur frá Múlalundi í skólatöskunni sinni í vetur," upplýsir Sigurður um lítið brot af framleiðslunni.



Sigurður Viktor Úlfarsson er framkvæmdastjóri Múlalundar.

## 100% endurunnir plastvasar

Margar af vörum Múlalundar eru framleiddar úr plasti og leggur Sigurður áherslu á að fólk sé vandlátt þegar kemur að kaupum á plastvörum.

„Það er mikilvægt að plastvörurnar uppfylli evrópska staðla um hreinleika, þær séu endingargóðar, sem mest endurunnar og framleiddar sem næst notkunarstað til að lágmarka skaðleg áhrif á umhverfið," útskýrir Sigurður.

Plastið sem Múlalundur nýtir í framleiðslu sína uppfyllir öll þessi skilyrði. Það er framleitt í Evrópu og skráð í evrópska gagnagrunna (REACH) sem tryggir gagnsæi innihaldsefna.

„Plastið hefur evrópska vottun til leikfangagerðar þar sem er gert ráð fyrir að börn stingi því upp í sig. Það tryggir skaðlaust vinnuumhverfi starfsfólks og viðskiptavina," segir Sigurður.

Vörur Múlalundar hafa margsannað sig þegar kemur að góðri endingu.

„Plastið sem Múlalundur nýtir mest er 40 til 60 prósent endurunnið en nú er stór hluti svarta og glæra plastsins okkar orðið 100 prósent endurunnið. Stór hluti plastvasanna sem framleiddir eru á Múlalundi eru því úr 100 prósent endurunnu plasti og bæta þannig engu við plastfjall heimsins. Hreint, vottað plast, sem er að stórum hluta endurunnið, framleitt stutt frá notkunarstað, notað ár eftir ár og loks skilað aftur í endurvinnslu að notkun lokinni, er góður kostur fyrir umhverfið," segir Sigurður.





Verkefni Múlalundar eru fjölbreytt og unnin af natni og nákvæmni.




Fallegir matseðlar sem framleiddir eru hjá Múlalundi.

## Sérframleitt fyrir viðskiptavini

Múlalundur sérframleiðir vörur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir viðskiptavini með þeirra útliti, áletrunum eða hönnun. Til dæmis sérhæfða plastvasa, möppur eða fundarbækur með áletrun viðskiptavina. Landakort frá Forlaginu eru seld í 100 prósent endurunnum plastvasa frá Múlalundi til að auka endingu, Andrésar Andar-möppurnar eru þekktar og matseðlar og hótelmöppur Múlalundar eru notuð víða um land. Múlalundur framleiðir einnig fallegar útskriftarmöppur fyrir skóla, minningarbækur fyrir brúðkaup, skírnir og jarðarfarir, gestabækur og margt margt fleira.

## Alúð í hverju handtaki

Auk sérframleiðslu tekur Múlalundur að sér ýmiss konar handavinnuverkefni.

„Mörg fyrirtæki kjósa að nýta starfsfólk sitt í annað og fá þá okkur í handavinnuna. Ef þú þarft að raða, klippa, pakka, líma eða hvað sem er, þá erum við í Múlalundi meira en til í tuskið," segir Sigurður.

Sem dæmi hefur Stilling og fleiri innflutningsfyrirtæki fengið Múlalund til að líma íslenskar leiðbeiningar og strikamerki á vörur.

„Við brjótum líka öskjur fyrir greiðslukort Valitors sem fara í bankana, brjótum öskjur, vigtum og göngum frá HAp+ brjóstsykrinum frá IceMedico, pökkum fatnaði og merkjum fyrir hönnuði og fataframleiðendur. Þá framleiðum við markpóst fyrir fyrirtæki, þegar þarf að gera eitthvað alveg sérstakt sem þarfnast alúðar og mannskaps. Tvisvar í viku pökkum við ávöxtum fyrir Ávaxtabílinn og við tökum að okkur að plasta vörur, til dæmis bækur, og erum með góðan búnað í það. Margir tengja Múlalund fyrst og fremst við möppur og plastvasa en fjölbreytni verkefna er miklu meiri," segir Sigurður.

## Einfaldasta samfélagsverkefnið og gott verð

„Hjá Múlalundi fást allar almennar skrifstofuvörur, pappír og ritföng á einum stað.

„Við segjum að þetta sé einfaldasta samfélagsverkefnið, bara að panta og fá vörurnar sendar um allt land daginn eftir," segir Sigurður.

Hann segir ánægjulegt að byggja upp sjálfstraust og þrótt fólks með þátttöku á íslenskum vinnumarkaði. „Fólki er mikilvægt að fá að mæta til vinnu, eiga vinnufélaga og vera virkt í samfélaginu."

Allar upplýsingar má finna á heimasíðunni mulalundur.is og úrval í vefversluninni kemur sannarlega á óvart.

„Eru ekki einhver verkefni sem taka óþarfa tíma á vinnustaðnum? Þá er um að gera að láta Múlalund sjá um þau," segir Sigurður að lokum. „Múlalundur er eitt af fjölbreyttri flóru fyrirtækja í íslenskum iðnaði."




## Umbúðalaust grænmeti í Super1

Super1 hóf í vikunni fyrst íslenskra verslanakeðja, sölu á umbúðalausu grænmeti og ávöxtum í verslun sinni að Faxafeni 14. Er um tilraunaverkefni að ræða og fyrirhugað er að umbreyta grænmetisborðum í öðrum verslunum á sama hátt ef vel gengur. Eru allar vörur í grænmetis- og ávaxtaborði án umbúða, ef frá eru taldar pappírsöskjur undir viðkvæmar vörur, og selt eftir vigt. Verslunin hefur í framhaldinu hætt notkun á plastpokum undir grænmeti og býður þess í stað upp á pappírspoka.

Samkvæmt tilkynningu frá Super1 hafa viðskiptavinir kallað eftir minni plastnotkun og með þessu vill Super1 stuðla að aukinni umhverfisvernd og setja aukna pressu á birgja að huga að minni plastnotkun, en óhætt er að segja að meirihluti plastumbúða undir grænmeti og ávexti sé óþarfur. Einnig er viðbúið að sala eftir vigt minnki matarsóun enda óþarfi að henda heilum pakkningum þrátt fyrir að lítill hluti sé skemmdur. Super1 er ný verslanakeðja sem rekur þrjár verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Eru verslanirnar reknar í nánu samstarfi við norræna verslunarrisann REMA 1000 sem leggur ríka áherslu á lífrænar vörur, minni matarsóun og umhverfisvernd.



## Flestir vilja í tölvunarfræði

Um 10% fjölgun er á umsóknum milli ára í nám í Háskólanum í Reykjavík en ríflega 3.300 umsóknir hafa borist. Flestar umsóknir bárust um grunnnám í tölvunarfræði, eða 450 talsins.

Í fréttatilkynningu frá skólanum segir að reiknað sé með að um 1.500 nemendur hefji nám við háskólann í haust og að enn sé opið fyrir umsóknir um nám í Háskólagrunni HR, iðn- og tæknifræðideild og einstakar brautir í meistaranámi.

Nær 40% fjölgun hefur orðið á umsóknum um diplómanám í iðnfræði, þótt umsóknarfrestur um það sé ekki liðinn. Um 30% fjölgun varð á umsóknum um grunnnám í verkfræðideild háskólans og munar þar mestu um umsóknir um nýtt nám sem veitir MSc-gráðu í verkfræði og BSc-gráðu í tölvunarfræði, en 46 umsóknir bárust um það. Um 20% fjölgun varð einnig á umsóknum um grunnnám í sálfræði.

Tæplega 1.200 umsóknir bárust um meistaranám og er það 13% fjölgun frá árinu áður. Flestar umsóknir, 132, bárust um nám í klínískri sálfræði. 246 umsóknir bárust um fjórar námsbrautir Íslenska orkuháskólans, samanborið við 160 árið áður. Mikil fjölgun varð í erlendum umsóknum um meistaranám í viðskiptadeild, þar með talið MBA, meistaranám í máltækni og byggingarverkfræði. Mikil fjölgun hefur einnig orðið í umsóknum um doktorsnám.

# Íslenskt skyr á Ólympíuleikunum

Yoshihide Hata, forstjóri Nippon Ham, sem er eitt stærsta fyrirtæki Japans á sviði ferskra og frosinna matvæla og jafnframt fjórði stærsti kjötframleiðandi heims, heimsótti nýverið Ísland. Hjá fyrirtækinu starfa 30.000 manns og fyrirtækið veltir um 1.400 milljörðum árlega.

Heimsókn hans tengdist undirbúningi framleiðslu og sölu á Ísey Skyri í Japan, en dótturfyrirtæki Nippon Ham, mjólkurfyrirtækið Nippon Luna, gerði framleiðslu og vörumerkjasamning um Ísey Skyr við MS á síðasta ári. Nippon Ham tók fyrr á árinu ákvörðun um að gera Ísey Skyr að sinni aðal heilsuvöru sem er mjög þýðingarmikið fyrir alla markaðssókn sem viðkemur Ísey Skyri þar í landi. Áætlanir gera ráð fyrir að mikill kraftur verði settur í markaðssetninguna og að koma Ísey vel á kortið áður en Ólympíuleikarnir hefjast í Tókýó árið 2020.

Verið er að ljúka byggingu nýrrar verksmiðju í nágrenni Tókýó sem hefur framleiðslu á Ísey Skyri fyrir Japansmarkað á næstu mánuðum. Heimsókn forstjóra Nippon Ham hefur mikla þýðingu fyrir markaðssetningu á Ísey Skyri í Japan, þar sem sterk staða Nippon Ham getur mögulega komið vörunni í allt að 50.000 verslanir í Japan á næstu árum. Innkaupastjórar, fjölmiðlar og neytendur í Japan hafa sýnt skyrinu mikinn áhuga og má segja að umtalsverð eftirvænting sé eftir Ísey Skyri í Japan.



**Frá undirritun viljayfirlýsingar um skoðun á frekara samstarfi í Asíu.**




Levi's
LIVE IN
Levi´s Kringlunni – Levi´s Smáralind







# Poppum upp poppið

Laugardagskvöld kalla á notalegar stundir með bíómynd, poppi og kók. Gaman er að kæta bragðlaukana með því að poppa upp poppið með ómótstæðilega girnilegum útfærslum.






Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is


Popp á alltaf við og fæstir fá staðist angan af heitu og brakandi fersku poppi. Alkunna er að salt og sætt passar einkar vel saman en í raun passar popp við allt mögulegt í eldhússkápnum. Því er tilvalið að lifa djarft og prófa eitthvað nýtt í kvöld.

## Popp með ítölsku ívafi

Blandið saman 6 msk. af rifnum parmesanosti, 2 tsk. af ítölsku kryddi og hálfri tsk. af hvítlaukssalti. Bræðið ⅓ bolla af smjöri, hellið því yfir nýpoppað popp og hrærið saman við. Sáldrið þá ostablöndunni yfir og leyfið að blandast poppinu.

## Tex Mex popp

Bætið hálfri teskeið af cumin-fræjum saman við poppmaís og smjör þegar poppað er og hristið aðeins á meðan poppast. Setjið svo poppið í skál, bætið saman við söxuðum cilantro-pipar og kryddið yfir með salti, chilipipardufti, hvítlauksdufti og reyktri papriku sem þið veltið um poppið.

## Sætt og saltað popp

Blandið nýpoppuðu poppi saman við bolla af brotnum saltkringlum og bolla af M&M að eigin vali. Bræðið hvítt súkkulaði í vatnsbaði og hellið yfir poppkornsblönduna, eða leyfið því að kólna á smjörpappír og brjótið í bita yfir poppið.

## Sykurpúða- og hnetupopp

Blandið poppuðu poppi, litlum sykurpúðum, salthnetum og brotnum saltstöngum saman í stóra skál. Setjið ⅔ bolla sykurs, ½ bolla smjör og ¼ bolla síróp í pott, látið suðu koma upp og hrærið í tvær mínútur. Hellið yfir poppblönduna og veltið varlega um. Kælið á smjörpappír.

## Sterkt buffalo-popp

Blandið ⅓ bolla af sterkri buffalosósu (eins og notuð er á buffalokjúklingavængi) saman við 2 msk. af bræddu smjör og cayenne-pipar á hnífsoddi. Sáldrið yfir poppið og blandið varlega saman. Gott er líka að hella svolítilli Ranch-salatdressingu og auka cayenne-pipar yfir.

## Karamellupopp

Bræðið einn og hálfan bolla af smjöri á stórri pönnu. Bætið saman við bolla af sírópi og tveimur og hálfum bolla af púðursykri. Hitið að suðu og látið sjóða í eina mínútu. Takið af hitanum og bætið við teskeið af vanillu. Hellið blöndunni yfir poppað popp og hrærið létt saman. Látið kólna á smjörpappír og losið svo í sundur.

## Suðrænt sælupopp

Bræðið saman ⅓ bolla smjör, 2 tsk. karrí og 1 tsk. sykur. Hellið saman við poppað popp og stráið yfir ristuðum kókosflögum, möndlum, rúsínum og salti.

## Popp með hnetusmjöri

Hitið einn bolla sykurs og einn bolla hunangs saman á pönnu og leyfið að malla í fimm mínútur. Takið af hitanum og bætið við einum bolla af hnetusmjöri. Hellið poppi saman við og veltið um þar til þakið hnetusmjörsblöndunni. Látið kólna á smjörpappír og losið svo um. Gott er að sáldra brotnum saltkringlum og söxuðu súkkulaði yfir.

## Súkkulaðipopp

Bræðið saman súkkulaði í dálæti saman við 2 msk. smjör á lágum hita. Hellið yfir poppað popp og látið kólna á smjörpappír. Losið um og njótið.


KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Sérblað um allt sem tengist Keflavíkurflugvelli og þeirri starfsemi sem flugvöllurinn og nágrenni hans býður upp á. Verslun og þjónusta hefur aukist mikið undanfarin ár og er þetta frábært tækifæri fyrir fyrirtæki að koma á framfæri þeirri þjónustu sem þau bjóða upp á fyrir þá sem eiga leið um Keflavíkurflugvöll og nágrenni.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Auglýsingadeild Fréttablaðsins
Sími 550 5078 / serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Við notum **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla



Sigríður Rita Ragnarsdóttir

Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitthvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek 1 hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram því þetta bjargar mér algjörlega.
- ***Sigríður Rita Ragnarsdóttir***



Þórunn Kristjónsdóttir

Ég hef notað **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr.
- ***Þórunn Kristjónsdóttir***



Þorbjörg Hafsteinsdóttir

Einkenni eins og niðurgangur, hægðatregða, vindgangur eða uppþemba er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið til marks um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. **Þorbjörg Hafsteinsdóttir** næringarþerapisti notar **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla fyrir sig og sína.



Birgir Þórðarson

**Birgir Þórðarson**, leiðsögumaður, teblöndunarmeistari og afi með meiru, veit hvað það skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi og huga að heilbrigði þarmaflórunnar fyrir heilsuna alla. Hann fann fljótt hvað **Probi Mage LP299V®** gerði honum gott og tekur það inn daglega.



Fríða Britt Bergsdóttir

Ég er allt önnur og betri í maganum eftir að ég fór að nota **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerlana. Ég á þeim að þakka að þeim dögum sem ég finn fyrir ónotum tengdum meltingu hefur fækkað stórlega. Þetta skilar sér hreint út sagt í betri lífsgæðum finnst mér því mér líður almennt allri betur þegar ég tek þetta inn. - ***Fríða Britt Bergsdóttir***




**Söluhæsta fæðubótarefnið í sínum flokki í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi!**
**Fæst í apótekum, heilsuverslunum, Fjarðarkaup, Melabúðinni, Hagkaup og Heimkaup.**

abel heilsuvörur

## *Lífrænir og vegan ávaxta- og jurtadrykkir!*










abel heilsuvörur

**Fæst í Heilsuhúsinu, Hagkaup, Fjarðarkaup, Melabúðinni, Heimkaup og völdum apótekum um land allt.**

BIO RAW VEGAN

# Góðar aðferðir við vínsmökkun

Þegar smakka á vín verða ákveðnir hlutir að vera til staðar samkvæmt Vínbúðinni en á heimasíðu hennar má finna margar skemmtilegar og fróðlegar greinar varðandi áfengi. Samkvæmt Vínbúðinni þarf góð birta að vera í því rými sem nota á til smökkunarinnar og hvítur bakgrunnur, til dæmis hvítt A4-blað, til þess að bera vínið við. Auk þess er nauðsynlegt að hafa vatn við höndina til þess að skola munninn á milli tegunda, ef smakka á fleiri en eitt vín í senn. Ógagnsæ plastmál til að spýta í eru hið mesta þarfaþing enda er ekki kyngt við vínsmökkun. Þá er hætt við að bragðlaukarnir finni aðeins á sér og missi athyglina. Samkvæmt Vínbúðinni eru þrjú skynfæri notuð til að finna hvað vínið hefur upp á að bjóða; augu, nef og munnur.

**1.** Smökkunin hefst á því að horfa á vínið og skrá hjá sér tærleika og lit þess. Liturinn á hvítvíni getur verið allt frá næstum glærum út í grænan meðal annars. Liturinn á rauðvíni er hins vegar allt frá því að vera fjólublár þegar það er nýkomið á flöskuna, segir á heimasíðunni.

**2.** Annað stig vínsmökkunar er að lykta af víninu og meta þannig ástand þess.

**3.** Þá er komið að því að bragða á því. Þá metur maður hvort vínið sé súrt, sætt, beiskt eða kryddað. Smakkarar meta síðan eftirbragð vínsins eftir að hafa spýtt því í spýtudallinn. Kannað er hvort eftirbragðið sé gott og hversu lengi bragð vínsins endist í munninum. Því betra eða vandaðra sem vínið er, því meiri líkur eru á miklu bragði sem lifir vel og lengi eftir að búið er að spýta.



**Það eru margar góðar aðferðir til að smakka vín. Vínbúðin kennir fólki réttu handtökin.**



**Seljakirkja í Seljahverfi var hönnuð af Sverri Norðfjörð arkitekt.**

## Gengið til messu

Það er notalegt að byrja sumarlegan sunnudagsmorgun á göngumessu sem kirkjurnar í Breiðholti standa fyrir í júní.

Á morgun, sunnudaginn 23. júní, verður gengið frá Breiðholtskirkju í Mjódd yfir í Seljakirkju um sérdeilis fallegt og gróðursælt Breiðholtið. Lagt er af stað klukkan 10 frá Breiðholtskirkju og endað í sunnudagsmessu sem hefst í Seljakirkju klukkan 11.

Í messunni verður barn borið til skírnar og prestur verður séra Bryndís Malla Elídóttir. Félagar úr Kór Seljakirkju leiða söng og organisti Breiðholtskirkju, Örn Magnússon, leikur á orgelið.

Eftir messu verður boðið upp á ljúffengar veitingar og rútuferð til að flytja göngufólkið aftur á upphafsreit eftir veglegt messukaffið.



**Hjúkrun á árum áður.** MYND/FÍH

## Hjúkrun í 100 ár

Hjúkrun í 100 ár er yfirskrift sýningar sem nýlega var opnuð í Árbæjarsafni. Af því tilefni mun Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, sagnfræðingur og höfundur sýningarinnar, ganga um sýninguna og segja frá því sem þar ber fyrir augu.

Saga hjúkrunar hefst í Reykjavík í byrjun 20. aldar þegar smitsjúkdómar og skortur á mat og almennu hreinlæti var helsta ógn við heilsu bæjarbúa. Henni lýkur í sérhæfðum og tæknivæddum heimi hjúkrunar dagsins í dag þegar hreyfingarleysi og allsnægtir ógna heilsu okkar.

Grunnur hjúkrunar er óbreyttur og miðar að því að skapa sjúklingnum öruggt umhverfi og þannig hindra, stöðva eða lina afleiðingar sjúkdóma og slysa. Umgjörðin hefur breyst í takt við breytingar samfélagsins og þróun í tækni og vísindum og í leiðsögninni verður athygli gesta beint að þessum breytingum og á þeim grunni verður vöngum velt yfir því hvert er stefnt.



# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

**KRÓKUR**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bilauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Bílar til sölu



**SUZUKI SWIFT 2013**
4ra dyra með útvarpi og alles. Ek. 110.00 km. Beinsk. og sparneytinn. Skoðaður til 2021 í toppstandi. Verð 890.000. kr. Áhvílandi 660.000 kr. Uppl. í síma 611 6185.



KIA Picanto Ek. aðeins 47 þús. km. Afar vel með farinn og lítur út eins og nýr. Bíllinn er staðsettur í Auðbrekku 16, 200 Kópavogi. Verð 950 þús. Uppl. í s. 8977798

## Mótorhjól



**- SEM NÝTT -**
Hið fullkomna ferðahjól ekið aðeins 300km frá upphafi. H. Davidson Electra Glide Ultra Classic "06. Verð 2.9 milj. s.6989900.

## Hjólhýsi



**TIL SÖLU LÍTIÐ NOTAÐUR ADRIA 2014**
ADRIA/ALTEA hjólhýsi 2014 TILBÚINN Í FERÐALAGIÐ. Fullt af aukahlutum fylgja. Sk. 2020 Verð 2.600.000 Uppl. 893 9999

## Hjólbarðar

**OK VARAHLUTIR**



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

## Varahlutir

**LJÓSBOGINN ehf.**
**Altenatorar & Startarar**



ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

**Lárkot ehf**
Sandur, mold og jarðvinna.
Mætum og gerum tilboð.
**Uppl. í s. 892 2257**
**Geymið auglýsinguna.**

**SMÁVÉLAVIÐGERÐIR**




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

## Bólstrun

**Svampur.is**
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
- Tjaldvagninn
- Fellihýsið
- Húsbílinn
- Bátinn
- Hjólhýsið
- Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

Fljót og góð þjónusta
Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**K2**
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**Rúnar múrari**
**Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s. 697 4650**

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**HÚSASMIÐI:**
getum bætt við okkur verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald.
**Uppl. í s. 858 3300**
**serfagehf@gmail.com**

**FM ót**

**Fyrirtæki í byggingariðnaði getur bætt við sig verkefnum í uppsteypu og utanhússklæðningum.**
**Upplýsingar í síma 8691027 eða fagmot@mail.com.**

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 9086116.**
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**EYJALIND**
**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

**LOK Á HEITA POTTA**



**Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.**
**Metum ástand og gerum við.**
***www.fjardarbolstrun.is***
**Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com**

**FJÁRMÁLASTJÓRI TIL LEIGU**
Er bókhaldið eftir á? Stemmir ekki? Á eftir að skila ársreikningi? Eru skýrslurnar úr bókhaldskerfinu ekki eins og þær eiga að vera? Ertu með bestu lánakjör? Vantar eigið fé?
Leysum vandamálin stór og smá.
Löng reynsla, mikil þekking og sanngjarnt verð.
**Fjarmalastjorn@gmail.com**

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**
**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir



**íshúsið**
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

*Snyrti & Nuddstofan Smart*
*Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ*

- **Andlitsbað, litun og plokkun**
- **Tilboð 9.500.-**
- **Meðferð tekur 60 mín**



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**
**Hægt að panta tíma á hofdabon.is**

**Höfðabón ehf**
**Dugguvogi 10 (bakvið húsið)**
**S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com**
**HÖFÐABÓN**

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
**ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?**



**HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ**
**FRÉTTABLAÐIÐ**
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

# Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

# Keypt & Selt

## Til sölu




mýranaut

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

**MARKÍSA**

Ný rafmagns markísa til sölu, 3 metra löng. uppl. í s: 896-6025

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

# Heimilið

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

# Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN & DANISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA**

Levels/Stig: I - 6: Start/Byrja: 24/6, 22/7, 19/8, 16/9, 14/10, 11/11, 9/12. 4 weeks/vikur x 5 days/daga. 2-4 students/nem. AM & PM/fh & eh. Price/Verð: 48.000,- Most labour unions pay back 75-90 % of course price/Flest stéttafélög endurgreiða 75-90% námsgjalds. www.iceschool.is ff@icetrans.is-facebook.com/iceschool. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.




# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**STÚDÍÓ ÍBÚÐ Á EFRI HÆÐ Í FLATAHRAUNI, HAFNARFIRÐI,**

alls 60 fm er til leigu. Aðeins skilvísir og reglusamir leigjendur koma til greina. Leiga 110.000 kr á mánuði.

**Sendu okkur línu á flatahraun@yahoo.com ef þú hefur áhuga með upplýsingum um þig og meðmælendur.**

## Atvinnuhúsnæði

**FRÍSTUNDABIL.**

TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Facebook: Steinhella 14. Sími: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**STARF Á HESTALEIGU**

Vantar vanan mann í sumar á hestaleigu 30 km. frá Reykjavík. Þarf að geta byrjað sem fyrst. Uppl. í s: 616- 1569

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

# Tilkynningar

## Tilkynningar

**HÚSASMIÐUR**

Lítið viðhaldsfyrirtæki vantar smið með reynslu. Uppl. í s: 897-3006 Jóhann



**TRAUSTI** fasteignasala

Trausti fasteignasala | trausti@trausti.is | s.546-5050 | Vegmúla 4 | 108 Reykjavík

## VIÐ ERUM TRAUSTI


**Kristján Baldursson**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040


**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari.
S: 899-5949


**Bára Daníelsdóttir**
Skrifstofustjóri
S: 693-1837


**Gylfi Jens Gylfason**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124


**Garðar Kjartansson**
Sölufulltrúi
S: 853-9779


**Sólveig Regína Biard**
Skjalavinnsla,
S: 869-4879


**Styrmir Þór Sævarsson**
Sölufulltrúi
S: 846-6568


**Jóna Benný Kristjánsdóttir**
Lögmaður. Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 869-8650


**Gunnar Þórisson**
Viðskiptafræðingur,
Sölufulltrúi
S: 692-6226


**Einar Örn Guðmundsson**
Viðskiptafræðingur
Sölufulltrúi
S: 823-4969


**Garðar B. Sigurjónsson**
Sölufulltrúi
S: 898-0255


**Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir**
Viðskiptafræðingur
Sölufulltrúi
S: 897-7712


**Garðar Hólm**
Löggiltur fasteignasali
S: 899-8811




## Boðaþing 16 – 203 Kópavogur

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 25. JÚNÍ KL 12:00 - 12:30**

Nýjar íbúðir með lyftu, útsýni og góðri aðkomu fyrir 50 ára og eldri. Húsið stendur við hlið þjónustumiðstöðvar Hrafnistu en þangað er hægt að sækja ýmsa þjónustu. Eignirnar eru lausar til afhendingar við kaupsamning.

**Verð: frá 42,9 millj.**




## Naustabryggja 33

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 25. JÚNÍ KL. 17:30-18:00**

Falleg og rúmgóð 122,2 fm. 4ra herbergja þakíbúð á 4.efstu hæð í góðu lyftuhúsi í Bryggjuhverfi Grafarvogs. Íbúðin sem er á tveimur hæðum er með tvennum svölum, þaksvölum til suðurs út af efri hæð og á neðri hæð til suðurs. Tvö baðherbergi. Sérmerkt bílastæði í bílakjallara.

**Verð: 59,9 millj.**




## Hagamelur 18

**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 26. JÚNÍ KL. 17:00-17:30**

Rúmgóð og björt 2ja herbergja 73,6 fm. íbúð með sérinngangi í kjallara við Hagamel í Vesturbænum. Nýleg eldhúsinnrétting. Baðherbergi hefur verið tekið í gegn. Frábær staðsetning í grónu hverfi.

**Verð: 35,9 millj.**




## Stigahlíð 16

**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 26. JÚNÍ KL. 18:00-18:30**

Rúmgóð og björt 3ja herbergja 83,1 fm. íbúð á 3. hæð á þessum vinsæla og eftirsótta stað miðsvæðis í Reykjavík. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á seinustu 3 árum og hefur verið skipt um alla glugga og gler í íbúðinni og í sameign, svalahurð endurnýjuð, skólp hefur verið endurnýjað og dren hefur verið endurnýjað. Nýtt rafmagn í hluta íbúðarinnar.

**Verð: 39,9 millj.**




## Stíflusel 8

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 25. JÚNÍ KL. 17:30-18:00**

Björt, rúmgóð og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð við Stíflusel 8, 109 Reykjavík. Eignin er skráð 94,2 fm. Svefnherbergi og stofa eru mjög rúmgóð. Góðar suðursvalir með útsýni. Leyfi er fyrir gæludýrum. Sérgeymsla í kjallara

**Verð: 35,9 millj**




## Fannborg 5

**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 26. JÚNÍ KL 17:30 - 18:00**

Rúmgóð, snyrtileg og vel staðsett 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi við Fannborg 5 í Kópavogi. Eignin er skráð 108,7 fm. Nýlega fóru fram gluggaskipti, múrviðgerðir og málun á húsinu. Þvottahús er innan íbúðar. Stutt er í alla helstu þjónustu. Hjólastólaaðgengi.

**Verð: 42,5 millj**




## Álfatún 12

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 25 JÚNÍ KL 18:00 - 18:30**

Einstaklega björt og rúmgóð 135,6 fm íbúð á einni hæð við Álfatún í Kópavogi sem hefur fengið gott viðhald og mikið endurnýjuð árin 2016-2019. Frábær fjölskylduíbúð sem stendur við Fossvogsdal með góðum garði, viðarpalli í suður og fallegri aðkomu. Auðvelt að útbúa eignina þannig að 4-5 svefnherbergi séu í henni.

**Verð: 57,9 millj.**



## Hraunbær 36

Glæsileg 3ja herbergja 90,9 fm. íbúð á góðum stað í Hraunbæ. Íbúðin er mjög smekklega innréttuð og hefur verið tekin í gegn á síðustu 2 árum.
Ný eldhúsinnrétting og tæki og gólfefni. Þvottavél í eldhúsi sem fylgir.
Blokkin hefur nýlega verið endurnýjuð að utan.

**Verð: 39,4 millj.**

## LEIKVANGURINN

Hjörvar Ólafsson
hjorvaro@frettabladid.is





# Spjótin beinast að Platini enn á ný

Michel Platini sem var á sínum tíma goðsögn hjá frönsku þjóðinni og dáður af stuðningsmönnum liða sinna afplánar nú bann frá fótbolta fyrir spillingu og er grunaður um frekari spillta háttsemi í starfi sínu sem forseti UEFA.

Það var á þessum degi fyrir 63 árum sem franska knattspyrnugoðsögnin lá eins dags að aldri í vöggu sinni. Skömmu fyrir 63 ára afmælisdag sinn var hann svo handsamaður í úthverfi Parísborgar. Franska lögreglan hneppti hann í varðhald vegna meintrar mútuþægni og spillingar í starfi sem forseti Evrópska knattspyrnusambandsins, UEFA.

Eftir að hafa svarað spurningum rannsóknarlögreglumanna sem sérhæfa sig í spillingarmálum og rannsaka meint brot hans í starfi sem forseti UEFA árið 2010 var honum sleppt úr haldi. Þá hafði hann verið í gæsluvarðhaldi frá morgni fimmtudags fram að miðnætti sama dag. Saksóknaraembættið sem sér um þetta mál hefur verið með málið til rannsóknar í tvö ár.

Platini er grunaður um að hafa haft óhreint mjöl í pokahorninu þegar ákveðið var að smáríkið Katar, sem mettað er af olíuauði, fengi að halda heimsmeistaramótið í knattspyrnu karla árið 2022 þrátt fyrir að innviðir knattspyrnusamfélagsins hafi verið byggðir á sandi, á þeim tíma hið minnsta.

Platini var í guðatölu hjá frönsku þjóðinni og stuðningsmönnum Nancy, Saint-Etienne og Juventus á meðan hann dáleiddi knattspyrnuáhugamenn með töfrabrögðum sínum inni á vellinum. Hann varð bikarmeistari með Nancy, franskur meistari með Saint-Etienne og ítalskur meistari tvisvar sinnum, bikarmeistari einu sinni og vann Evrópukeppni bikarhafa og meistaraliða með Juventus. Hátindurinn á ferli hans sem knattspyrnumanns er líklega frábær frammistaða á Evrópumótinu árið 1984 þegar hann leiddi franska liðið til sigurs á heimavelli sínum en hann skoraði þá 9 af 14 mörkum Frakklands sem vann stórmót í fyrsta skipti í sögunni. Á þessum árum fékk hann Gullboltann sem besti leikmaður heims að mati evrópskra blaðamanna þrjú ár í röð árin 1983 til 1985.

### Spillingarslóð Platini og Blatter

Goðsagnarkennd ímynd hans hefur hins vegar vikið fyrir flekkaðra mannorði hans sem dæmigerðs spillts embættismanns innan UEFA sem ætlaði að komast að kjötkötlunum í gegndarlausri spillingunni sem viðgengist hefur hjá Alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA á árunum 2007 þar til upp um hann komst um áramótin 2015 og 2016.

Í ársbyrjun árið 2007 tók Platini við stjórnartaumunum hjá UEFA af Svíanum Lennart Johannsson sem lést á dögunum. Platini byrjaði forsetaferil sinn vel og var einn af þeim sem sáu til þess að koma á koppinn reglum um fjárhagslega háttvísi, setja bönd á sölu knattspyrnumanna undir 18 ára aldri og var með hugmyndir sem áttu að stuðla að því að koma í veg fyrir einokun stærstu deildanna á Evrópukeppnum félagsliða og fjölga uppöldum leikmönnum í félögunum í Evrópu og auðvelda brautargengi þeirra að aðalliðunum í Evrópuboltanum.

Þegar Sepp Blatter hrökklaðist af forsetastóli hjá FIFA um mitt árið 2015 vegna spillingarmála sem tengdust honum og undirmönnum hans tilkynnti Platini að hann hygðist sækja um embættið þegar kosið yrði um það í byrjun ársins 2016. Þegar 2015 var hins vegar að renna sitt skeið og skýrsla siðanefndar FIFA birtist þar sem fram kom að Platini hefði þegið tveggja milljóna dollara greiðslu frá Blatter fyrir ótilgreind ráðgjafarstörf dró hann framboð sitt til baka. Platini og Blatter fengu í kjölfarið refsingu sem hljóðaði meðal annars upp á að þeir væru útilokaður frá því að starfa innan knattspyrnunnar allt

»

**PLATINI VAR HANDTEKINN Í ÚTHVERFI PARÍSAR Í UPPHAFI VIKUNNAR OG YFIRHEYRÐUR VEGNA GRUNS UM MÚTUÞÆGNI OG SPILLINGU ÞEGAR SMÁRÍKINU KATAR VAR FALIÐ AÐ HALDA HM ÁRIÐ 2022.**

til ársins 2023. Bannið var síðar stytt eftir áfrýjun Platini og rennur það úr gildi í október næstkomandi.

Nú beinast spjótin svo að Platini vegna þess hvernig framkvæmdinni var háttað þegar ákveðið var að Katar myndi hljóta þann heiður að halda heimsmeistaramótið árið 2022. Rannsókn sem FIFA framkvæmdi sjálft á umsóknarferlinu þar sem Katar hafði betur gegn Bandaríkjunum, Ástralíu, Suður-Kóreu og Japan leiddi ekki til ákæru eða annarra aðgerða af hálfu sambandsins. Sú staðreynd að Katar þótti ekki standa best að vígi að mati þeirrar nefndar á vegum FIFA sem fór yfir umsóknirnar og að landið uppfyllti ekki mörg þeirra skilyrða sem sett voru fyrir því að fá að halda mótið þegar umsókn þeirra var samþykkt vekur hins vegar óneitanlega áleitnar spurningar.

### Vafasamur fundur í París

Talið er að athygli rannsóknarlögreglumanna saksóknaraembættisins beinist að hádegisverði sem Platini átti með Nicolas Sarkozy þáverandi forseta Frakklands og embættismönnum frá Katar. Leiddar hafa verið líkur að því að gjaldeyrisskiptasamningur á milli Frakklands og Katar og sú staðreynd að katarskir olíufurstar keyptu meirihluta í PSG hafi verið gjaldið sem greitt var fyrir stuðning Sarkozy þegar kom að umsóknarferlinu.

Platini hefur þráfaldlega neitað því að fyrrgreindur fundur eða aðrar mútugreiðslur úr hendi katarskra embættismanna hafi orðið til þess að hann skipti um skoðun frá því að vera hallur undir umsókn Bandaríkjanna til þess að greiða götu Katar til þess að fá að halda mótið eftir rúm þrjú ár. Ólíklegt þykir að þessi rannsókn hafi nokkur áhrif á þau áform að halda mótið í Katar í desember árið 2022 en það muni hins vegar mögulega leiða til refsingar á hendur Platini fyrir frönskum dómstólum og félaga hans og samstarfsmanni í meintum glæp Blatter.

Þegar fjaðrafokið í kringum þessa ákvörðun var sem mest frá 2015 til ársloka árið 2016 staðhæfði Platini að hann sæi ekkert eftir þeirri ákvörðun sinni að styðja Katar í umsókn sinni um að fá að halda mótið við Persaflóann. Margoft hefur því verið haldið fram að peningar kaupi ekki hamingju. Það er hins vegar spurning hvort hinn skammgóði og reyndar töluverði vermir sem meintar mútugreiðslur katarskra olíupeninga í franskar hendur Platini hafi verið þess virði að hans mati þegar hann var handsamaður á rölti um úthverfi Parísarborgar þar sem hann spásseraði um á sínum tíma sigurreifur í sæluvímu síðsumars árið 1984 nýbúinn að gera þjóð sína stolta með gullverðlaunum á Evrópumótinu.

### Michel Francois Platini

**Fæðingardagur:** 21. júní 1955
**Franskur bikarmeistari:** 1978
**Franskur meistari:** 1981
**Ítalskur meistari:** 1984 og 1986
**Evrópumeistari bikarhafa:** 1984
**Evrópumeistari meistaraliða:** 1985
**Evrópumeistari:** 1984

- Þjálfaði franska landsliðið frá 1988 – 1992
- Var í skipulagsnefnd fyrir HM í Frakklandi árið 1998
- Sat í nefndum fyrir UEFA og FIFA frá 2002 til 2015



- Varð forseti UEFA 2007
- Settur í bann frá knattspyrnu vegna spillingarmála 2015
- Handtekinn vegna gruns um spillingu 2019



Sigurður Samúelsson
Lögg. fast. og eigandi



Þórarinn Thorarensen
Lögg.fast. og eigandi



Þórey Ólafsdóttir
Lögg. fast. og eigandi



Andri Sigurðsson
Lögg. fast. og eigandi



Sveinn Eyland
Lögg. fast og eigandi



Ása Þöll Ragnarsdóttir
Skjalavinnsla/móttaka



Nadia Katrín Banine
Löggiltur fast.



Ingibjörg A. Jónsdóttir
Löggiltur fast.



Eggert Maríuson
Löggiltur fast.



Helga Snorradóttir
Skrifstofa/skjalavinnsla



Guðrún D. Lúðvíksdóttir
Löggiltur fast.



Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir
Löggiltur fast.



Siggi Fannar
Löggiltur fast.

**www.landmark.is**

**... leiðir þig heim!**

**LANDMARK**
FASTEIGNAMIÐLUN

**Hlíðasmára 2 201 Kópavogi Sími 512 4900**

## ÞORRAGATA 5 – 101 RVK




**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 23.JÚNI KL.14.00-14.30**
- Rúmgóð ca. 150 fm 4ra herb., endaíbúð
- Björt íbúð á 4.hæð með gluggum á 3 vegu
- Yfirbyggðar suð-vestur svalir að hluta
- Tvö svefnherb., skrifstofa, stórar stofur
- Bílskúr er með íbúð og geymslur

**ÍBÚÐ ER ÆTLUÐ FÓLKI 63 ÁRA OG ELDRA LAUS VIÐ KAUPSAMNING.**

**V. 84,9 millj Sveinn s. 6900 820**

## KÖGUNARHÆÐ 3 Í GARÐABÆ




**BÓKIÐ SKOÐUN Í SÍMA 663-2300 / THOREY@LANDMARK.**

247,1 fm einbýli á tveimur hæðum, frábærum staðsetning.
Húsið er einkar vel skipulagt og teiknað af Kjartani Sveinssyni.
Stór stofa, borðstofa og rúmgott eldhús. Fjögur svefnherbergi.
Efri hæðin er eitt opið rými með einstöku úrsýni, útgengt á suðursvalir.
Mjög rúmgóður bílskúr (42,7 fm), auðvelt að útbúa litla íbúð.
Stór og grón lóð, einkar skjólsæl og viðhaldslítil.

**V. 112,9 millj Þórey, s. 663 2300**

## LEIRVOGSTUNGA 47-53, 270 MOSFELLSBÆ







**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 23.JÚNÍ KL.15.00-15.30**
-Um er að ræða glæsileg 157.8 fm. raðhús á einni hæð í þessu nýjasta hverfi í Mosfellsbæ, gluggar á þrjá vegu.
-Íbúðarrými er 129.9 fm og bílskúr 27.9 fm., mjög gott skipulag
-Þrjú svefnherbergi og tvö baðherbergi
-Stórglæsilegt útsýni til vestur-norður og er grænt svæði bakatil við hús.
-Eignir skilast fullbúnar að öllu leiti að innan og utan, lóð frágenginn.
-Vandaðar innréttingar frá HTH, ísskápur og uppþvottavél innbyggð í eldhúsi.

**EIGNIR ERU LAUSAR TIL AFHENDINGAR FLJÓTLEGA.**
**Verð: 72,9 – 74,9 millj.**
**Fasteignasalar; Þórarinn s. 7700 309 & Sveinn s. 6900 820**








## NÝTT Á SKRÁ & OPIÐ HÚS MILLI KL 17:00 OG 17:30 ÞRIÐJUDAGINN 25. JÚNÍ

**LANDMARK fasteignamiðlun kynnir til sölu 22 nýjar útsýnisíbúðir, 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja** með sérinngangi eða sérinngangi af stigapalli í fallegu lyftuhúsi í Urriðaholtinu í Garðabæ.

**Íbúðirnar eru 22 talsins og afhendast fullbúnar án gólfefna en helmingi íbúðanna fylgir bílskúr.**

Frábær staðsetning og miklir útivistarmöguleikar.



**Þórey** Ólafsdóttir
löggiltur fasteignasali
Gsm **663 2300**

**Sigurður** Samúelsson
löggiltur fasteignasali
Gsm **896 2312**

**LANDMARK**
FASTEIGNAMIÐLUN



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Sigurbjörnsdóttir**
Árskógum 6, Reykjavík,
(áður Melási 9, Garðabæ),

verður jarðsungin miðvikudaginn 26. júní í Fríkirkjunni í Hafnarfirði, klukkan 13.

**Geir Magnússon**
**Sigurbjörn Geirsson** **Gullí Berg**
**Gunnþórunn Geirsdóttir** **Kristinn Kolbeinsson**
**Hrafnhildur Geirsdóttir**
**Magnús Geirsson** **Ragnhildur Sumarliðadóttir**
**Þorvaldur Geirsson** **Auður Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

**Guðlaugar Hinriksdóttur**

Starfsfólki heimahjúkrunar, Sjúkrahúss Akraness og dvalarheimilisins Höfða sendum við hlýjar kveðjur og þakkir.

**Börn, tengdabörn og ömmubörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Klettaskóli, Suðurhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



**Þór segir Tuliniusarnafnið hafa komið til landsins með langalangafa hans, Carli Tulinius.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Leiðsögn líkist einleik

**Þór Tulinius er sextugur í dag og ætlar að kalla á sína nánustu í kaffi. Hann er leikari og líka ökuleiðsögumaður. Segir ferðafólk dolfallið yfir okkar einstaka landi.**

Landsmenn kannast við Þór Tulinius sem leikara, bæði á sviði og í kvikmyndum. Á síðasta leikári lék hann í Svartlyngi í Tjarnarbíói og árið 2015 í Endatafli sem hann hlaut Grímuverðlaunin fyrir sem besti karlleikari ársins. Hann kveðst hafa verið í bekk með sjö nemendum í Leiklistarskóla Íslands í fjögur ár, 1981-85. „Það var æði. Nú er þetta orðið þriggja ára nám og ábyggilega fleiri nemendur í bekk, ætli unga fólkið sé ekki bara orðið greindara en við og fljótara að læra,“ segir hann. „En þetta er krefjandi starf, ég hef unnið bæði sem leikari og leikstjóri, en minna verið í því síðustu ár og meira í ferðamennsku.“

Hann kveðst hafa byrjað í leiðsögn í lok menntaskólans. „Ég tala frönsku því ég ólst upp að hluta til í Frakklandi og franskur vinur minn bað mig að fara með franska ferðalanga um landið. Ég sagðist nú ekki vera fróður um það. „Ja, þú veist alltaf meira en þeir,“ svaraði hann. Þannig fór ég af stað og var í þessu öll námsárin á sumrin. Fyrir tíu árum fór ég að taka eina og eina ferð sem ökuleiðsögumaður, það er svo notalegt. Svo var það árið 2012 sem bíll kom upp í hendurnar á mér. Ég var að leika einleik í Landnámssetrinu í Borgarnesi og á leiðinni heim stoppaði ég til að fá mér pylsu. Við sjoppuna stóð nákvæmlega eins bíll og mig langaði í. Ökumaðurinn sat undir stýri, ég bankaði á rúðuna og spurði hvort hann vissi hvað svona bíll kostaði. „Já, ég var að setja þennan á sölu,“ sagði hann. Þannig að ég skellti mér út í þetta, tók öll réttindi og stofnaði fyrirtæki. Yfirleitt eru það forseldar ferðir sem ég er ráðinn til að taka að mér.“

> **Við sjoppuna stóð nákvæmlega eins bíll og mig langaði í. Ökumaðurinn sat undir stýri, ég bankaði á rúðuna og spurði hvort hann vissi hvað svona bíll kostaði. „Já, ég var að setja þennan á sölu,“ sagði hann.**

Þór segir reynslu leikarans koma sér vel í leiðsögninni. „Þetta er svolitið uppistand, eins og að vera með einleik,“ segir hann glaðlega og kannast ekki mikið við vandamál í starfinu. „Þetta er svo flott land að fólkið er dolfallið yfir því og verður ósjálfrátt svo þakklátt og glatt. Ísland er svo mikið í mótun, fólk finnur alls staðar kraftinn. Skógleysið gerir það líka sérstakt, maður sér svo langt. Við erum ofsalega heppin að eiga þetta land. Það hríslast um mig aðdáun þegar ég er að labba einhvers staðar um það með hópa.“

Nú berst talið að fjölskyldunni. Þór upplýsir að konan hans, Elísabet Katrín Friðriksdóttir, sé úr Eyjafjarðarsveitinni. „Við kynntumst gegnum leiklistina þegar ég var að leikstýra Góða dátanum Svejk hjá Freyvangsleikhúsinu árið 2011. „Ég á tvær uppkomnar dætur og hún á tvo uppkomna syni. Svo á ég dótturdóttur sem heitir Anna Sóley Kristjánsdóttir,“ bætir hann við stoltur.

Spurður hvort hann ætli að halda upp á sextugsafmælið sem er í dag, svarar Þór: „Ja, fjölskyldan kemur í kaffi, svona nánasta fólkið, kannski geri ég eitthvað meira seinna.“ **gun@frettabladid.is**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda vináttu og samúð við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Harðar Sigurðssonar**
vélstjóra og svæðanuddara.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólkinu á 2. hæð - Norður á hjúkrunarheimilinu Mörkinni, Suðurlandsbraut 66 í Reykjavík, fyrir einstaka umönnun og hlýhug í hans garð og okkar þann tíma sem hann dvaldi þar.

**Ásta Harðardóttir** **Björn Helgason**
**Ingólfur Harðarson** **Berglind Líney Hafsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Einlægar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýju og vinarhug við andlát og útför

**Adams Þórs Þorgeirssonar**
Háholti 5, Akranesi,

sem lést 5. júní sl. Sérstakar þakkir til heimaþjónustu Akraneskaupstaðar og starfsfólks deildar A3, Sjúkrahúsi Akraness.

**Ólöf Erna Adamsdóttir** **Hreinn Haraldsson**
**Friðrik Adamsson** **Lise Dandanell**
**Auður Adamsdóttir** **Gunnlaugur V. Snævarr**
**Þorgeir Adamsson** **Hrönn Hilmarsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Faðir minn,

**Sigurður S. Guðmundsson**

skipstjóri,

áður til heimilis að Flyðrugranda 16, Reykjavík, lést þann 6. júní á dvalarheimilinu Hrafnistu. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Anna Lísa Sigurðardóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

**Sigrún Sigurðardóttir**

frá Möðruvöllum í Hörgárdal,

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík 17. júní. Jarðsett verður frá Grensáskirkju þriðjudaginn 25. júní kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurður Sigfússon**
**Ólafur Bragi Bragason**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Okkar innilegstu þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför elsku sonar míns, bróður okkar, mágs og frænda,

**Magnúsar Halldórssonar**

Svöluási 40, Hafnarfirði.

**Bryndís Magnúsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Guðrún Valdís Halldórsdóttir** | **Kristján Guðbjartsson** |
| **Helga Kristín Halldórsdóttir** | **Gauti Sigurpálsson** |
| **Fannar Már Arnarson** | **Sigríður Jónsdóttir** |
| **Sandra Hrönn Arnardóttir** | |

**og frændsystkin.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gunnhildur Ágústa Eiríksdóttir**

Asparási 3, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 13. júní. Að ósk hinnar látnu fer útför hennar fram í kyrrþey.

**Þorleifur Markússon**
**dætur, tengdasynir, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæra sonar, eiginmanns og föður,

**Gísla Kristjánssonar Heimissonar**

verkfræðings,

sem lést fimmtudaginn 6. júní 2019.

**María Gísladóttir**
**Þorgerður Ragnarsdóttir**
**María, Grímur og Ragnar Gíslabörn**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bára R. Sigurjónsdóttir**

sjúkraliði,
Kársnesbraut 65, Kópavogi,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 14. júní, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju 24. júní kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin.

| | |
|---|---|
| **Jón Rúnar Hartmannsson** | |
| **Unnsteinn Gísli Oddsson** | **Þórdís Sigríður Hannesdóttir** |
| **Linda Kristín Oddsdóttir** | **Sigmar Eðvarðsson** |
| **Sigdís Hrund Oddsdóttir** | **Viðar Már Þorsteinsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Páls Jakobssonar**

bónda, Hamri á Barðaströnd.

**Guðrún Jóna Jónsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Jón Bjarni Pálsson** | **Kolbrún Vídalín** |
| **Ólöf Sigríður Pálsdóttir** | **Finnbogi Kristjánsson** |
| **Jóna Bryndís Pálsdóttir** | **Sigurður Sigurðsson** |
| **Auðbjörg Gerður Pálsdóttir** | **Viðir Ingason** |
| **Dóra Eydís Pálsdóttir** | **Pétur Gunnarsson** |
| **Jakob Pálsson** | **Guðný Matthíasdóttir** |

**barnabörn og langafabörn.**

---



✝

Okkar innilegustu þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför okkar elskulega föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Hilmars Pálssonar**

fv. forstjóra Brunabótafélags Íslands.

Við sendum starfsfólki, hjúkrunarfræðingum og læknum á Mörk við Suðurlandsbraut okkar innilegustu þakkir og kveðjur fyrir frábæra umönnun.

| | |
|---|---|
| **Hannes Hilmarsson** | **Dóra Berglind Torfadóttir** |
| **Páll Hilmarsson** | **Kolbrún Jónsdóttir** |
| **Björn Hilmarsson** | **Guðrún Björk Gunnarsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**Guðlaug G. Jónsdóttir**

áður til heimilis að Sléttuvegi 19,

lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 5. júní. Útför fer fram fimmtudaginn 27. júní kl. 13.00 frá Áskirkju.

| | |
|---|---|
| **Kolbrún Finnsdóttir** | **Snorri Ingibergsson** |
| **Erna Finnsdóttir** | |
| **Jón H. Finnsson** | |
| **Hrönn Finnsdóttir** | **Þráinn Sigurðsson** |

**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ragnar Geir Tryggvason**

skipasmiður,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum 11. júní sl. Að ósk Ragnars fór útförin fram í kyrrþey. Fjölskyldan þakkar samúð og hlýjar kveðjur frá ættingjum og vinum.

**Erna Björk Guðmundsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Rakel Ragnarsdóttir** | **Pálmi Guðmundsson** |
| **Ragna Björk Ragnarsdóttir** | **Bragi Björnsson** |
| **Sigurgeir Ragnarsson** | **Sólveig Thelma Einarsdóttir** |

**og barnabörn**

---



✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Magnúsína Sigríður Sæmundsdóttir**

(Maggý)

Garðavegi 25, Hvammstanga,

lést á á sjúkrahúsinu á Akranesi 4. júní sl. Útför hennar fer fram frá Hvammstangakirkju þriðjudaginn 25. júní nk. kl. 14.00. Að ósk hinnar látnu eru blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á björgunarsveitina Húnar á Hvammstanga. Minningarkort má nálgast á heimasíðu Landsbjargar, landsbjorg.is. Velja skal: Áheit rennur til: Björgunarsveitin Húnar.

| | |
|---|---|
| **Sigurbjörg Friðriksdóttir** | **Skúli Þórðarson** |
| **Rósa Fanney Friðriksdóttir** | **Guðmann S. Jóhannesson** |
| **Erna Friðriksdóttir** | **Bjarki Haraldsson** |
| **Haraldur Friðrik Arason** | |

**barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Hjaltalín**

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri 4. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

| | |
|---|---|
| **Óskar Hjaltalín** | **Elísa Stefánsdóttir** |
| **Sverrir Hjaltalín** | **Halla Snorradóttir** |
| **Sigrún Hjaltalín** | **Ragnar Jónsson** |
| **Bjarni Hjaltalín** | |
| **Alfa Hjaltalín** | **Sigurður Kristjánsson** |
| **Alfreð Hjaltalín** | **Sólveig Hauksdóttir** |
| **Pálmi Hjaltalín** | |
| **Jón Hjaltalín** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar ástkæri

**Jón Friðrik Möller**

lést þriðjudaginn 18. júní. Útför hans verður gerð frá Fríkirkjunni Reykjavík miðvikudaginn 26. júní klukkan 13. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Litlu-Grundar fyrir góða umönnun.

**Aðstandendur.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför okkar ástkæra

**Þorsteins Guðnasonar**

Eyjabakka 3, Reykjavík.

Við viljum færa starfsfólki krabbameinsdeildar Landspítalans deild 11E sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun.

**Ósk S. Árnadóttir**

| | |
|---|---|
| **Magnús Guðnason** | **Birte Nielsen** |
| **Bjarni Guðnason** | **Elínbjörg Kristjánsdóttir** |
| **Kristín Guðnadóttir** | |
| **Þórný Guðnadóttir** | **Lúðvík I. Helgason** |
| **Ágúst Guðnason** | **Drífa Dröfn Geirsdóttir** |
| **Gísli Guðnason** | |
| **Halla Guðnadóttir** | **Borgþór Hjörvarsson** |
| **Þórdís Guðnadóttir** | |

**og fjölskyldur.**

---



✝

Elskulegur frændi okkar,

**Kristján Eiríksson**

fv. framkvæmdastjóri,
Brúnavegi 9, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 12. júní. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 27. júní kl. 15 00.

**Eiríkur Magnússon**
**Hlín Magnúsdóttir**
**Kristín Jónsdóttir**
**Óskar Pálsson**

---



✝

Okkar ástkæri,

**Guðmundur Arnarsson**

lést á heimili sínu í Noregi 16. maí. Minningarathöfn fer fram frá kapellunni í Hafnarfjarðarkirkjugarði þriðjudaginn 25. júní klukkan 15.

**Sigurbjörg Gunnarsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Reynheiður Þóra Guðmundsdóttir** | **Svanur Örn Þrastarson** |
| **Arnar Jakob Guðmundsson** | **Þorgerður Egilsdóttir** |

**Hafrós Lilja, Hrafn Elís og Sólveig Sigurbjörg**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Valtýr Eysteinn Magnússon**

Blåbærvej 4 9600, Aars, Danmörk
áður Nesvegi 57, Reykjavík,

lést 8. júní. Útförin hefur farið fram.

**Ritta Nancy Jensen,**
**börn, tengdabörn, barnabörn,**
**barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**SOKKABANDSÁR**



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt birtist fugl. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 28. júní á krossgata@frettabladid.is merkt „22. júní“.



FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Blá** , eftir **Maja Lunde** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Katrín Magnúsdóttir, Vestmannaeyjum.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Verk fyrir hljómsveitir og samtök (8)
**8** Fjölgum okkur með vöxtum (5)
**11** Rústa öllu og græja svo mannskap í mannlausan bæinn (9)
**12** Frelsa Frey frá vantrú (8)
**13** Gulltaug var tæmd (5)
**14** Drepa niður lim hvar sem fótfesta fæst (7)
**15** Sniðu sér stakk eftir eigin vexti (8)
**16** Tjóðra mitt burðardýr svo það kjafti ekki frá (7)
**17** Rætið rex Rex um fanta (7)
**18** Splæsi í mörk við sandauðn fornyrtra (8)
**19** Sendið á varpaafli@lausn.is (7)
**22** Því þurrari, þeim mun verr láta þau að stjórn (8)
**24** Þar hitta þau Stanley þann sem ég tel öllum betri (8)
**26** Mórolla er farartálmi (6)
**28** Dundaði svo lengi við þetta rugl að mér sortnaði fyrir augum (8)
**31** Sálarmorð verður rakið til drápsvilja (9)
**34** Glatið ekki guðshúsi, annars leggst starfsemin af (12)
**35** Hef band á fantinum svo hann steli ekki ullinni (9)
**37** Löngu listarnir eru frá-teknir á harða disknum (12)
**41** Greiðum ferð með skipi og bíl gegn kynningu (9)
**42** Guð karla og kvenna verður margs vísari (9)
**45** Kastaníuskorpa eða pistasíuskel? (10)
**46** Pöntum helling af yfirlitsritum í rauðabítið (7)
**48** Leitum griða fyrir norsk fylki í uppnámi (5)
**49** Dimmblá málning dugar á steininn (10)
**50** Rýfur þær sem þegar eru upp rifnar (5)
**51** Sá fasti má vera, best að hitt ruglið eyðist (7)

**LÓÐRÉTT**

**1** Löskum sveig í bröggum (11)
**2** Set þessa tjörn í flokk þeirra sem þarfnast pumpubarða (9)
**3** Læt engan vita af launmorðingja (11)
**4** Brúsi barnanna freistar fjörvængjanna (11)
**5** Vá mun sækja að beini (8)
**6** Æ, skil og skap eru bjargföst samsetning (8)
**7** Hitti Eyrbekking, friðlausan af óværu (8)
**8** Sparið æ saltið til að forðast rof rása (7)
**9** Set farkostinn í farangursrýmið (7)
**10** Hvað eru margir svona í einu mannári? (9)
**20** Þær fást hvergi svona ofboðslega ódeigar (11)
**21** Litar inngangа áður en þeir eru byggðir (8)
**23** Skipulegg hverja keppnina af annarri (7)
**25** Sjússinn sefar titrandi tær (5)
**27** Neysluhæf en nötra þó, þannig fór um fólkið mitt (6)
**29** Lítill þarf kraft, einkum ef hann er kraftlítill (8)
**30** Fyrsta flokks kvos blikn-ar án kerruhests (5)
**32** Með eljunni svíkur hann heitin (10)
**33** Aðferðin hentar jafnt til tjútts sem tunglferða (10)
**36** Er með fínt fólk í forgangskerfi (8)
**38** Um orð í orðum (7)
**39** Fangar frú ljósmóður (7)
**40** Hafa skurð sem tákn um upphaf (7)
**43** Snýef gildra glepur (5)
**44** Held ég fangi þig í frumefni (5)
**47** Svona ólag er ólöglegt (4)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | | 6 | 9 |
| 9 | | | 2 | 6 | | 5 | | |
| 2 | | 7 | | 9 | | | 1 | 4 |
| | | | | | 8 | | | 3 |
| | 9 | | | 7 | 4 | | 8 | 1 |
| | 4 | 3 | | | | 7 | | |
| 4 | | 9 | 5 | | | | | |
| | 5 | | | 8 | 2 | | | |
| | 2 | | 7 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 3 | 4 | | 2 | 6 | 8 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 5 | | | 1 | | 7 | | |
| | | | | | 4 | 8 | 2 | |
| 8 | 1 | 4 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | | 6 | | | |
| 4 | | | | 7 | | 5 | 1 | |
| | 3 | | | | | | | 2 |
| 6 | | 9 | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | | | 7 | |
| | 5 | | 7 | | 6 | | 8 | 2 |
| 4 | | | | | | | | |
| 9 | 7 | | 4 | | | | 3 | |
| 5 | 4 | 6 | | | | | 9 | |
| | | | | 9 | | 1 | | |
| 1 | | 4 | | | 8 | | | |
| | 3 | | 9 | | | | | 7 |
| | 8 | | | | | | 5 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 7 | 6 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 6 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 5 | 8 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 7 | 1 | 5 | 4 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 |
| 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 7 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 | 6 |
| 8 | 7 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 6 | 2 | 7 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 |
| 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 5 | 9 | 7 | 8 |

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Bareev átti leik gegn Jakovitsch í Tallinn árið 1986.

**1. Rxe6! Dxh5 2. Rg7+ Kd8 3. He8# 1-0.** Norðurlandamótið í skák hófst í gær í Sarpsborg í Noregi. Helgi Áss Grétarsson og Lenka Ptácníková taka þátt. Tvær umferðir fara fram í dag og ein á sunnudaginn.

**www.skak.is:** Norðurlandamótið.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### VANDAÐAR SAGNIR

Um þessar mundir stendur yfir keppni á opna Evrópumótinu, sem haldið er í borginni Istanbul í Tyrklandi. Ísland er þátttakandi þar (í opinni sveitakeppni) með sterka sveit sem skipuð er Sveini Rúnari Eiríkssyni, Júlíusi Sigurjónssyni, Hrannari Erlingssyni og Sverri Kristinssyni. Mótið er búið að standa yfir síðan 15. júní (til 29. júní) og hófst á „Mixed teams“ (pörin í sveitinni eru karl og kona). Sveinn Rúnar var þátttakandi í þeirri keppni og var í sveitinni „Fullhouse“ sem endaði í fjórða sæti riðlakeppninnar af 86 sveitum (Sveinn Rúnar Eiríksson, Jovanca Smederevac frá Frakklandi, Selen Hotamisligil og Cenk Tuncok frá Bandaríkjunum). Efstu 32 sveitirnar fóru í útsláttarkeppni sem Fullhouse vann og einnig í 16 liða úrslitum. Í 8 liða úrslitum mætti sveit Fullhouse ofjörlum sínum, sveit Reess sem vann þar nauman sigur 75-64 í impum talið. Sveit Reess spilaði úrslitaleikinn gegn sveit Good Six og tapaði 102-142. Í riðlakeppninni kom þetta spil fyrir þar sem Sveinn Rúnar og Smederevac sátu NS (í lokuðum sal). Vestur var gjafari og AV á hættu:

**Norður**
♠ Á7
♥ 97
♦ ÁKD4
♣ ÁK1076

**Vestur**
♠ 863
♥ ÁD1042
♦ G7
♣ G84

**Austur**
♠ D10952
♥ K865
♦ 9852
♣ -

**Suður**
♠ KG4
♥ G3
♦ 1063
♣ D9532

Á hinu borðinu enduðu sagnir í NS í þremur gröndum í tveimur sagnhringjum. Sá samningur var fljótt niður eftir hjartaútspil. Sveinn Rúnar vandaði sig hins vegar í sögnum. Hann opnaði á laufi í norður, Smederevac svaraði á einu grandi í suður og Sveinn Rúnar sagði 2♦ til að sýna sterka hönd með a.m.k. 5♣ og 4♦. Smederevac tók undir laufið með 3♣ sögn og Sveinn Rúnar stýrði sögnum í 5♣, eftir slemmuþreifingar, þar sem hjartaveikleikinn kom í ljós. Þeir slagir töpuðust en 5♣ voru hins vegar auðveld til vinnings. Sveitakeppni Íslendinganna hefst í dag.

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 37. STARFSÁR





# ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR Í HALLGRÍMSKIRKJU

## 22. JÚNÍ- 28. ÁGÚST 2019

### HELGARTÓNLEIKAR MEÐ ALÞJÓÐLEGA VIÐURKENNDUM ORGANISTUM LAUGARDAGA KL. 12 OG SUNNUDAGA KL. 17



| | |
|---|---|
| 22. / 23. júní | **Björn Steinar Sólbergsson** organisti við Hallgrímskirkju í Reykjavík, Íslandi |
| 29. / 30. júní | **Mattias Wager**, dómorganisti við Storkyrkan í Stokkhólmi, Svíþjóð |
| 6. /7. júlí | **Johannes Skoog**, konsertorganisti, Svíþjóð |
| 13. / 14. júlí | **Johannes Zeinler**, Austurríki, 1. verðlaunahafi í Alþjóðlegu orgelkeppninni í Chartres, Frakklandi 2018 |
| 20. / 21. júlí | **Yves Rechtsteiner** konsertorganisti, Frakklandi |
| 27. / 28. júlí | **Isabelle Demers**, kanadískur konsertorganisti og orgel prófessor í USA |
| 3. / 4. ágúst | **Lára Bryndís Eggertsdóttir**, organisti við Hjallakirkju Kópavogi, Íslandi |
| 10. / 11. ágúst | **Susannah Carlsson**, dómorganist við Lundardómkirkju, Svíþjóð |
| 17. / 18. ágúst | **Johannes Geffert**, konsertorganisti frá Bonn, Þýskalandi |
| 25. ágúst | **Mattias Wager,** dómorganisti við Storkyrkan í Stokkhólmi, Svíþjóð |



### HÁDEGISTÓNLEIKAR MEÐ ÍSLENSKUM ORGANISTUM FIMMTUDAGA KL. 12

| | |
|---|---|
| 27. júní | **Tuuli Rähni**, organisti við Ísafjarðarkirkju |
| 4. júlí | **Guðmundur Sigurðsson** organisti við Hafnarfjarðarkirkju |
| 11. júlí | **Eyþór Franzson Wechner** organisti við Blönduóskirkju |
| 18. júlí | **Jón Bjarnason**, organisti við Skálholtsdómkirkju ásamt **Jóhanni Inga Stefánssyni** trompet og **Vilhjálmi Ingva Sigurðssyni** trompet |
| 25. júlí | **Ágúst Ingi Ágústsson** organisti, Reykjavík með **Lene Langballe**, sink/ cornett- og blokkflautuleikara, Danmörku |
| 1. ágúst | **Steinar Logi Helgason** organisti í Reykjavík og **Fjölnir Ólafsson**, **Örn Ýmir Arason** og **Hafsteinn Þórólfsson** barítónar |
| 8. ágúst | **Guðný Einarsdóttir** organisti við Háteigskirkju í Reykjavík |
| 15. ágúst | **Kitty Kovacs** organisti við Landakirkju í Vestmannaeyjum |
| 22. ágúst | **Eyþór Ingi Jónsson** organisti við Akureyrarkirkju |

### HÁDEGISTÓNLEIKAR MEÐ SCHOLA CANTORUM MIÐVIKUDAGA KL. 12

Schola cantorum, kammerkór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur ýmsar viðurkenningar fyrir söng sinn, heldur stutta hádegistónleika alla miðvikudaga í sumar frá 26. júní – 28. ágúst. Þessir tónleikar, sem nú eru haldnir ellefta árið í röð, hafa jafnan notið mikilla vinsælda. Kórinn flytur perlur íslenskrar og erlendrar kórtónlistar, m.a. eftir Händel, Byrd, Bruchner o.fl. ásamt fjölbreyttu úrvali af tónlist íslenskra tónskálda. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelsson. Eftir tónleikana býður kórinn upp á kaffisopa og spjall í suðursal kirkjunnar.



LISTVINAFELAG.IS SCHOLACANTORUM.IS

Miðasala við innganginn 1 klst. fyrir tónleika og á midi.is
Hádegistónleikar – 30 mín: 2500 kr - Schola cantorum – 30 mín: 2700 kr.
Sunnudagstónleikar –60 mín: 3000 kr.
Listrænn stjórnandi: Hörður Áskelsson /
Listrænn gestastjórnandi 2019: Mattias Wager, dómorganisti við Storkyrkan í Stokkhólmi, Svíþjóð
Framkvæmdastjóri: Inga Rós Ingólfsdóttir
Tónleikastjórar 2019: Sólbjörg Björnsdóttir & Pétur Oddbergur Heimisson

Gunnar Eggertsson · Reykjavíkurborg · Mennta- og menningarmálaráðuneytið · midi.is · Bílaleiga Akureyrar Höldur · Europcar · Hotel Holt · Apotek Kitchen + Bar

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 358

„Þetta er nú meira ruglið,“ sagði Kata. „Hér stendur: Fylgdu öllum bláu línunum með blýanti án þess að fara yfir aðra línu eða lyfta blýantinum frá blaðinu. Auðvitað er þetta ekki hægt,“ bætti hún við. „Það sér hver heilvita manneskja.“ En Lísaloppa var ekki eins viss. Hún rýndi í teikninguna og sagði svo: „Réttu mér blýant, ég held að það sé hægt að leysa þessa þraut.“






## Lestrarhestur vikunnar:
### Bertha Stefanía Sveinbjarnardóttir

**Bertha Stefanía er níu ára.**

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Að lesa um ævintýri.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Sveitadrengur eftir Lauru Ingalls Wilder. Hún var um strákinn Almanzo sem bjó í Bandaríkjunum í gamla daga.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Binnu B. Bjarnabækurnar.

**Hvernig bækur þykir þér skemmtilegastar?** Spennandi sögur og ævintýri eins og Ævintýraeyjan.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Fellaskóla.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Já.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Hip hop, sund og teikning.



Bertha Stefanía hlaut bókina Langelstur í bekknum í verðlaun.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi og takið þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



Katrín Súsanna á vinnustaðnum sem heitir Bjargarsteinn Mathús.
MYND/TÓMAS FREYR KRISTJÁNSSON

# Leið vel í ræðustól Alþingis

Katrín Súsanna Backman Björnsdóttir var meðal þeirra ungmenna sem héldu ræðu á Alþingi á þjóðhátíðardaginn. Hún er sextán ára og á heima vestur í Grundarfirði.

**VIÐ SEM HÖFÐUM ÁHUGA SKRÁÐUM OKKUR Á NETINU, SVO VAR VALIÐ ÚR OG ÉG VAR BARA HEPPIN AÐ VERA Í HÓPNUM. FRÉTTI EINMITT AF ÞVÍ DAGINN SEM ÉG ÚTSKRIFAÐIST ÚR GRUNNSKÓLA.**

**Hvernig leið þér í ræðustól þingsins?** Mjög vel. Reyndar var ég svolítið stressuð því þetta var náttúrlega í beinni. En það var góð tilfinning að vera að gera eitthvað sem virkilega skiptir máli og þetta var mikil upplifun.

**Hvernig kom það til að þú tókst þátt?** Við sem höfðum áhuga skráðum okkur á netinu, svo var valið úr og ég var bara heppin að vera í hópnum. Frétti einmitt af því daginn sem ég útskrifaðist úr grunnskóla. Síðan var stofnaður fésbókarhópur og umræðuefnum skipt í þrjá flokka. Ég fékk umhverfismálin eins og ég valdi og það var auðvelt að búa til ræðu um þau.

**Gerðir þú það hjálparlaust?** Já, en ég fékk mömmu til að fara yfir og laga villur.

**Hversu miklar áhyggjur hefurðu af náttúrunni á skalanum eitt til tíu?** Þetta er eitthvað sem ég hugsa mikið um svo ég held það sé góð nía.

**Í ræðunni minntist þú á nýjar hugmyndir sem þið ungmennin hefðuð sett á blað. Lýstu einhverri.** Eina köllum við græna hringinn. Hún snýst um að setja upp litlar ruslatunnur á annan hvern staur og í mismunandi litum til að auðvelda fólki að flokka.

**Langar þig að verða þingmaður?** Mig langar að gera margt í framtíðinni og að vera þingmaður er eitt af því. Ég er nýbúin að komast inn í FG á leiklistarbraut, mig hefur langað í leiklist frá því ég var lítil. Svo hef ég áhuga á húsgagnasmíði.

**Hvað ertu að gera í sumar?** Ég þjóna á veitingastað sem heitir Bjargarsteinn mathús og vinn á ruslabílnum einu sinni í viku. Hvort tveggja skemmtilegt.

**Hvernig verðu frístundum?** Mér finnst rosa gaman að skrifa smásögur.

**Er gott að búa í Grundarfirði?** Já, mjög gott. Fallegur staður og voða næs fólk.

# PIER

# ÚTSALA
# 30-70%
## AF VÖLDUM VÖRUM
KORPUTORG OG SELFOSS

# RÝMINGARSALA
# Á SMÁRATORGI
# 50-70%
## AFSLÁTTUR*

A WORLD OF INSPIRATION
PIER
BRINGING IT HOME

**www.pier.is**

Gildir 20. júní - 26. júní. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

| SMÁRATORG | KORPUTORG | SELFOSS |
|---|---|---|
| LAU 10-18 | LAU 12-18 | LAU 10-18 |
| SUN 12-18 | SUN 12-18 | SUN 12-18 |
| VIRKIR DAGAR 11- 18:30 | VIRKIR DAGAR 11- 18:30 | VIRKIR DAGAR 11- 18:30 |

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

| Staður | Hiti °C | Vindur m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 | 5 ↘ |
| Ísafjörður | 8 | 7 → |
| Akureyri | 10 | 3 ↙ |
| Egilsstaðir | 11 | 5 ↘ |
| Kirkjubæjarkl | 13 | 3 ↖ |
| Hveravellir | 5 | 4 ↓ |

Hæg norðlæg eða breytileg átt. Skúrir í flestum landshlutum, en úrkomulítið vestan til. Bjart að mestu sunnan- og vestanlands og þurrt að kalla. Hiti 7 til 17 stig, hlýjast á Suðurlandi.


LHG.IS

Tillaga að deiliskipulagi:

## Öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli

Utanríkisráðuneytið hefur falið Landhelgisgæslu Íslands að vinna deiliskipulag fyrir öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli. Landhelgisgæsla Íslands auglýsir hér með í samræmi við 1. mgr. 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Deiliskipulagssvæðið er um 760 ha að stærð og afmarkast samkvæmt auglýsingu nr. 720/2015 um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða. Svæðið liggur að landsvæðum sem eru innan sveitarfélagamarka Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar. Mörk meginsvæðis til austurs og að hluta til suðurs eru að landi innan Reykjanesbæjar, til norðurs að svæði Isavia (svæði A) á Keflavíkurflugvelli og til vesturs og suðurs að landi innan Suðurnesjabæjar.

Deiliskipulagstillagan fjallar m.a. um afmörkun nýrra svæða fyrir starfsemi innan svæðisins s.s. svæði fyrir skammtíma gistiaðstöðu, efnisvinnslusvæði, gistisvæði, geymslusvæði og aðra landnotkun og starfsemi.

Deiliskipulagstillagan verður aðgengileg á samráðsgátt stjórnvalda (**samradsgatt.is**), heimasíðu utanríkisráðuneytisins og heimasíðu Landhelgisgæslu Íslands frá og með 24. júní 2019.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefst kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Skila skal skriflegum athugasemdum til: Landhelgisgæslu Íslands, b.t. Sveinn Valdimarsson, skipulagsfulltrúa, Þjóðbraut 1, 235 Keflavíkurflugvöllur eða í tölvupósti á **skipulagsfulltrui@lhg.is**. Frestur til að gera athugasemdir rennur út 20. ágúst 2019.

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
ICELANDIC COAST GUARD


### Reykjavík



| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Hiti °C | 11 | 13 | 12 | 12 | 12 |
| Vindur | 4 ↗ | 2 ↗ | 5 ↗ | 4 ↗ | 3 ↘ |

### Ísafjörður



| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Hiti °C | 9 | 10 | 10 | 11 | 9 |
| Vindur | 10 ↗ | 5 ↗ | 5 ↗ | 5 ↗ | 4 ↓ |

### Akureyri



| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Hiti °C | 13 | 14 | 12 | 14 | 14 |
| Vindur | 5 → | 3 ↗ | 4 ↗ | 3 ↗ | 3 ↘ |

### Egilsstaðir



| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Hiti °C | 17 | 15 | 14 | 17 | 13 |
| Vindur | 3 ↘ | 2 ↗ | 3 → | 3 ↘ | 4 ↙ |

### Kirkjubæjarklaustur



| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Hiti °C | 14 | 16 | 17 | 18 | 19 |
| Vindur | 1 ↖ | 2 ↑ | 5 → | 5 ↘ | 5 ↘ |

### Hveravellir



| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Hiti °C | 10 | 10 | 10 | 13 | 12 |
| Vindur | 5 ↗ | 6 ↑ | 6 ↑ | 5 ↗ | 3 ↗ |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SÖGUR AF PLÖTUM

## – með Bubba Morthens

Sögur af plötum er nýtt hlaðvarp með Bubba Morthens á frettabladid.is. Hægt er að hlusta á fyrsta þáttinn, Ísbjörninn og Bítlarnir, á frettabladid.is/hladvarp. Sögur af plötum er unnið í samstarfi við Hagkaup.

Í fyrsta þætti rekur Bubbi söguna af því hvernig hann leiddist út í tónlist og lýsir aðdraganda plötunnar ásamt gesti sínum, gítarleikaranum Sigurgeiri Sigmundssyni.




## HLAÐVARPIÐ

**á frettabladid.is**

*– hlustaðu þegar þér hentar*

Sögur af plötum er unnið í samstarfi við:

**HAGKAUP** *Meira svona alla daga*

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

FRETTABLADID.IS

## Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

### 22. JÚNÍ 2019



Danshópur barna á Hellissandi ásamt Jordine Cornish, danshöfundi og stjórnanda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

#### Hátíðir

**Hvað?** Götulistahátíð
**Hvenær?** Stendur laugardag og sunnudag
**Hvar?** Hellissandur, Snæfellsbæ

**Hvað?** Þjórshátíð
**Hvenær?** 14.00-22.00
**Hvar?** Flatholt við mynni Þjórsárdals
Tónlistarhátíð haldin gegn fyrirhugaðri Hvammsvirkjun í samvinnu við Stelpur rokka! Fram koma: Teitur Magnússon og Æðisgengið, GDRN, Gróa, Una Schram, Jóhanna Elísa, Hellidemba, Beebee and the Bluebirds, Sigrún, Andy Svarthol, Gunnar Jónsson Collider. Ávörp: Steinunn Gunnlaugsdóttir og Hjalti Hrafn Hafþórsson. Göngur, varningssala. Allir velkomnir.

**Hvað?** Sumarhátíð Brynju Péturs
**Hvenær?** 14.00-15.30
**Hvar?** Ingólfstorg
Hópur street-dansara á aldrinum 11 til 34 ára verður með fjölbreytta sýningu, hip hop, Dancehall, popping, waacking, top rock og fleira. Danspartí á eftir.

#### Hreyfing

**Hvað?** Sumarsólstöðu-jóga
**Hvenær?** 13.00-15.00
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs
Kennarar frá Jógahjartanu stýra jóga fyrir unga sem aldna á útisvæði Menningarhúsanna ef veður leyfir, annars inni. Mælt er með að fólk komi með dýnur og teppi. Ókeypis aðgangur.

#### Myndlist

**Hvað?** Nr 3 Umhverfing – opnun
**Hvenær?** 12.00-14.00
**Hvar?** Félagsheimilið Breiðablik, Eyja- og Miklaholtshreppi
Hressing, myndlist, tónlist, kynning á sýningu sem 70 listamenn eiga verk á um allt Snæfellsnes. Þar á meðal eru tveir með nafninu Ragnar Kjartansson. Þeir og þrjár konur í fjölskyldu þeirra eiga verk í kirkjunni á Hellnum og víðar.

#### Tónlist

**Hvað?** Upphafstónleikar Alþjóðlegs orgelsumars
**Hvenær?** 12.00-12.30
**Hvar?** Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti
Björn Steinar Sólbergsson, organisti kirkjunnar, flytur verk eftir Johann Sebastian Bach og Alexandre Guilmant. Miðaverð 2.500 kr.

**Hvað?** Sumarjazz utandyra
**Hvenær?** 15.00-17.00
**Hvar?** Jómfrúin, Lækjargötu 4, Rvk
Fegðinin Erla og Stefán S. Stefánsson flytja tónlist föðurins – nýja og eldri. Standardar gætu flotið með ef vel viðrar. Erla syngur og Stefán er á saxófón, Vignir Þór Stefánsson á píanó, Gunnar Hrafnsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Fiðrildi og fiðurfé – Reykjavík Midsummer Music
**Hvenær?** 20.00-22.30
**Hvar?** Norðurljós, Hörpu
Listafólk sem fram kemur: Anahit Kurtikyan fiðla, Ilya Gringolts fiðla, Yura Lee víóla, Jakob Koranyi selló, Jacek Karwan bassi, Mark Simpson klarínett, Leonard Elschenbroich selló, Emilía Rós Sigfúsdóttir flauta, Katia Labèque píanó, Marielle Labèque píanó, Steef van Oosterhout slagverk og Víkingur Heiðar Ólafsson píanó. Höfundar og verk: K. Saariaho: Sept Papillons, B. Sørensen: Rosenbad: Papillons, M. Ravel: Gæsamömmusvíta, C. Saint-Saëns: Karnival dýranna.

**Hvað?** Verk og Spuni – Reykjavík Midsummer Music
**Hvenær?** 23.15
